**ANNA JÓNA DUNGAL**

*Argentína er afar spennandi áfangastaður*

ferðir bílar heimili börn

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS






**TÆKNI OG AFÞREYING**

*Heilabrot, þrautir og hraðir leikir*

Sérblað um tækni og afþreyingu

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**






**MUGISON**

*Fékk fjórar milljónir króna í styrk*

Fyrsta úthlutun úr Kraumi fór fram í gær

**FÓLK 25**





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. apríl 2008 — 89. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

### Blóðbað á klippiborðinu



Margir fremstu grínleikarar þjóðarinnar lágu í valnum þegar Stóra planið var klippt.

**FÓLK 24**

### Stjörnur í vatnsviku



Bjarni Ármannsson kemur, ásamt fleirum, fram í auglýsingaherferð Unicef vegna vatnsviku.

**FÓLK 30**

### Ólíðandi ástand

Við ástandið í miðborginni verður ekki unað, skrifar Bolli Thoroddsen. Sátt verður að ná milli borgarbúa, verktaka og verslunarmanna um næstu skref.

**UMRÆÐAN 16**



### 2-0 fyrir Keflavík

Keflavík hefur nú aðra hendi á Íslandsbikarnum í körfubolta kvenna eftir sigur á KR vestur í bæ.

**ÍÞRÓTTIR 26**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HVESSIR SÍÐDEGIS** Í dag verður vaxandi austanátt, hvassviðri eða stormur síðdegis allra syðst annars 5-13 m/s. Fer að rigna sunnan til síðdegis eða í kvöld. Hiti 0-5 stig, mildast suðvestanlands.

**VEÐUR 4**


**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





# Árangur öryggis- og löggæslu í hættu

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu segir þann árangur sem náðst hefur í öryggis- og löggæslu í landinu í hættu ef ekki komi til auknar fjárveitingar. Ýmsar ógnir steðji að. Hlusta beri á orð öflugra lögreglustjóra í þessum efnum.**

**LÖGGÆSLA** Fjárveitingavaldið þarf að íhuga gaumgæfilega að auka fjárveitingar til öryggismála í landinu, löggæslu, landhelgisgæslu og tollaeftirlits, til jafns við það sem orðið hefur í heilbrigðis- og menntamálum á undanförnum árum. Að öðrum kosti er sá árangur sem náðst hefur í öryggis- og löggæslu í hættu.

Þetta segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, og telur að pólitísk umræða þurfi að fara fram um málið.

Lögreglustjóri útskýrir að í langtímaáætlun hafi verið gert ráð fyrir um það bil tveggja prósenta aukningu á ríkisútgjöldum á milli ára á flestum sviðum. Í heilbrigðis- og menntamálum hafi fjárveitingar hins vegar aukist um þrjú til fjögur prósent og jafnvel enn meira þegar heildarfjárveitingar hafi verið skoðaðar.

Stefán bendir á að dómsmálaráðherra hafi beitt sér fyrir ýmsum þáttum til eflingar öryggis- og löggæslu, svo sem með skipulagsbreytingum, eflingu sérsveitar Ríkislögreglustjóra, fjölgun lögreglumanna í fíkniefnadeild og fleira mætti telja.

„Við búum í góðu samfélagi,“ segir lögreglustjóri. „En að okkur steðja ýmsar ógnir. Alþjóðavæðingin teygir anga sína inn á öll svið, þar á meðal glæpastarfsemina. Ef ekki verða gerðar viðeigandi ráðstafanir strax þá getum við lent í aðstöðu sem verður býsna erfitt að vinda ofan af. Ég tel því að menn þurfi að hlusta á varnaðarorð mín, Jóhanns R. Benediktssonar, lögreglustjóra á Suðurnesjum, og annarra öflugra lögreglustjóra í þessu landi.“

Stefán bendir á skoðanakönnun sem gerð var meðal borgarbúa í fyrra. Þar kemur fram að um 90 prósent íbúa töldu sig örugga í sínu hverfi eftir að skyggja tæki á kvöldin.

„Ef ekki verður við brugðist með auknum fjárveitingum til öryggis- og löggæslu þá munum við einfaldlega glata þeim árangri sem við höfum náð hvað varðar öryggi og öryggistilfinningu.“ **jss@frettabladid.is**



**ALLT STOPP** Ármann Kr. Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, þurfti að sýna þolinmæði eins og aðrir vegfarendur sem komust hvorki lönd né strönd í umferðinni í gær vegna mótmæla. Sendibílstjórar, félagar í Ferðaklúbbnum 4x4 og aðrir óku að Austurvelli í gær til að mótmæla háum álögum ríkis og olíufélaga á eldsneyti. Sjá nánar á síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Magnús Pétursson lét formlega af störfum sem forstjóri Landspítalans í gær:

# Stefnan í heilbrigðiskerfinu er óljós

**HEILBRIGÐISMÁL** Magnús Pétursson, fyrrverandi forstjóri Landspítalans, fer yfir samskipti sín við Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra í viðtali við Fréttablaðið í dag. Hann segir margt gott hafa verið unnið í tíð fyrri heilbrigðisráðherra en nú sé stefna stjórnvalda í heilbrigðismálum nokkuð óljós. Menn vilji einkarekstur en ekki hafi verið farið nægilega vel í gegnum ástæður fyrir því. „Yfir hverju erum við montin í þessu landi, það er meðal annars menntunin og heilbrigðisþjónustan. Af hverju ættum við að breyta þessu í eitthvað sem við erum ekki klár á hvað er?“ segir hann.

Magnús bendir á að stofnanir eins og OECD gefi íslenska heilbrigðiskerfinu ágætiseinkunn og hann telji að áframhaldandi einkavæðing geti í sumum tilfellum ekki verið til annars en að rífa gott starf í sundur.

**- kdk/** **sjá síðu 14**



**KARL WERNERSSON** Stjórnarformaður Milestone segir sænsku kauphöllina henta betur en þá íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Milestone flytur eigur úr landi:

# Invik skráð í Stokkhólmi

**VIÐSKIPTI** Fjármálaþjónustufyrirtækið Milestone ætlar að skrá sænska fjármálafyrirtækið Invik í OMX Nordic Exchange-kauphöllina í Svíþjóð innan tveggja ára.

Íslensk fyrirtæki í eigu Milestone, svo sem Sjóvá, Askar Capital og Lyf og heilsa, verða dótturfyrirtæki Invik. Núna er hins vegar unnið að því að selja Lyf og heilsu út úr samstæðu félagsins þar sem lyfjarekstur fer ekki saman við fjármálaþjónustu í skráðu félagi. Eigendur Milestone, ásamt fleiri fjárfestum, kaupa lyfjareksturinn. Í viðtali við Markaðinn í dag lýsir Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, breytingunum sem í gangi eru hjá félaginu. **- óká /** **Sjá Markaðinn**

Gruna bændur um sinubruna:

# Sumarhúsum hætta búin

**ELDSVOÐI Slökkvilið á Suðurlandi barðist í gærkvöldi við mikla sinuelda við Hrútafell undir Eyjafjöllum. Í gærkvöldi var talið að sumarhús gætu verið í hættu vegna eldsins, en fjórir slökkvibílar voru komnir á staðinn.**

**Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli var slökkvilið komið á staðinn á tíunda tímanum í gærkvöldi. Grunur leikur á að bóndi hafi kveikt í sinunni en slíkt er óheimilt án leyfis.**

**Fyrr um kvöldið hafði bóndi í Landeyjum kveikt í sinu í leyfisleysi, en eldurinn var á afmörkuðu svæði og var látin brenna út. - bj**


Einstaklingstilboð nr. 1

Pizzasneið, lítill pastaréttur og gosglas

890 kr.

sbarro



Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46

www.sbarro.is • sími 517 7750

ESEDRA



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

## SPURNING DAGSINS



*Ísólfur, gengur þú ekki á undan með góðu fordæmi?*

„Að sjálfsögðu. Ég á fjögur börn með sömu konunni sem þykir merkilegt nú til dags. Þannig að ég hef fórnað mér fyrir málstaðinn og hvet aðra til dáða.“

Fræðslunefnd Hrunamannahrepps hefur áhyggjur af mannfæð í hreppnum og skorar á fólk að geta fleiri börn. Ísólfur Gylfi Pálmason er formaður sveitarstjóri í Hrunamannahreppi.

Fréttablaðið og Skeljungur létu fjölda Íslendinga hlaupa apríl í gær:

# Aprílgabbi yfirleitt vel tekið

**FÓLK** Á annað hundrað manns lögðu leið sína á þjónustustöð Skeljungs á Bústaðavegi í gærmorgun eftir að Fréttablaðið sagði frá því á forsíðu að í tvær klukkustundir myndi fólk fá verulegan afslátt af eldsneyti. Flestir tóku því vel þegar þeir áttuðu sig á því að þeir höfðu hlaupið apríl, að sögn stöðvarstjóra. Fjöldi manna ætlaði að nýta sér þetta rausnarlega tilboð Skeljungsmanna en þurftu frá að hverfa, lítið eitt rjóðir í kinnum.

Eins og löng hefð er fyrir hljóp landinn apríl þvers og kruss og fjölmiðlar stóðu fyrir stórum hluta þessara gönuhlaupa, að venju.



**GABBAÐUR** Þessi viðskiptavinur var einn þeirra sem gáðu ekki að sér. Látbragð hans segir allt sem segja þarf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið sagði frá því á forsíðu að Skeljungur myndi lækka verð á eldsneyti verulega í tvær klukkustundir. Var afsláttarinn sem nemur olíugjaldi ríkisins, sem hljómaði ákaflega vel í eyrum neytenda eftir orrahríð síðustu vikna.

Jóhanna Berndsen stöðvarstjóri segir að fjöldi fólks hafi komið á Bústaðaveginn til að nýta sér afsláttinn. „Það komu örugglega á annað hundrað manns hingað í gærmorgun og fjöldinn allur hringdi til að fá upplýsingar. Aðrar stöðvar hjá okkur fengu líka viðskiptavini sem vildu nýta tilboðið. Einn hringdi utan af landi. Ég stoppaði manninn þegar hann ætlaði að leggja af stað í bæinn.“ - shá

Borgarstjórn um Sundabraut:

# Undirbúningi verði hraðað

**SAMGÖNGUR Borgarstjórn Reykjavíkur skorar á samgönguráðherra og formann samgöngunefndar Alþingis að beita sér fyrir því að hönnun Sundabrautar fari fram samhliða mati á umhverfisáhrifum til að flýta framkvæmdinni eins og hægt er.**

**Tillaga um þetta var samþykkt samhljóða á fundi borgarstjórnar í gærkvöldi. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs, segir að þetta geti flýtt verkinu um hálft ár. Hann segir fulla samstöðu í borgarstjórn um að Sundabraut verði í göngum. Ráðherra verði að beita sér fyrir því að ákvörðun verði tekin.** - bj

Ráðherra um olíuhreinsun:

# Rúmast ekki innan Kyoto

**UMHVERFISMÁL** Ljóst er að losun gróðurhúsalofttegunda frá olíuhreinsistöð á Vestfjörðum rúmast ekki innan losunarheimilda samkvæmt skuldbindingum Íslands til ársins 2012.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Þetta kemur fram í svari Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur, þingmanns Vinstri grænna.

Þar segir ennfremur að miðað við stöð af þeirri stærð sem reikna megi með verði losunin um 560 þúsund tonn á ári. Hlutfall losunar miðað við heildarlosun 1990 væri því 16,23 prósent. - bj

Verðhækkanir í landbúnaði:

# Dýrara fóður

**LANDBÚNAÐUR Verð á öllu fóðri frá Fóðurblöndunni hækkar um 12 til 21 prósent á morgun. Á heimasíðu fyrirtækisins er greint frá því að ástæðurnar séu miklar hækkanir á innflutti hráefni til fóðurgerðar og gengislækkun. Til að mynda hafi gengi evru hækkað um tæp fjörutíu prósent frá því í október í fyrra og kostnaðarverð á því hráefni sem þarf til fóðurgerðar hækkað um tíu til fimmtán prósent á sama tíma. Verð á fóðri hefði á sama tíma aðeins hækkað um þrettán prósent.**

**Fyrirtækið Lífland hefur einnig tilkynnt að vegna áframhaldandi verðhækkana á hráefnum og fyrirsjáanlegrar veikingar krónunnar þurfi að hækka verð á kjarnfóðri þaðan á næstunni.** - kdk

# Rannsókn á nauðgun tók tæplega þrjú ár

**Ríkissaksóknari hefur sett lögreglu tímamörk á rannsókn nauðgunarmála. Rannsókn slíkra mála skal að óbreyttu ekki taka lengri tíma en sextíu daga. Lengst hefur nauðgunarmál verið í rannsókn hjá lögreglu í 1.050 daga, styst í tíu daga.**

**DÓMSMÁL** Rannsókn á nauðgunarmáli tók lengst 1.050 daga á árabilinu 2002 til 2006. Stysti rannsóknartími á nauðgunarmáli á sama tímabili var tíu dagar, samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara.

Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari hefur gefið út fyrirmæli til lögreglustjóra um málsmeðferðartíma í nauðgunarmálum. Meðferðartíminn telst frá því að kæra er lögð fram, eða frá þeirri stundu að upplýst er hver kærður er, og þar til rannsókn lýkur og málið er sent til ríkissaksóknara. Rannsókn lögreglu á nauðgunarmáli skal ekki standa lengur en í sextíu daga, samkvæmt fyrirmælunum, nema að rannsóknarhagsmunir eða „... aðrar alveg sérstakar ástæður standi því í vegi“ að því er segir í bréfi ríkissaksóknara til lögreglustjóranna í landinu. Sjálfur skal ríkissaksóknari taka ákvörðun um saksókn innan þrjátíu daga frá því að mál berst embættinu.



VALTÝR SIGURÐSSON

Kannanir starfshóps ríkissaksóknara á meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákæruvaldi hafa sýnt að meðaltími rannsókna á nauðgunarmálum hefur lengst jafnt og þétt, úr 96 dögum árið 1998 í 167 daga árið 2001. Meðaltíminn var enn lengri á árabilinu 2002 til 2006, því hann náði 210 dögum á síðastnefnda árinu.

Niðurstaða starfshópsins var sú að rannsókn mála taki yfirleitt of langan tíma.

„Ástæða þessa virðist oftast sú að óútskýrð hlé verða á rannsókn,“ segir í skýrslu hópsins. „Í nokkrum málum hefur málsmeðferð tafist við það að beðið hefur verið eftir bótakröfum þótt mál teljist fullrannsakað... Þá líður oft langur tími frá beiðni þar til dómskýrsla er tekin. Almennt virtust sjö til tíu dagar líða frá beiðni þar til skýrsla var tekin. Í einu máli liðu 28 dagar þar til skýrsla var tekin.“

Starfshópurinn lagði til að ríkissaksóknari gæfi fyrirmæli um hámarkstíma málsmeðferðar í nauðgunarmálum sem skyldi að jafnaði ekki vera lengri en 45 dagar hjá lögreglustjórum, en þrjátíu dagar hjá ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari óskaði í kjölfarið umsagnar lögreglustjóranna um þessa tillögu. Að þeim fengnum var talið raunhæft að setja markið við að ljúka rannsókn í þessum málaflokki á sextíu dögum. Reglur um þessi tímamörk taka gildi frá og með 1. júlí næstkomandi.

jss@frettabladid.is




**EMBÆTTI RÍKISSAKSÓKNARA** Embætti ríkissaksóknara hefur sett reglur um hámarkstíma málsmeðferðar nauðgunarmála. Rannsókn lögreglu á nauðgunarmáli skal ekki standa lengur en í 60 daga, að óbreyttu.

**RANNSÓKNARTÍMI NAUÐGUNARMÁLA**

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| Meðaltal dagafjöldi | 195 | 204 | 153 | 195 | 210 |
| Lengst | 450 | 690 | 300 | 1050 | 599 |
| Styst | 10 | 10 | 30 | 36 | 24 |

Heimild: Embætti ríkissaksóknara



**ÁNANAUST** Hér hefur sjór gengið ítrekað á land með tilheyrandi vandræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framkvæmdir við Ánanaust:

# Sjóvarnagarður byggður upp

**FRAMKVÆMDIR** Endurbætur á sjóvörnum við Ánanaust eru hafnar á vegum framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. Eins og þekkt er verða iðulega miklar skemmdir á sjóvarnagarðinum við Ánanaust þegar ágangur sjávar er sem mestur. Sérstaklega hefur skapast vandræðaástand á þessum stað í miklum óveðrum og háflóði.

Samhliða endurbótum á sjóvarnagarðinum liggur fyrir áætlun um allt að þriggja hektara landfyllingu við Ánanaust. Reykjavíkurborg fékk landslagsarkitekt til að móta útlínur sjóvarnagarðsins og landfyllingarinnar. Undirbúningur framkvæmda við landfyllinguna hefst fljótlega en efni í hana mun koma úr grunni nýs tónlistar- og ráðstefnuhúss. - shá

## LÖGREGLUMÁL

### Sofandi ók út á ísilagða á

Ökumaður fólksbíls slapp án meiðsla þegar hann sofnaði undir stýri og hafnaði úti á ísilagðri Seljadalsá í Reykjadal á fjórða tímanum í gær. Að sögn lögreglunnar á Húsavík brotnaði ísinn undan framhluta bílsins, og er ljóst að illa hefði getað farið.




Viðskipta- og efnahagsmál fá aukið vægi hjá miðlum 365:

# Björgvin og Björn Ingi ráðnir viðskiptaritstjórar Fréttablaðsins

**FRÉTTABLAÐIÐ** Björn Ingi Hrafnsson og Björgvin Guðmundsson hafa verið ráðnir viðskiptaritstjórar á Fréttablaðinu.

Þessi ákvörðun er liður í því að auka umfjöllun um viðskipti, efnahagsmál og atvinnulífið í Fréttablaðinu og Markaðnum. Viðskiptaritstjórar Fréttablaðsins munu, jafnframt því að ritstýra Markaðnum, hafa yfirumsjón með miðlun frétta um þessi efni, undir merkjum Markaðarins, á öðrum miðlum 365.

Björn Ingi Hrafnsson var borgarfulltrúi í Reykjavík og formaður borgarráðs. Hann gegndi störfum aðstoðarmanns utanríkisráðherra og aðstoðarmanns forsætisráðherra, en starfaði áður lengi á fjölmiðlum. Hann var meðal annars blaðamaður og þingfréttaritari Morgunblaðsins og blaðamaður á Eintaki og Morgunpóstinum. Hann hefur einnig unnið við dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi auk þess sem tvær bækur hafa komið út eftir hann.

Björgvin Guðmundsson er núverandi ritstjóri Markaðarins og var áður fréttastjóri á Fréttablaðinu og ritstjóri DV.



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON



BJÖRN INGI HRAFNSSON

# Alþjóðlegi barnabókadagurinn 2. apríl

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

IBBY Á ÍSLANDI

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

fyndnar risavaxnar lævísar vængjaðar sterkar æðislegar kjánalegar feitar lúmskar krúttlegar grimmar flottar illar heimskar brosmildar nískar skemmtilegar vondar heiðarlegar montnar fótfráar snjallar magnaðar mjúkar góðar furðulegar klókar litlar skelfilegar örlátar ljótar ósýnilegar hlægilegar mjóar fúlar vinalegar meiriháttar sætar prúðar skrýtnar vitlausar lygnar stórar ævintýralegar óþekkar klárar sköllóttar gráðugar loðnar minnugar asnalegar geðvondar fallegar

Allir krakkar vilja fá að kynnast þeim fjölmörgu frábæru sögupersónum sem leynast í bókum. Besta leiðin til þess er að lesa fullt af góðum barnabókum.

## Barnabóka-dagskrá í Kringlunni 2.-5. apríl







SÖGUBÍLLINN ÆRINGI verður við austurinngang á 2. hæð (Café París).

MYNDLISTAR-SÝNING á 2. hæð fyrir neðan Stjörnutorg. Sýndar verða myndir úr bókum verðlaunahafa Sögusteins 2008.



HUNDRAÐ BÓKA RATLEIKUR fyrir snjalla krakka. Þátttökublöð liggja frammi í verslunum Eymundsson og á Kringlusafni. 100 barnabækur í verðlaun fyrir 100 heppna þátttakendur.



BRIAN PILKINGTON TEIKNAR TRÖLL í Eymundsson, N-Kringlunni, laugardaginn 5. apríl, kl. 11-14.



ENNEMM / SÍA / NM32906

## GENGIÐ 1.4.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,97 | 77,33 |
| Sterlingspund | 152,38 | 153,12 |
| Evra | 120,34 | 121,02 |
| Dönsk króna | 16,137 | 16,231 |
| Norsk króna | 14,913 | 15,001 |
| Sænsk króna | 12,825 | 12,901 |
| Japanskt jen | 0,7651 | 0,7695 |
| SDR | 125,78 | 126,52 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
155,2227

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ökumenn mótmæltu álögum ríkis og olíufélaga á eldsneyti með hópakstri að Alþingi við Austurvöll í gær:

# Haldið áfram þar til eitthvað verður gert

**SAMGÖNGUR** Ökumenn á þriðja hundrað bíla þeyttu flautur til að leggja áherslu á kröfur um lækkun á álögum ríkis og olíufélaga á eldsneyti, þegar þeir óku að Alþingishúsinu seinnipartinn í gær.

„Við viljum að álögurnar á bíleigendur verði lækkaðar,“ segir Halldór Sveinsson, félagi í Ferðaklúbbnum 4x4, einn þeirra sem stóðu að mótmælunum.

Mótmælendur afhentu Sturlu Böðvarssyni, forseta Alþingis, jeppadekk með ámáluðu slagorði og bréf þar sem skorað er á stjórnvöld að bregðast við.

Halldór sagði mótmælin hafa gengið vonum framar. „Þetta eru fleiri hundruð bílar, örugglega nokkur þúsund manns.“

Halldór segir að nú verði beðið eftir svari stjórnvalda við áskorun mótmælenda. „Aðgerðir munu halda áfram í einhverri mynd þar til eitthvað verður gert, það eru allir komnir með gersamlega nóg.“

Fjölmennt lið lögreglu fylgdist með mótmælunum. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir að lögregla hafi verið látin vita og hafi getað skipulagt sig miðað við það. Mótmælin fóru friðsamlega fram, en unglingur kastaði eggi í Alþingishúsið og hljóp lögreglan hann uppi.

Sendibílstjórar lokuðu gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í skamma stund í gær og hægðu á umferð um stund í Ártúnsbrekkunni. - bj



**MÓTMÆLT** Talsverður fjöldi var saman kominn á Austurvelli í gær til að mótmæla, en lögregla takmarkaði fjölda bíla á svæðinu við rúmlega tug. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Breiðavíkurdrengirnir fái sanngjarnar bætur

**Ríkisstjórnin ætlar að tryggja þeim sem urðu fyrir varanlegu tjóni vegna vistunar í Breiðavík sanngjarnar bætur. Sama á við um önnur vistheimili. Breiðavíkurnefndin á að skoða málefni annarra vistheimila og -stofnana ríkisins.**

**ALÞINGI** Þeir sem urðu fyrir varanlegu tjóni vegna vistunar á heimilum eða stofnunum á vegum ríkisins, eða vanrækslu af hálfu ríkisins eða starfsmanna þess, fá bætur frá ríkinu. Viðari Má Matthíassyni lagaprófessor hefur verið að falið að smíða frumvarp þar um.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að reynt verði að hafa þær bætur sanngjarnar þó erfitt og vandmeðfarið sé að ákvarða fjárhæðir. Hann segir að þær verði að taka mið af því sem gerist í skaðabótamálum. Menn geti þó ekki gert sér vonir um háar fjárhæðir. „Þetta er miklu heldur opinber viðurkenning á ástandinu,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið.

Rætt var um skýrslu nefndar um Breiðavíkurheimilið á Alþingi á mánudag. Í umræðunum upplýsti Geir um þríþætt viðbrögð ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi að þolendur fái bætur, í öðru lagi að Breiðavíkurnefndinni verði falið að hefja könnun á öðrum vistheimilum og -stofnunum og í þriðja lagi að tryggt verði að ekkert líkt því sem átti sér stað á Breiðavíkurheimilinu gerist aftur.

Geir segir að með sérstakri lagasetningu eigi að auðvelda greiðslu bótanna og að ekki þurfi tímafrekar og kostnaðarsamar athuganir á hvort bótaskilyrði séu uppfyllt. Slíkt sé óþarft og ekki á neinn leggjandi. Vonast hann til að frumvarpið verði tilbúið fyrrihluta maímánaðar og býst við að það fái hraða afgreiðslu í þinginu.

Í þingumræðunum á mánudag var meðal annars kallað eftir afsökunarbeiðni af hálfu stjórnvalda til handa þolendum í Breiðavík. Geir segir að slíkt verði að skoðast þegar málinu öllu sé lokið. „En það má segja að þessi rannsókn og það sem á að gera sýni að núverandi valdhafar og sú kynslóð sem nú stjórnar vilji gera eins gott úr þessu og hægt er þó að menn beri ekki persónulega ábyrgð.“

Stefnt er að því að könnun nefndarinnar á öðrum heimilum verði lokið á þremur árum en að áfangaskýrslum verði skilað árlega. Hafa núverandi nefndarmenn lýst sig reiðubúna til að halda starfinu áfram.

bjorn@frettabladid.is



**BREIÐAVÍK** Viðari Má Matthíassyni lagaprófessor hefur verið falið að smíða frumvarp um bætur til þeirra sem urðu fyrir varanlegu tjóni vegna vistunar á Breiðavík eða öðrum heimilum eða stofnunum á vegum ríkisins.



**ÞJÓFURINN** Lögregla biður fólk sem þekkir manninn á myndinni að veita upplýsingar í síma 444 1100.

Lögregla leitar eftir aðstoð:

## Upptaka náðist af þjófunum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan leitar til almennings eftir upplýsingum vegna þjófnaðar úr skartgripaverslun.

Aðfaranótt fimmtudagsins 27. mars brutust tveir menn inn í skartgripaverslun í miðborginni. Upptaka náðist af þjófunum. Rannsóknin hefur enn ekki leitt til handtöku þeirra. Lögreglan leitar því til almennings eftir upplýsingum um annan þeirra, sem myndaður var á vettvangi. - jss

Vinna gegn verðhækkunum:

## Átak í verðkönnunum

**NEYTENDUR Stjórnvöld hafa gengið til samstarfs við ASÍ, Neytendasamtökin og Neytendastofu til að leita leiða til að vinna gegn verðhækkunum.**

**Samstarfið var rætt á fundi í gær. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði að ákveðið hafi verið að gera átak í verðkönnunum til að fylgjast með þróun á verði á neysluvöru, að því er fram kemur á visir.is.**

**Þar er haft eftir Grétari Þorsteinssyni, formanni ASÍ, að boðaðar verðhækkanir á matvöru upp á 20 til 30 prósent séu óásættanlegar.** - bj



**RÚSTIRNAR** Gasleki í kjallaranum veldur því að enn hefur ekki reynst unnt að leita þeirra sem saknað er. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Álasund í Noregi:

## Enn ekki leitað í rústunum

**NOREGUR Íbúarnir í nágrenni fjölbýlishússins sem hrundi nýlega í Álasundi hafa fengið að fara heim til sín aftur. Sumir hafa þó lýst því yfir að þeir þori ekki að vera heima, að sögn norska dagblaðsins Aftenposten, þar sem þeir telja ekki útséð um að meira hrynji úr klettabeltinu fyrir ofan húsin.**

**Ástandið er stöðugt á hamfarasvæðinu og telja jarðfræðingar að lítil hætta sé á frekara hruni. Ekki hefur tekist að tæma gastankinn í kjallara fjölbýlishússins og er enn hætta á gassprengingu. Þar af leiðandi hefur ekki enn verið hægt að leita í rústunum að þeim sem saknað er.** - ghs

PÓLLAND

## ESB-sáttmáli staðfestur

Pólska þingið samþykkti í gær lög sem heimila forseta lýðveldisins að fullgilda hinn uppfærða stofnsáttmála Evrópusambandsins, sem kenndur er við Lissabon. Með atkvæðagreiðslunni var endir bundinn á margra vikna togstreitu milli stjórnar og þjóðernissinna í stjórnarandstöðu um skilyrði fyrir staðfestingunni.


VÍKKAÐU DEILDARHRINGINN!

Nemendur Háskólans í Reykjavík geta farið í skiptinám til u.þ.b. 300 háskóla um allan heim.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0608


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**STORMUR Á STÓRHÖFÐA**
Síðdegis fer vindur almennt vaxandi á landinu og seint í dag eða í kvöld má búast við stormi á Stórhöfða og úti við suðurströndina. Samfara vindinum sækir úrkomuloft inn á landið, fyrst sunnan til og þá með rigningu. Hins vegar má búast við stöku éljum norðaustan til í dag.



**Á MORGUN**
8-15 m/s á norðurhluta landsins annars 3-8

**FÖSTUDAGUR**
8-15 m/s austan til annars 5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Billund | 10° |
| Ósló | 6° |
| Stokkhólmur | 10° |
| Gautaborg | 8° |
| London | 16° |
| París | 14° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Berlín | 10° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 20° |
| Basel | 12° |
| Eindhoven | 11° |
| Las Palmas | 26° |
| New York | 12° |
| Orlando | 29° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Við höfum trú á framtíðinni
Það þarf ekki kraftaverk
Við breytum 5.000 kr. í 7.000 kr.
Fátt er mikilvægara en að tryggja æsku landsins örugga og bjarta framtíð. Ef þú gefur fermingarbarni 5.000 kr. gjafabréf í Framtíðarsjóð bætir Sparisjóðurinn 2.000 kr. við gjöfina. Við höfum trú á framtíðinni.
Líttu við á spar.is og kynntu þér kosti Framtíðarsjóðsins
Há raunávöxtun
Verðtryggður reikningur
Hægt að semja um reglubundinn sparnað
Hægt að leggja inn hvenær sem er
SPARISJÓÐURINN
spar.is

**KJÖRKASSINN**



*Ertu hlynnt(ur) byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri?*

| | |
|---|---|
| Já | 75% |
| Nei | 25% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hljópstu 1. apríl?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Samgönguráðherra segir títt mat á umhverfisáhrifum hafa tafið Sundabraut:

# Þarf að finna 27 milljarða

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka ítrekuðu mikilvægi Sundabrautar í umræðum á Alþingi í gær.

Birkir Jón Jónsson Framsóknarflokki sagði mikilvægt að ráðast sem fyrst í lagningu Sundabrautar og taldi að víðtæk samstaða væri að nást um svokallaða ytri leið, það er, jarðgöng.

Átaldi hann seinagang málsins enda hefði Sundabraut verið á skipulagi Reykjavíkurborgar um áraraðir og mikilvægi hennar ótvírætt fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins jafnt sem landsbyggðarinnar.

Kristján L. Möller samgönguráðherra sagði undirbúningi Sundabrautar miða vel; mat á umhverfisáhrifum jarðgangaleiðar væri að hefjast. Benti hann á að það yrði í fjórða eða fimmta sinn sem umhverfismat væri gert en jafnoft hafi hugmyndir um nýja legu brautarinnar komið upp.

Kristján kvaðst vonast til að hægt yrði að bjóða framkvæmdir út á næsta ári en eftir væri að ákvarða fjárframlög til hennar. Þegar væri samþykkt að verja átta milljörðum af Símapeningunum til verksins en kostnaðaráætlun hljóðar upp á 35 milljarða. Mismunurinn er 27 milljarðar. **- bþs**



BIRKIR JÓN JÓNSSON



KRISTJÁN MÖLLER

Ókeypis líkamsræktarkort:

# Lögreglumenn fá frítt í ræktina

**KJARAMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og líkamsræktarstöðvar World Class hafa gert með sér samning um að allir starfsmenn lögregluembættisins fái frítt í líkamsrækt.**

**Lögreglumenn geta því haldið sér í formi án endurgjalds. Sá böggull fylgir þó skammrifi að ef starfsmaður mætir ekki minnst einu sinni í viku missir hann fríðindin. Þá þarf hann að greiða sjálfur fyrir líkamsræktina.**

**Samningurinn er tilraunaverkefni, en lögregluembættið hvetur starfsmenn til að hugsa um heilsuna og eigin vellíðan. - sgj**






**FRÁ VETTVANGI** Lögregla með sporhunda á vettvangi ránsins í Glostrup í gær. LJÓSMYND/NYHEDSAVISEN

# Bíræfið rán á Sjálandi

**Grímuklæddir ræningjar komust á brott með andvirði hátt í 500 milljónir króna úr dönsku peningaflutningafyrirtæki í fyrrinótt. Vísbendingar eru um sænsk tengsl.**

**DANMÖRK** Í þaulskipulögðu ráni höfðu í fyrrinótt grímuklæddir og þungvopnaðir ræningjar á brott með sér andvirði um 480 milljóna króna úr peningaflutningafyrirtæki í Glostrup á Sjálandi.

Ræningjarnir brutust inn í fyrirtækið með því að aka vörubíl í gegnum vegg. Þeir voru vopnaðir vélbyssum, mæltu ekki orð af vörum og höfðu hröð handtök við að koma peningakössum í flóttabíla sína. Þeir torvelduðu lögreglu eftirför með því að strá nöglum á götuna og skilja eftir kassa með einhverju sem leit út fyrir að vera sprengja. Við rannsókn kom í ljós að í kassanum var sprengiefni en það var gert óskaðlegt af sprengjusérfræðingum hersins.

Miðstöð peningaflutningafyrirtækisins Loomis er rétt hjá lestarstöðinni í Glostrup og hin meinta sprengjuhætta olli því að loka þurfti stöðinni um hríð af öryggisástæðum. Þetta stöðvaði morgunumferð grenndarlestanna í Kaupmannahöfn.

Að því er lögregla greindi frá varð ræningjunum það reyndar á að missa nokkra peningakassa í götuna út um opinn afturhlera á einhverjum flóttabílanna þriggja.

Að sögn vitna voru bílar ræningjanna stórir, dökkir fólksbílar með sænsk eða þýsk skráningarnúmer. Talsmaður dönsku lögreglunnar segir að fleiri vísbendingar séu um að ræningjarnir tengist Svíþjóð en nokkur nýleg rán þar í landi hafa verið framin með mjög svipuðum aðferðum.

Fljótlega eftir ránið voru tveir menn í bíl sem ók hratt eftir hraðbrautinni suður af Glostrup handteknir. Þeir reyndust hins vegar ekki tengjast ráninu.

„Við höfum enga grunaða, engir hafa verið handteknir. En við höfum margar vísbendingar sem við erum að safna saman," hefur fréttavefur Politiken eftir Bent Isager-Nielsen hjá Kaupmannahafnarlögreglunni.

Engan sakaði í ráninu.

Síðdegis fundust tveir flóttabílanna, annar á hvolfi við á nærri Hvidovre, hinn við höfnina í Ishöj. Í honum fundust leifar af sprengiefni, að sögn Avisen.dk.

**audunn@frettabladid.is**

Engin skólagjöld og allir velkomnir!

[ Stjórnmálaskóli Samfylkingarinnar Hafnarfirði 4.- 5. apríl 2008 ]

Föstudagurinn 4. apríl 2008 // milli klukkan 19 og 22

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir setur skólann // Guðmundur Steingrímsson – Jafnaðarstefnan: Íslendingar eru jafnaðarmenn // Lúðvík Geirsson – Jafnaðarundrið Hafnarfjörður // Heiða Björg Pálmadóttir – Þetta er allt saman pólitík: Mitt eða þitt lýðræði? // Flosi Eiríksson – Hvað sem er fyrir málstaðinn: Félagsstarf og fundarsköp

Laugardagurinn 5. apríl 2008 // milli klukkan 12 og 16:30

Oddný Sturludóttir – Greinargerð um greinargóð greinaskrif // Ágúst Ólafur – Efnahagsumræðan: Hvað þýða hugtökin og hver er staðan? // Amal Tamimi – Þátttaka innflytjenda í íslenskum stjórnmálum og samfélagi // Árni Páll – Evrópusambandið: Og hvað nú? // Helga Vala - Verkfærataskan: Ræðumennska og fjölmiðlar // Lokahóf stjórnmálaskólans á Aroma kaffi í Firðinum

Skráning í stjórnmálaskólann
- sími 414-2210, 664-6633
- netfangið uj@samfylking.is
Skráningu lýkur fimmtudaginn
**3. apríl 2008**

Nánari upplýsingar á
www.politik.is

Ungir jafnaðarmenn - Hallveigarstíg 1 - 101 Reykjavík

Skólinn verður haldinn í húsnæði Samfylkingarinnar í Hafnarfirði að Strandgötu 43

Ákvörðun ríkissaksóknara um dóm manna sem réðust á lögreglumenn:

# Dómi yfir tveimur árásarmönnum áfrýjað til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákveðið að áfrýja sýknudómi Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar á hendur tveimur mönnum, Algis Rucinskas og Sarunas Urniezius, vegna brota gegn valdstjórninni. Mennirnir voru sakaðir um að hafa ráðist á lögreglumenn fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt föstudagsins 11. janúar.

Með ákæru útgefinni 5. febrúar 2008 höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur þremur mönnum fyrir brot gegn valdstjórninni með því að ráðast á lögreglumennina þar sem þeir voru við skyldustörf í miðborginni. Lögreglumennirnir slösuðust, einn þó sýnu mest. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði alla mennina af broti gegn valdstjórninni en sakfelldi einn þeirra, Algis Rucinskas, fyrir líkamsárás. Hann var dæmdur í 60 daga fangelsi.
Ríkissaksóknari mun una sýknudómi yfir þriðja manninum sem ákærður var í málinu.

„Eftir að hafa farið yfir dóm héraðsdóms og upptökur af framburði vitna fyrir dómi telur ríkissaksóknari að við meðferð málsins fyrir héraðsdómi hafi verið færðar sönnur á það að ákærðu, Algis og Sarunas, hafi í umrætt sinn gerst sekir um þá háttsemi sem þeir voru ákærðir fyrir," segir í niðurstöðu ríkissaksóknara.



**MONTE CARLO** Í nágrenni staðarins var ráðist á lögreglumennina.

# Ókeypis áfylling á bílinn alla daga

## Þetta er ekki aprílgabb!

Orkuveitan opnaði í gær „orkupósta“ í samvinnu við Reykjavíkurborg þar sem boðið er upp á ókeypis rafhleðslu og frí bílastæði fyrir eigendur rafmagnsbíla. Orkupóstarnir eru staðsettir á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í **Bankastræti**, við **Kringluna** og **Smáralind**.

Með því að bjóða ókeypis rafhleðslu og frí stæði vilja Orkuveitan og Reykjavíkurborg hvetja almenning til að velja vistvænni bíla og leggja þannig sitt af mörkum til hreinna umhverfis og meiri lífsgæða.

Með grænum skrefum Reykjavíkurborgar eru ökumenn visthæfra bifreiða verðlaunaðir með ókeypis stæðum í miðborginni í 90 mínútur í senn.

Orkuveitan er leiðandi fyrirtæki í umhverfisvernd og hefur sett sér það markmið að vistvænni bílar verði um 55% af bílaflota hennar í árslok 2013.

Njótið vel!

Orkuveita Reykjavíkur

Græn skref í Reykjavík
P
Visthæfur bíll




Ókeypis hleðsla: Bankastræti • Kringlan • Smáralind

or.is • reykjavik.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 40296 04/08

Íbúðalánasjóður ákveður að fresta útboði íbúðabréfa til annars ársfjórðungs:

# Sjóðurinn á nægt fé til útlána

**FASTEIGNIR** Íbúðalánasjóður hefur ákveðið að fresta útboði íbúðabréfa á fyrsta ársfjórðungi og mun hluti áætlaðrar útgáfu íbúðabréfa verða færður til annars ársfjórðungs 2008. Samkvæmt áætlunum sjóðsins átti að gefa út íbúðalánabréf fyrir allt að þrettán milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi. Þess gerist ekki þörf þar sem nægt fé er í sjóðnum til að mæta eftirspurn til skamms tíma.

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, segir ástæðu þess að útboðinu var frestað einfaldlega að útlán sjóðsins hafa verið minni á fyrsta ársfjórðungi en áætlanir gerðu ráð fyrir. „Fjárhagsstaða sjóðsins var sterk um áramót og það hefur ekkert kallað á að við þyrftum að sækja okkur fjármuni.“

Guðmundur játar því að frestun útboðsins sé nokkuð lýsandi fyrir stöðu fasteignamarkaðarins. „Já, hún er það kannski en þetta hefur verið nokkuð líflegt hjá okkur. Ég býst við að þeir sem eru að gera eitthvað séu hérna hjá okkur því lítið er að hafa hjá bönkunum. Það litla lánsfé sem er sótt til fasteignakaupa er sótt til okkar.“

Eins og kom fram í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær hefur velta á fasteignamarkaði verið 25 milljörðum minni á fyrstu þremur mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra. - shá



**FRÁ EGILSTÖÐUM** Íbúðalánasjóður þarf ekki að sækja sér rekstarfé með útgáfu íbúðabréfa. Nægt fé er til skiptanna vegna minni útlána.

# Kastaðist áttatíu metra eftir að hann ók út af

**Ökumaður sem lést í umferðarslysi í fyrra er talinn hafa verið á allt að 200 kílómetra hraða. Í skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa kemur fram að ökumaðurinn kastaðist tugi metra eftir útafakstur. Hvatt til opinnar umræðu.**

**UMFERÐARMÁL** Ökumaður sem lést í umferðarslysi á Laugarvatnsvegi í ágúst í fyrra er talinn hafa ekið ölvaður á 180 til 200 kílómetra hraða á klukkustund þegar slysið varð. Kemur þetta fram í nýrri skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa (RNU).

Var ökumaðurinn, ungur karlmaður, að reyna að stinga af frá lögreglu sem hafði hætt eftirför vegna mikils hraða. Að mati RNU má rekja orsakir slyssins til ölvunar- og ofsaaksturs en bifreið mannsins var afar öflugur þýskur fólksbíll. Voru kraftar þeir sem verkuðu á bílinn slíkir að toppur hans rifnaði af og kastaðist upp í háspennulínu sem liggur skammt frá veginum. Þá rifnuðu hurðir af bílnum.



ÁGÚST MOGENSEN

Segir í skýrslunni að um 70 metra löng skriðför hafi verið á veginum þar sem bíllinn fór út af og að utan vegar, þar sem bifreiðin hafi farið í loftköstum og veltum meðfram veginum, hafi för eftir hana verið á alls 215 metrum. Þá hafi ökumaðurinn, sem ekki var í bílbelti, kastast út úr bílnum, að minnsta kosti 80 metra og hafnað 23 metrum frá staðnum þar sem bíllinn staðnæmdist.

„Þetta er því miður ekki einsdæmi,“ segir Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa. „Ég man reyndar ekki eftir bíl á 200 kílómetra hraða áður en þetta eru svipaðar aðstæður.“ Ágúst segist vilja opna umræðu um þessi mál. Ölvaðir ökumenn, stundum í andlegu ójafnvægi eftir rifrildi eða deilur, séu hættulegir öðrum ökumönnum og það sé ekki þeirra einkamál. Oft tilkynni aðstandendur um ökumenn þegar svona er. „Þetta tengist oft skemmtanahaldi, sumarbústaðaferðum og stóru ferðahelgunum.“




**SKILTI Á SANDSKEIÐI** Fjórir hafa látið lífið í umferðarslysum það sem af er árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einar Magnús Magnússon hjá Umferðarstofu hvetur einnig til opinskárrar og vandaðrar umræðu. „Umræðan getur orðið til þess að koma í veg fyrir að aðrir taki upp á svona áhættuhegðun.“

Umferðarstofa hefur á undanförnum árum haft í frammi margs konar áróður um alvarleika þess að aka undir áhrifum vímuefna. Segir Einar að því miður nái slíkur áróður ekki til ákveðins hóps. „Sá hópur er lítill en í stórkostlega mikilli hættu.“ Segir hann fulltrúa þessa hóps vera stórt hlutfall þeirra sem slasast, láta lífið eða valda öðrum slysum. „Án þess að ég sé að tjá mig um þetta tiltekna dæmi þá sjáum við því miður oft og tíðum alveg hörmuleg slys sem túlka má sem tilræði við samborgara okkar.“

> Umræðan getur orðið til þess að koma í veg fyrir að aðrir taki upp á svona áhættuhegðun.
>
> EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON
> VERKEFNASTJÓRI HJÁ UMFERÐARSTOFU

olav@frettabladid.is

Eigendur rafbíla geta hlaðið bíla án endurgjalds á þremur stöðum í Reykjavík:

# Orkupóstar teknir í notkun

**UMHVERFISMÁL** Rafbílaeigendur geta hlaðið bíla sína endurgjaldslaust á orkupóstum sem Orkuveita Reykjavíkur hefur sett upp í samstarfi við Reykjavíkurborg, Kringluna og Smáralind. Er markmið framtaksins að hvetja íslenska bílaeigendur og bílaumboð til að kynna sér kosti rafmagnsbíla í borgarumferðinni.

Orkupóstarnir eru fimm talsins en hægt er að hlaða tíu bíla á hverjum þeirra. Eru þeir staðsettir á bílastæðum Smáralindar, Kringlunnar og í Bankastræti. Þá má leggja vistvænum bílum ókeypis í allt að 90 mínútur í hvert sinn í miðbæ Reykjavíkur.

Í sameiginlegri tilkynningu Orkuveitunnar og Reykjavíkurborgar segir að spara megi um 190 þúsund krónur með því að reka rafmagnsbíl eins og þann sem Orkuveitan á í stað algengs fjölskyldubíls. Er þá ótalinn minni útblástur gróðurhúsalofttegunda.

Í tilkynningunni segir einnig að orkupósturinn sé ósköp venjuleg rafmagnsinnstunga í kassa, þannig að þá sé að finna í hundruðum þúsunda um alla borg og allt land.

Bæði Reykjavíkurborg og Orkuveitan stefna að aukinni notkun á umhverfisvænum orkugjöfum fyrir bifreiðar sínar. Er meðal annars stefnt að því að árið 2013 verði meira en helmingur bíla Orkuveitunnar knúinn slíkum orkugjöfum. - ovd



**Á REVA RAFMAGNSBÍL ORKUVEITUNNAR** Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitunnar og Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs tóku fyrsta orkupóstinn formlega í notkun.




*Nánari upplýsingar um fargjaldaflokka Icelandair á netinu. Afslátturinn reiknast af fargjaldi án flugvallarskatta.









**Við opnum klukkan 6 í fyrramálið** og bjóðum þér úrvals bíla á allt að 60% afslætti! Það eina sem þú þarft að gera er að spretta á fætur og koma til okkar við fyrsta hanagal og sjá tilboð sem eru sannarlega þess virði að vakna fyrir!

80% FJÁRMÖGNUN

**BESTU FÁANLEGU VEXTIR OG ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN**

Hagstæðir samningar gera okkur kleift að bjóða bestu fjármögnun sem völ er á og vexti sem sjást ekki lengur. Komdu og við finnum réttu leiðina fyrir þig.

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

**ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR**

Við eigum frábært úrval gæðabíla og þeir eru allir á tilboðsverði við fyrsta hanagal. Allt að 60% afsláttur frá ásettu verði og ótrúlega morgunhressir sölumenn finna rétta bílinn á rétta verðinu fyrir þig.

VETRAR- & SUMARDEKK

**FRÍ SUMAR- OG VETRARDEKK MEÐ ÖLLUM BÍLUM**

Öllum bílum fylgja sumar- og vetrardekk. Þeir sem vakna hressir eru klárir í slaginn í sumar - og ekki síður í vetur!

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

HEKLA

Opið á morgun frá klukkan 6 - 18 á Laugavegi og Klettháls.

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Klettháls 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

OROBLU

Kynningar á nýju vorvörunum
frá Oroblu í Lyfju

• Miðvikudag, kl. 13-17 á Smáratorgi
• Fimmtudag, kl. 13-17 í Lágmúla



Kaupauki
fylgir vöru frá Oroblu

LYFJA
- Lifið heil

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Umdeild stækkun til umræðu í Búkarest

**Aðild þriggja ríkja á Balkanskaga og tveggja fyrrverandi Sovétríkja verður efst á baugi á leiðtogafundi Nató sem hefst í Búkarest í dag. Rússar leggjast gegn aðild Georgíu og Úkraínu. Forsætis- og utanríkisráðherrar Íslands sitja fundinn.**

**STJÓRNMÁL** Stækkun Atlantshafsbandalagsins (Nató) er eitt helsta viðfangsefni þriggja daga leiðtogafundar þess sem hefst í Búkarest í Rúmeníu í dag.

Líklegt er að aðild þriggja ríkja á Balkanskaga, Albaníu, Króatíu og Makedóníu, sem fylgt hafa sérstakri aðildaráætlun Nató síðustu misseri, verði samþykkt á fundinum. Aðild þeirra nýtur almenns stuðnings Natóríkja ef frá eru skildar hótanir Grikkja um að leggjast gegn aðild Makedóníu. Ríkin tvö hafa deilt síðan Makedónía varð sjálfstætt ríki og tók upp nafn sitt en samnefnt hérað er í Grikklandi.

Sovétlýðveldin fyrrverandi, Georgía og Úkraína, hafa óskað eftir að hefja aðildarferli. Nokkur aðildarríki, með Þýskaland í fararbroddi, eru því andvíg en mest er þó andstaðan í Rússlandi. Þarlend stjórnvöld líta á Natóaðild nágrannaríkjanna tveggja sem ögrun við sig. Bandaríkjamenn eru helstu stuðningsmenn þess að Georgía og Úkraína hefji aðildarferli en talið er að það gæti staðið í allt að áratug. George Bush Bandaríkjaforseti ítrekaði stuðninginn á fundi með Júststjenkó Úkraínuforseta í heimsókn í Úkraínu í gær.

Málefni Afganistans verða einnig í deiglunni og þau rædd sérstaklega á morgun. Leiðtogar Natóríkja, og annarra ríkja sem sinna margháttuðu öryggis- og uppbyggingarstarfi í Afganistan, ráða þar ráðum sínum ásamt Hamid Karzai, forseta Afganistan, og Ban Ki-Moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.



**STUÐNINGURINN ÍTREKAÐUR** Bush Bandaríkjaforseti ræddi við Júststjenkó Úkraínuforseta í gær og ítrekaði stuðning sinn við aðild Úkraínu að stækkunarferli Atlantshafsbandalagsins, í trássi við vilja Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búkarestfundurinn verður fjölsóttasti leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins til þessa. Hann sitja leiðtogar auk utanríkis- og varnarmálaráðherra Natóríkjanna 26, auk fulltrúa fjölmargra samstarfsríkja. Alls verða um 60 þjóðarleiðtogar í Búkarest.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti mun að líkindum sækja fund Natóм Rússlandsráðsins á föstudag og verður það í fyrsta sinn sem hann sækir Natófund. Um leið verður þetta síðasti Natófundur Bush Bandaríkjaforseta. Tvímenningarnir munu svo verja saman helginni í Sochi við Svartahaf.

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sitja fundinn fyrir hönd Íslands.

bjorn@frettabladid.is

## JÁKVÆÐUR Í GARÐ GEORGÍU OG ÚKRAÍNU

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir Ísland ekki hafa mótað sérstaka afstöðu til aðildar Georgíu og Úkraínu að Atlantshafsbandalaginu. „En það er mín skoðun að ef ríkin vilja aðild og uppfylla þau skilyrði og skuldbindingar sem bandalagið setur þá sé ekki óeðlilegt að þau fái aðild. En um leið þurfum við að gæta jafnvægis á svæðinu.“ Hann býst við að aðild Balkanríkjanna þriggja verði samþykkt, að því gefnu að Grikkir og Makedóníumenn jafni ágreining sinn. Þá verði mikið rætt um aðgerðir Nató í Afganistan. Geir hyggst ræða sérstaklega um lofthelgiseftirlit við Ísland. „Á sambærilegum fundi fyrir einu og hálfu ári fór ég fram á að bandalagið léti okkur í té lofthelgiseftirlit og við því var orðið. Það fer í gang í vor með komu Frakka og Bandaríkjamenn koma síðar í sumar. Ég ætla að þakka þeim ríkjum sem hafa ákveðið að vera með í þessu.“ Geir segir það ennfremur munu setja sitt mark á fundinn að hann verður sá síðasti sem George Bush Bandaríkjaforseti sitji.



GEIR H. HAARDE

EINS OG NÝR
(KOSTAR BARA MIKLU MINNA)

AUDI A8 W12 QUATTRO

Sjálfskiptur / Leðurinnrétting og sólluga
Lykilllaust aðgengi / Loftpúðafjöðrun
Innbyggður Audi sími / Minni í sætum og stýrri
Sjálfvirk/opnun/lokun á skottloki / Xenon ljós
19" felgur og 450 hestöfl / og margt fleira!

Ásett verð: 8.900.000,-
Tilboð: 7.900.000,-

Hér er einn fallegasti lúxusbíll landsins. Hann er hlaðinn aukahlutum, gríðarlega aflmikill en jafnframt einstaklega fágaður. Við erum með þennan og marga fleiri nýlega og freistandi lúxusbíla til sýnis á Bílaþingi Heklu, Laugavegi 174.

Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga

Laugavegi 174 | sími 590 5040
www.bilathing.is | bilathing@bilathing.is



BÍLAÞING HEKLU

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

POLO RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

SARAR

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



# Herra lagerinn outlet

# 50% afsláttur!

## af öllum jakkafötum!

ALLAR STÆRÐIR - MARGAR GERÐIR

stærðir 44 til 62

stærðir 24 til 32

stærðir 94 til 114

30-70% afsláttur af merkjavöru!

## Gríðarlegt úrval!

ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# -2 kr.




Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

Tvíhöfðanefnd stjórnvalda sem vaktar Evrópumálin tók til starfa í gær:

# Stærsta álitamál samtímans

**STJÓRNMÁL** Fyrsti fundur nefndar ríkisstjórnarinnar um þróun Evrópumála var haldinn í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í gær.

Alþingismennirnir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, og Illugi Gunnarsson Sjálfstæðisflokki eru formenn en aðrir nefndarmenn eru fulltrúar flokkanna á Alþingi og aðilar vinnumarkaðar og viðskiptalífs.

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra fylgdu nefndinni úr hlaði í gær.

„Við nálgumst verkefnið af víðsýni,“ sagði Ágúst Ólafur í samtali við Fréttablaðið að fundi loknum. „Evrópumálin eru stærsta álitamál samtímans og þó aðild sé ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar eru allir sammála um að fylgjast þurfi vel með.“ Hann bendir á að í sáttmála ríkisstjórnarinnar segi að opinská umræða eigi að fara fram um málaflokkinn. Nefndin starfi á þeim grunni. Henni er ætlað að stuðla að aukinni hagsmunagæslu tengdri Evrópustarfi, athuga vel hvernig hagsmunum Íslendinga verði best borgið gagnvart Evrópusambandinu og að fylgjast með þróun mála í Evrópu og leggja mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili ríkisstjórn skýrslu árlega en starfsáætlun verður rædd á næsta fundi.

- bþs



**FYLGT ÚR HLAÐI** Utanríkis- og forsætisráðherrar afhentu Evrópunefnd stjórnvalda erindisbréf í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**TVÍHÖFÐANEFNDIN**

Ágúst Ól. Ágústsson, formaður Samf.
Illugi Gunnarsson, formaður Sjálfst.fl.
Steingrímur Sigurgeirsson Sjálfst.fl.
Bryndís Hlöðversdóttir Samf.
Katrín Jakobsdóttir VG
Birkir Jón Jónsson, Framsóknarfl.
Jón Magnússon Frjálslyndi fl.
Ingimundur Sigurpálsson SA
Gylfi Arnbjörnsson ASÍ
Erlendur Hjaltason Viðskiptaráð
Páll H. Hannesson BSRB


Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld Landsbankans

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og skattamálum. Fjármálakvöldin hefjast kl. 20 og eru öllum opin án endurgjalds. Í boði eru kaffi og veitingar.

Dagskrá fjármálakvölda

| | | |
|---|---|---|
| 24. jan. | Höfðabakki | Fjármál heimilisins |
| 7. feb. | Akranes | Fjárfestingartækifærin |
| 21. feb. | Laugavegur 77 | Skattamál |
| 6. mars | Mjódd | Skattamál |
| 27. mars | Vesturbær | Fjárfestingartækifærin |
| 3. apríl | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 10. apríl | Fjarðargata, Hafnarfj. | Fjárfestingartækifærin |

Fjármál heimilisins

Rætt er um heimilisbókhald, sparnaðarleiðir, vaxtakjör og hvaða lánamöguleikar henta hverju sinni.

Skráning á fjármálakvöldin fer fram á **landsbanki.is** eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar á **www.landsbanki.is**

2008

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 41809 04.2008



Samfylkingin

Kvennaþing Samfylkingarinnar



Ársþing Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar 11.–12. apríl 2008

Dagskrá

Föstudagur frá kl. 14–18

- Setning
  Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar, setur þingið og kynnir skýrslu stjórnar.
- Hvernig fjölgum við konum í stjórnmálum og í framboði fyrir Samfylkinguna?
  - Eru prófkjör „rétta leiðin“ til að velja fólk á lista?
  - Gagnast fléttulistar konum?
  - Á að notast við prófkjör, uppstillingu eða eitthvað annað?

  Framsögumenn: Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir varaborgarfulltrúi, Kristrún Heimisdóttir aðstoðarmaður utanríkisráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra.
- Vinnuhópar
  Mismunandi aðferðafræði, prófkjör, uppstilling, kvótar, fléttulistar, rætt í vinnuhópum.

Kvöldverður á Hótel Örk hefst klukkan 20 og ræðukona kvöldsins er Guðrún Ögmundsdóttir fyrrverandi alþingismaður. Veislunni stýrir Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi.

Hin margrómaða kvennahljómsveit Rokkslæðurnar kemur saman í tilefni kvennaþingsins eftir nokkurt hlé og spilar fyrir dansi fram á rauða nótt.

Laugardagur

Sameiginlegur morgunverður og tilvalið er að enda góða samveru Samfylkingarkvenna í gufu og sundi á Hótel Örk enda aðstaða hótelsins gestum að kostnaðarlausu.



Skráningarfrestur er til 4. apríl. Fyrstar koma fyrstar fá!
Skráning fer fram á netfanginu *samfylking@samfylking.is* eða í síma 414 2200.

Nánari upplýsingar á vef Samfylkingarinnar: www.samfylkingin.is


512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

Háskóli Íslands:

## Umhverfisdagar í fyrsta skipti

**UMHVERFISMÁL** **Umhverfisdagar eru nú haldnir í Háskóla Íslands í fyrsta skipti og standa út morgundaginn. Tilgangurinn er að auka umhverfisvitund meðal stúdenta og starfsfólks skólans.**

**Á umhverfisdögum má meðal annars finna opna kynningarbása á Háskólatorgi, kvikmyndasýningu og umræður, fyrirlestra, spurningakeppni um umhverfismál og uppskeruhátíð á Grand Rokki.**

**Að Umhverfisdögum standa Gaia – félag meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum, Stúdentaráð Háskóla Íslands og Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun við HÍ.** - ghs

Byrgisstúlka kvartar til umboðsmanns Alþingis út af Félagsbústöðum:

# Segir starfsmann leggja sig í einelti

**UMBOÐSMAÐUR** Ein stúlknanna sem kært hefur Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann Byrgisins, fyrir kynferðislega misneytingu hefur kvartað undan Birgi Ottóssyni, forstöðumanni þjónustudeildar Félagsbústaða, til umboðsmanns Alþingis. Hún sakar Birgi um einelti og að hafa fjarlægt eigur sínar úr íbúð sem hún var með á vegum Félagsbústaða.

Í kærunni segir að Birgir hafi brotið stjórnarskrárrétt stúlkunnar þar sem hann hafi farið inn í íbúðina án dómsúrskurðar. Hann hafi ekki haft samband við fjölskyldu hennar.

Í bréfinu til umboðsmanns eru erfiðleikar stúlkunnar raktir og áhrif Byrgisumfjöllunar á hana.

Hún hafi búið í Fannarfelli 12 þegar kviknaði í út frá rafmagni í íbúðinni. Hún hafi legið á spítala í nokkra daga og síðan verið svipt sjálfræði „til að leggja hana inn á áfengis- og vímuefnadeildina og var hún þar í níu daga“, segir í kvörtuninni sem móðir stúlkunnar skrifar. Þar kemur jafnframt fram að stúlkan hafi getað gengið út af lokaðri deild, án sjálfræðis og húsnæðis.

Síðan fékk stúlkan annað húsnæði og var búslóð hennar flutt þangað inn, en síðan borin út. Hún fór í meðferð og var í kjölfarið dæmd í 18 mánaða fangelsi, sem hún afplánar nú. - jss



**FANNARFELL** Allmargar íbúðir á vegum Félagsbústaða eru í Fannarfelli.



**SAMSETNING** Vélin er óðum að taka á sig mynd og verður flughæf í maí. MYND/HÖSKULDUR ÓLAFSSON

Flugvél Landhelgisgæslunnar:

## Smíði vélarinnar á áætlun

**ÖRYGGISMÁL** Smíði nýrrar DASH-8 eftirlitsflugvélar fyrir Landhelgisgæsluna gengur vel og er á áætlun. Smíðin fer fram í verksmiðjum flugvélaframleiðandans Bombardier í Kanada. Skrokkur vélarinnar er samsettur og vængirnir tilbúnir til ásetningar.

Reiknað er með að flugvélin, sem er af gerðinni Dash-8 Q300, verði flughæf um miðjan maí næstkomandi, en þá verður hafist handa við að breyta vélinni í eftirlitsflugvél. Sú breyting felst í uppsetningu eftirlitstækja og björgunarbúnaðar og er reiknað með að flugvélin verði afhent fullbúin í júlí 2009. - shá

Stjórnin í Ungverjalandi:

## Samstarfinu slitið 30. apríl

**UNGVERJALAND, AP** **Talsmenn minni stjórnarflokksins í Ungverjalandi, Bandalags frjálsra demókrata, sögðu í gær að hann myndi slíta samstarfinu við Sósíalistaflokk Ferenc Gyurcsanys forsætisráðherra hinn 30. apríl. Sósíalistar muni eftir það stjórna án þingmeirihluta.**

**Þingmenn frjálsra demókrata segjast áfram munu styðja þær aðgerðir stjórnarinnar sem miða að því að búa landið undir þátttöku í Efnahags- og myntbandalagi Evrópusambandsins.**

**Á mánudag sagði forysta frjálsra demókrata að þeir hygðust yfirgefa stjórnina þar sem þeir litu svo á að Gyurcsany styddi ekki lengur umbótaáformin.** - aa

Vopnað rán í Noregi:

## Andvirði 150 milljóna rænt

**NOREGUR** Rán var framið í verðmætaflutningum í Noregi í gær. Starfsmönnum vaktþjónustufyrirtækis, sem hafa það hlutverk að flytja peninga úr næturöryggishólfum fyrirtækja, var ógnað með vopnum og þeir fengnir til að sækja peninga á þremur stöðum í nágrenni Óslóar. Að því loknu voru þeir bundnir og skildir eftir, að sögn norska blaðsins VG. Talið er að ræningjarnir hafi haft jafnvirði um 150 milljónir króna upp úr krafsinu.

Rán í bönkum og í verðmætaflutningum hafa verið tíð í Svíþjóð að undanförnu en ekki í Noregi. - ghs


Rockwood Fellihýsin 2008

Við frumsýnum 2008 árgerðina af stórglæsilegum **Rockwood** fellihýsum helgina **5.-6. apríl** í verslun okkar að **Fosshálsi 5-7.**

Lau kl. **10.00-17.00**
Sun kl. **12.00-16.00**

**Rockwood** fellihýsin eru glæsileg og sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum. Með evrópskum þrýstibremsum, galvaniseraðri grind og hlaðin staðalbúnaði.



**Ríkulegur staðalbúnaður**

- Galvaniseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Góð fjöðrun, hentar vel á ísl. vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (upplásið gúmmídekk)
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur **XL 2,5 cubic**
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/ þriggja hraða viftu
- Skyggðir gluggar
- 2 feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagns vatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Fjöðrun f. ísl. aðstæður
Evrópskar Þrýstibremsur
vatn tengt Heitt/kalt
CD spilari/ Útvarp
12 cm Upphitaðar lúxusdýnur

Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, hjólhýsi, fellihýsi, pallhýsi, húsbíla, fylgihluti og margt fleira.

**Fosshals 5-7 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600**
**Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is**

Útilegu maðurinn – eltu drauminn

**FRÉTTAVIÐTAL:** MAGNÚS PÉTURSSON FYRRVERANDI FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

# Skýra stefnu skortir í heilbrigðismálum

**Í níu ár var Magnús Pétursson forstjóri Landspítalans, stærsta vinnustaðar landsins sem um þriðjungur landsmanna sækir þjónustu til árlega. Hann lét af störfum nú í vikunni. Magnús stýrði spítalanum í gegnum umsvifamiklar breytingar svo sem sameiningu spítalanna í Reykjavík, mótun háskólasjúkrahússins, erfiðum ákvörðunum í tengslum við byggingu nýs spítala. Karen D. Kjartansdóttir ræddi við Magnús um viðskilnaðinn við hans gamla vinnustað og breytta stefnu í heilbrigðismálum, sem honum þykir ekki mjög skýr.**



**MAGNÚS PÉTURSSON** Fyrrverandi forstjóri Landspítalans segir veika stefnu í heilbrigðismálum angra marga sérstaklega þegar kemur að einkavæðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*Margir telja að ástæðan fyrir því að þú lætur nú af störfum sé slæmt samband milli þín og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra, hvað er til í því?*

„Það er ekki rétt að okkar á milli hafi verið slæmt samband. Hitt er svo annað að á milli forstjóra Landspítala og heilbrigðisráðherra hverju sinni þarf að vera mjög mikið samstarf og fullkomið traust. Síðan er það þannig að sérhver ráðherra hefur sinn hátt á þessum hlutum. Fyrri heilbrigðisráðherra hitti ég jafnan hálfsmánaðar- eða vikulega þar sem við fórum sameiginlega yfir aðkallandi mál. Ég hitti Jón Kristjánsson yfirleitt vikulega og Siv [Friðleifsdóttur] hitti ég líklega um það bil hálfsmánaðarlega. Það skiptir samt ekki öllu máli hversu oft menn hittast heldur hvernig mál eru rædd og leyst.“

*Hve oft hittust þið Guðlaugur?*

„Við hittumst af og til en hefðum mátt hittast oftar, ég held að það hefði verið gott fyrir málefnið.

Núverandi ráðherra ákvað nýja tilhögun á samskiptum með því að setja á fót nefndir til þess að fjalla um málefni spítalans. Nefnd sem Vilhjálmur Egilsson stýrir er í góðu samstarfi við stjórnendur spítalans. Hvað um það þetta er annað form á samskiptum en var. Samskipti við ráðherra eru minni heldur en þau voru með fyrri ráðherrum. Þess í stað er sett á fót sérstök tilsjónarnefnd sem fjallar um málefni spítalans, stór sem smá rekstrarverkefni. Við slíkt hlýtur staða forstjórans að breytast.“

*Breytast?*

„Veikjast. Það er það sem gerist.“ Annað mál er síðan hvaða breytingum stjórnvöld vilja vinna að eða eru að vinna að. Ég verð var við að mörgum þykir óljóst hver áherslumál stjórnvalda eru eða hverju á að vinna að. Það þarf alltaf að liggja ljóst fyrir. Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að núverandi ríkisstjórn hefur talað fyrir breytingum á heilbrigðisþjónustunni. Hverjar eru þær breytingar? Það hefur verið sagt að það eigi að einkavæða þá þætti sem þykir skynsamlegt og til þess eru fallnir og að það þurfi að taka til í fjármálum heilbrigðiskerfisins. Mér hefur undanfarið þótt skilaboðin um það hvert skuli halda ekki mjög skýr.“

*En er það ekki alvarlegt mál að stefna stærsta vinnustaðar landsins sé ekki skýr?*

Ég held að ég geti alveg sagt fyrir hönd starfsmanna, að þeir sakni þess dálítið að vita í rauninni ekki hvert förinni er heitið, það eru þau ummæli og þau skilaboð sem ég hef fengið þegar ég hef verið að kveðja starfsfólkið. Fólk segir að stefnan sé óljós, ég hafi verið boðberi góðra og válegra tíðinda fyrir spítalann en nú þykir mörgum miður að vita ekki hver tekur við og kemur slíkum skilaboðum áleiðis. Ég held að það skýrist á næstu vikum.

Nú er það svo að þessi stóra skúta sem Landspítalinn er verður að ganga alla daga og allan sólarhringinn sama á hverju dynur. Það þarf öryggi í kringum hana, bæði þegar kemur að rekstri og öðru slíku en einnig þegar kemur að stjórn og stefnu hennar.“

*Vildi heilbrigðisráðherra hafa þig lengur við stjórnvölinn þótt búið væri að ákveða að annar forstjóri tæki við?*

„Samkomulagið var gert um miðjan mánuðinn og ég lagði eindregið til að mun betra væri fyrir starfsemina að ég myndi ganga frá borði og nýir stjórnendur tækju við hið fyrsta. Um þetta urðum við ágætlega sammála.“

*Hvernig telur þú aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu fara saman við þá stefnu Landspítalans að vera háskólasjúkrahús?*

„Stefnan er svolítið veik en mér virðist hún í hnotskurn vera sú að það eigi að einkavæða þar sem þykir skynsamlegt og heppilegt. Sömuleiðis eigi að koma við breyttri fjármögnun fyrir stofnunina og starfsfólk þannig að ef hundrað manns fara í mjaðmaaðgerð á Landspítalanum þá fái spítalinn og jafnvel starfsfólkið meira greitt en ef aðgerðirnar væru til dæmis aðeins fimmtíu. Þetta er veigamikil breyting sem mér fellur að mörgu leyti vel. En eitt er stefna og annað framkvæmd.“

*Hvað mætti einkavæða í starfseminni?*

„Nú er það þannig til dæmis að boðið verður upp á augasteinaaðgerðir bæði inni á Landspítalanum og svo hjá einkaaðilum. Það er í góðu lagi en það væri slæmt ef allar slíkar aðgerðir myndu færast frá spítalanum. Hann þarf alltaf að hafa dálítið af öllu vegna menntunarhlutverksins. Nú er svo komið að til dæmis aðgerðir á krossböndum eru alveg farnar út af spítalanum og því engin þekking þar eftir á þessu sviði sem nýtist læknanemum. Þessum aðgerðum er ágætlega sinnt hjá einkaaðilum en það þyrfti eitthvað af þessu að vera á spítalanum eigi nemendur að geta tileinkað sér námið fyllilega. Það verður því að gæta þess við einkavæðingu að mola ekki þá þætti sem mynda háskólasjúkrahús. En það er alls ekki þannig að spítalinn eigi að gína yfir öllu.“

*Hvernig leggst frekari einkavæðing heilbrigðiskerfisins í þig?*

„Einn flötur á því máli er spurningin; Er ráðlegt að búta kerfið niður og færa hluta þess út í bæ? Er það vegna þess að þar eru peningar á lausu? Svarið við seinni spurningunni er nei, það getur ekki verið. Við erum alltaf að taka fé úr sama pottinum. Það verða ekki til nýir peningar úti í bæ. Þá verður að spyrja spurningarinnar: eru verkin ódýrara séu þau unnin utan spítalans? Ef svarið við því er já eru ein rök komin og ef verkið er betur eða eins vel unnið þar þá eru enn sterk rök fyrir breytingunni. Þessu þarf að svara af þeim sem best geta lagt dóm á.

Menn mega ekki aðeins horfa á fjárhagslegan ávinning þarna heldur þarf að hafa hag sjúklinga í fyrirrúmi og gera kröfur til gæðaþjónustunnar. Það er of veikt haldið á þessum málum í landinu. Það er ekki spítalans að spyrja þessara spurninga heldur landlæknis. Fyrr en meiri fagmennska er sett í einkavæðinguna er erfitt að gefa svar við því hvort eigi að einkavæða starfsemi heilbrigðiskerfisins yfirleitt.

Samkeppni í heilbrigðisþjónustunni er sérlega vandasamt hugtak, að hverju er verið að keppa? Því þarf að svara mjög skilmerkilega. Einhver gæti nefnt að verð skipti höfuðmáli en það er ekki gott að einblína um of á verðið þegar kemur að heilbrigðisþjónustunni. Fólk verður að hugsa um miklu fleira en það.“

*Að undanförnu hefur verið fjallað um útboð til einkaaðila á rekstri deildar fyrir heilabilaða. Sástu hag af útboðinu til einkaaðila?*

„Ráðuneytið sagði að það væri tilbúið að greiða 18.260 krónur á dag fyrir sjúkrarúmið. Ákveðið var því næst að bjóða deildina út. Eitt tilboðanna hljóðaði upp á um 21.000 frá hjúkrunarheimilinu Grund en Grundarfólk er þekkt fyrir góðan og aðhaldssaman rekstur. Við veltum því fyrir okkur hvernig ráðuneytið hefði komist að niðurstöðu um þessa fjárhæð úr því Grund, sem ekki er þekkt fyrir bruðl, treystu sér ekki til að reka deildina. Svo kemur annað boð undir nafnleynd þar sem boðnar er um 25.000 krónur í verkið. Þetta segir að það þurfi eitthvað að skoða verðgrundvöllinn í heilbrigðisþjónustunni. Það kemur fram að það vill engin vinna fyrir það verð sem verið er að ætla þessari þjónustu.

Spítalinn þarf hins vegar á sjúkradeildinni að halda og er að fara yfir hvort hægt sé að lækka þjónustustigið til þess að komast niður í þá fjárhæð sem ráðuneytið er tilbúið að greiða. Það eru ekki önnur ráð. Og hvernig lækkar maður þjónustustig? Kostnaðurinn við svona deild snýst nánast eingöngu um launagjöld starfsfólks. Í hnotskurn snýst þessi glíma um þjónustu á aðra höndina og útgjöld á hina.“

*Hvað finnst þér mikilvægast í því starfi sem framundan er á Landspítalanum?*

„Heilbrigðisstofnanir verða að geta lyft sér miklu hærra en að verða eins konar peningastofnanir. Það hafa margar breytingar og nýjungar verið teknar upp að undanförnu, sumar hafa gengið vel og sumum hefur verið fallið frá. Þróun í heilbrigðiskerfi verður alltaf að halda áfram. Þegar öllu er á botninn hvolft hafa stofnanir eins og OECD verið að gefa okkur ágætiseinkunnir fyrir heilbrigðisþjónustu og heilbrigði landsmanna. Menn verða að passa sig á því að fórna því ekki þegar þeir fara að atast í krónunum. Góð heilbrigðisþjónusta er einu sinni eitt af því sem gerir samfélag okkar siðað og samkeppnishæft.

Menntun, heilbrigði og það að vel sé séð um þá sem lenda undir í samfélaginu eru grunngildi samfélagsins í mínum huga. Vegna þeirrar skoðun minnar kunna margir að kalla mig krata, það verður að vera svo. Samfélag á að sjá fyrir þessum hlutum svo vel sé því það myndar siðað samfélag.“

*Ertu uggandi yfir framtíð þíns gamla vinnustaðar?*

„Að minnsta kosti eru þetta mín varnaðarorð gegn mikilli einkavæðingu á félagslegri þjónustu. Menn mega ekki aðeins hugsa um slíka þjónustu út frá rekstrarlegum forsendum heldur líka út frá því félagslega og samfélagslega gildi sem hún hefur. Yfir hverju erum við montin í þessu landi? Það er meðal annars menntunin og heilbrigðisþjónustan. Af hverju ættum við að breyta þessu í eitthvað sem við erum ekki klár á hvað er?

Góð menntastefna og heilbrigðisþjónusta eru meðal annars þeir þættir sem gerir Ísland samkeppnishæft við önnur lönd. Við þurfum að gæta að samfélagsgerðinni. Hvort fram undan eru miklar breytingar á heilbrigðisþjónustunni eða ekki veit ég ekki. Aðrir þurfa að svara því. Ég tel mig þó hafa sæmilega þekkingu á þessum málaflokki hér á landi.

Menn kunna að segja að hér ætli enginn að fara að einkavæða heilbrigðisþjónustuna þannig að hún fari að riðlast. Það má vel vera að engin slík hugsun sé fyrir hendi en ef svo er ekki þá vil ég fá að vita hvaða hugsun það er sem er að baki þeirri stefnu sem nú á að taka. Hún er svo veik að það er erfitt að festa hendur á henni og það angrar mjög marga.

Stundum þarf að staldra við, setjast niður og plægja í gegnum mál. Opin lýðræðisleg umræða meðal annars um heilbrigðismálin tel ég vera þarfa og gagnlega. Slík umræða gæti verið gagnleg leiti menn svara við því hvort betra sé að reka heilbrigðisþjónustu á forsendum einkaaðila eða hins opinbera. Annar kostur er að breyta þeim aðstæðum sem opinberar stofnanir starfa eftir svo þær verði liprari og þjálli. Eins og til dæmis að breyta reglum og lögum um opinbera starfsmenn.“



FRÉTTAVIÐTAL
KAREN D. KJARTANSDÓTTIR
karen@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagastofnun
Málstofa

European Energy Policy between Climate Change and Geopolitics

Fimmtudaginn
3. apríl kl. 16:00
Lögberg, stofa 101

Dr. Dirk Buschle



Dirk Buschle er lögfræðilegur ráðgjafi Evrópska orkumálasamstarfsins sem komið var á fót með sáttmála frá 2005. Hann hefur birt fjölda greina á ýmsum sviðum Evrópuréttar og er annar tveggja forstöðumanna st.Gallen International Energy Forum.

Málstofan er hluti af samstarfsverkefni Glitnis og Lagastofnunar HÍ

Fundarstjóri:
Stefán Már Stefánsson
Prófessor



GLITNIR
Allir velkomnir
Nánari upplýsingar á
www.lagadeild.hi.is

Óbreytt verð!
Engar hækkanir!

# STURTU GLER VEGGIR OG HURÐIR - beint á gólf




## STURTUSKJÓL

í mörgum stærðum
30x220, 70x220, 80x220
90x220 og 110x220 sm

E000479 Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

## HAFÐU ÞAÐ VANDAÐ OG FLOTTAST Í STURTUNNI!

## HEILIR STURTU KLEFAR

ÚR ÖRYGGISGLERI
ALLAN HRINGINN




**Kantaður**
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




**Trapisulagaður**
framopnun 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




**Rúnaður**
80x80 og 90x90
6mm hert öryggisgler
allan hringinn

## ÞÚ VELUR GLER EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

M32
10 mm hert öryggisgler



## GLERENDAVEGGIR

70 sm, 80 sm, 90 sm og 100 sm

## GLERVEGGUR með hurð

60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125,
130, 135, 140, 145, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samstaða um lykilatriði:

## Orð með þyngd

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Ræða forsætisráðherra á ársfundi Seðlabankans er að líkindum sú mikilvægasta sem flutt hefur verið á þeim vettvangi frá upphafi vega. Það var hún ekki vegna upphrópana. Þunginn í henni var sannast sagna í öfugu hlutfalli við látleysi orðanna.

Stjórnvöld hafa staðið frammi fyrir þeim veruleika að koma í veg fyrir að alþjóðleg lánsfjárkreppa með upptök í Bandaríkjunum yrði að bankakreppu á Íslandi. Efnahagur íslensku bankanna gefur ekki tilefni til slíks. En aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum gætu eigi að síður haft þau áhrif.

Það sem forsætisráðherra gerði var að benda fjármálaheiminum á að ríkissjóður er því sem næst skuldlaus. Hann væri þar af leiðandi í færum um að taka verulegar fjárhæðir að láni. Kjarninn í boðskap ráðherrans var hins vegar sá að ríkisstjórnin væri ákveðin í, ef á þyrfti að halda, að nýta þennan styrk til að grípa til sambærilegra aðgerða og ábyrg stjórnvöld í öðrum ríkjum.

Þetta eru sterk skilaboð til umheimsins um að hér komi ekki til kreppu. Þetta er stórt fyrirheit en á bak við það er efnahagslegur styrkur sem að vísu ekkert bendir til að reyni á. Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins bentu á nauðsyn aðgerða af þessu tagi fyrir nokkru síðan. Forystumenn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Framsóknarflokksins höfðu einnig lagt það sama til.

Deila má um tímasetningu þegar um yfirlýsingu af þessu tagi er að tefla. Aðalatriðið er að hún mátti ekki bera vott um fum. Hún þurfti að sýna yfirvegun og styrk og hafa áhrif. Það er vandi þeirra sem ábyrgðina bera að velja rétta tímann. Mestu skiptir nú að í kjölfarið hafa umræður á Alþingi sýnt að breið samstaða er um þessa lykilyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hún er kjölfesta fjármálalífsins eins og sakir standa.

Síðan geta menn deilt um aðra hluti eftir lögmálum stjórnmálanna. Það er gott og blessað að bankar og eftirlitsstofnanir elta nú uppi þá sem hafa hagnast á spákaupmennsku með krónuna. Menn mega hins vegar ekki láta upphrópanir um þá hluti draga athyglina frá raunverulegum vandamálum og viðfangsefnum við stjórn efnahags- og peningamála.

Það þurfti ekki mikla snillinga til að sjá að veikleikinn í þjóðarbúskapnum var og er reyndar enn fólginn í miklum viðskiptahalla. Hann segir þá einföldu en skýru og gömlu sögu að á bak við þann styrk krónunnar sem nú er horfinn voru ekki næg raunveruleg verðmæti. Það voru spákaupmenn sem áttu stóran þátt í að hækka gengi krónunnar. Hvers vegna var ekki leitað að þeim út um allar þorpagrundir þegar þeir ýttu undir óraunhæfan styrk krónunnar? Athafnir þeirra voru síst betri þá.

Nú mega menn ekki láta glepjast á ný. Gengi krónunnar styrkist ekki með leikbrögðum. Skuldirnar sem viðskiptahallinn mælir þarf að greiða. Það verður aðeins gert með aukinni verðmætasköpun. Allar hugmyndir sem nú eru settar á flot um að lækka tekjur ríkissjóðs til að bæta kjör almennings hafa því öfug áhrif við tilganginn ef þeim er ekki mætt með samsvarandi niðurskurði útgjalda. Er þörf á fækkun ríkisstarfsmanna?

Jafnvægi í viðskiptum við útlönd er eini haldbæri mælikvarðinn á eðlilegan styrk krónunnar. Þegar þeirri stöðu er náð verða menn að horfast í augu við þá staðreynd að jafn lítil mynt og krónan er getur ekki viðhaldið ásættanlegum fjármálastöðugleika. Sú yfirlýsing forsætisráðherra á ársfundinum að senn sé tímabært að gera fræðilega úttekt á þessu viðfangsefni verður að skoða sem gott skref í rétta átt þó að ekki sé með öllu ljóst hvað að baki býr.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
issn 1670-3871

Umsagnir frá eigendum iRobot Roomba ryksuguvélmennisins:

- *Ég hef* ALDREI *eignast eins gott heimilistæki bara* SNILLD
- *Ég hefði ekki trúað því hvað hún gerir þetta* VEL, *mæli með þessari*
- *Hver vill ekki láta* RYKSUGA *hjá sér daglega*
- *Ég bara hreinlega* ELSKA *hana og það muna allir gera það sem fá sér hana*

*...ég hreinlega Elska hana*



Fáðu þér eina iRobot og njóttu komandi sumars….
*(ný sending komin)*

*Ert þú búin að fá þér eina?*

**iRobot ehf.**
Hólshraun 7, 220 Hfj. • S. 555 2585 • irobot.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Deila ekki við dómarann

Vefritið Kistan kallar eftir viðbrögðum rúmlega 20 háskólamanna við nýföllnum dómi Hæstaréttar yfir Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni vegna ritstuldar. Meðal svarenda eru prófessorar í ýmsum deildum, aðjúnktar, lektorar, doktorsnemar, formaður Sagnfræðingafélagsins, forstöðumaður Reykjavíkurakademíunnar og fleiri. Í gær höfðu tólf svör borist. Enginn sem svarað hefur er ósammála dómnum; þótt sumum þyki dómurinn strangur eru allir á einu máli um að hann sé réttlátur.



### Brottrekstur eða áminning

Flestir svarenda telja að Kristínu Ingólfsdóttur háskólarektor sé ekki stætt á öðru en að bregðast við dómnum. Sumir krefjast brottreksturs Hannesar fyrir afglöp í starfi, aðrir telja að áminning dugi. Eggert Briem, prófessor í stærðfræði, bætir hins vegar við að auk áminningar væri maklegt að fá Hannesi það verkefni að gefa út óbreyttar allar ræður forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, frá upphafi.



### Andrúm til mótmæla

Mótmæli vörubílstjóra eru birtingarmynd efnahagslægðarinnar í fleiri en einum skilningi. Í fyrsta lagi sýna þau hversu illa eldsneytishækkanir bitna á heilli atvinnustétt. Í öðru lagi sýna þau hversu mikið hefur dregið úr framkvæmdum undanfarið. Það er að minnsta kosti harla ólíklegt að fyrir einu eða tveimur árum hefði fjöldi vörubílstjóra safnast saman fleiri daga í röð til að mótmæla. Þeir hefðu verið uppteknir í vinnu.

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Móna Lísa með skegg



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Franskir kommúnistar

Í september slæddist ég inn á hátíð franska blaðsins L'Humanité í úthverfi fyrir norðan París. Ólíklegt er að það segi skerbúum nokkurn skapaðan hlut, en þessi hátíð, sem haldin er á hverju hausti, er í rauninni „þjóðhátíð“ franska kommúnistaflokksins, ef svo má segja, og hefur áratugum saman verið mikill viðburður í landinu. Á þeim tíma þegar franski kommúnistaflokkurinn var stórveldi, fékk fimmtung atkvæða í öllum kosningum og hafði áhrif langt út yfir það, kom ég aldrei á þessa hátíð, en það hef ég hins vegar gert nokkur síðustu ár síðan flokkurinn fór verulega að dala, því ég hef samúð með lítilmagnanum.

En í hátíðahöldunum sjálfum sáust þess engin merki hvernig nú er komið fyrir flokknum. Þau fóru fram í risastórum tjaldbúðum, sem eru með mjög svipuðum hætti ár eftir ár, og því auðvelt að rata fyrir þá sem þar eru orðnir hagvanir.

### Ræður, rapp og matur

Rétt eftir að ég var kominn inn fyrir hliðið rakst ég inn í tjald, þar sem yfir stóð fundur með Bernard Thibault, formanni CGT, eins af þremur stærstu verklýðssamtökum Frakklands, en það hefur jafnan verið á bandi kommúnistaflokksins. Hann færði þær fréttir að fyrir dyrum stæðu umræður við atvinnurekendur, og hefðu þeir skyndilega fastneglt dagskrána: þeim fyndist vinnulöggjöfin of flókin og umfangsmikil og vildu nú ekki ræða annað en leiðir til að skera hana niður. „Markmið þeirra er í rauninni að afnema hana,“ sagði Bernard Thibault, „þeir vilja t.d. byggja ráðningar á frjálsum samningi milli atvinnurekanda og hvers launþega fyrir sig. Menn geta þá gert sér í hugarlund hvaða samningsaðstöðu atvinnuleysingi kann að hafa, einn andspænis vinnuveitandanum, t.d. þegar ákveða þarf væntanlegar uppsagnarbætur.“ Bernard Thibault var skorinorður, en dálítið þunglamalegur, og það varð ekki séð hvaða ráðum hann ætlaði að beita til að standa gegn þessum kröfum.

Svo gekk ég áfram. Þetta var á laugardagskvöldi og ákaflega litskrúðugt mannlíf á götum búðanna. Í fjölmörgum tjöldum voru ýmiss konar veitingar, stundum með sérréttum frá einhverjum héruðum. Víða voru hljómsveitir að spila, stundum með óvenjulegum hljóðfærum svo sem samleik hjólafiðlu og magaorgels, en tónlistin var rokkkend, og æsti menn upp til vaggs og veltu. Í kringum þetta stikluðu margir um í svörtum bolum sem á var letrað „Ég er kommúnisti en enginn veit það“, á miðri götu var maður ber að ofan, í stuttbuxum og með rauða húfu að steikja sardínur, og annað eftir þessu. Eftir nokkra göngu kom ég að stóru og upphækkuðu sviði, þar sem þrír menn voru að flytja rapp á arabísku.

Öðrum megin við tjaldbúðirnar var risastór leikvangur, þar sem Marie-George Buffet, leiðtogi flokksins, heldur jafnan sína aðalræðu á lokadegi hátíðarinnar, sunnudegi. Nú var hann troðfullur, kynnir taldi að þar væru samankomnir 80 000 manns, og kom ástæðan fljótt í ljós: þar birtist sem sé Iggy Pop á sviðinu, síðhærður og ber að ofan, álíka mikill forngripur á sínu sviði og kommúnistaflokkurinn er nú orðinn og fór að kyrja sitt grjótharða rokk.

### Kommúnistar í pilsnerfylgi

Ræðu flokksleiðtogans gat ég ekki heyrt að þessu sinni, en ég efa ekki að hún hafi verið skelegg eins og venjulega. En hætt er við að þetta verði síðasta ræða hennar í þessu hlutverki. Nú er kommúnistaflokkurinn franski kominn niður í pilsnerfylgið sem svo er kallað; í síðustu forsetakosningum fékk frambjóðandi hans, Marie-George Buffet sjálf, innan við tvö prósent. Og þótt menn séu farnir að sjá að ef á að reisa við þann höfuðlausa og sundraða her sem franskir vinstri menn eru orðnir, hafa menn þörf fyrir kommúnista, er hætt við að á flokknum sannist nú það sem Káinn kvað: það yrkir enginn stöku á aðeins tvö prósent.

Fyrir skömmu bárust út þau tíðindi, að fjármál kommúnistaflokksins væru orðin svo bágborin, að til stæði að selja frægt listaverk í eigu hans. Það var myndin af Mónu Lísu, sem Marcel Duchamp teiknaði yfirskegg á og letraði svo undir L.H.O.O.Q., en þegar þessir stafir eru lesnir hægt og skýrt en með nokkuð ankannalegum áherslum heyrist: „henni er heitt á rassinum“. Þetta málverk eignaðist skáldið Aragon og gaf það síðan kommúnistaflokknum; einu sinni þegar höfuðstöðvar hans voru til sýnis almenningi, sá ég það blasa við í inngangi byggingarinnar. Mér fannst það táknrænt fyrir gamalgróin tengsl kommúnista við framúrstefnur ýmislegar.

Ef franskir kommúnistar neyðast nú til þess sökum fjárskorts að selja Mónu Lísu með skegg, eru það mikil þáttaskil í sögu Evrópu.

## Sameiginleg ábyrgð margra

**UMRÆÐAN**
Miðborgin



BOLLI THORODDSEN

Reykvíkingar, og allir landsmenn í gegnum fjölmiðla, hafa fyrir augunum þróun í miðborg Reykjavíkur sem enginn sá fyrir. Ekki frekar en hrun krónunnar á öðrum vígstöðvum.

Í áratugi hafa borgaryfirvöld flestra stjórnmálaflokka reynt að gera miðborgina að eftirsóttum stað fyrir íbúa, gesti og viðskipti, enda fer það saman. Einblínt hefur verið um of á miðbæjarkjarnann neðan Laugavegar og að Vesturgötu, en einhvern veginn virðist svo sem Laugavegur, Hverfisgata og raunar Skuggahverfið hafi ekki verið tekin nógu föstum tökum. Þegar verðlag hækkaði á þeim svæðum sáu verktakar viðskiptatækifæri, eins og þeim ber; keyptu upp gömul hús til að rífa þau og byggja stærri. Þrjátíu hús bíða nú niðurrifs í miðborginni. Þetta er staða sem enginn sá fyrir.

Borgarstjóri og formenn borgar- og skipulagsráðs Reykjavíkur heita snörum viðbrögðum, en er vandi á höndum. Verktakar sem sitja undir glósum um að vera „slömmlordar“ keyptu húsin í góðri trú, en augljóst er að við þá þróun sem við blasir verður ekki unað. Ná verður sátt milli borgarbúa, verktaka og þeirra sem reka viðskipti í miðbænum um næstu skref. Meirihluti og minnihluti verða að vinna saman, í stað þess að þeir síðarnefndu leitist við að slá ansi ódýrar pólitískar keilur.

Allir verða að viðurkenna sína ábyrgð og hlusta á okkar bestu sérfræðinga eins og t.d. Sigmund D. Gunnlaugsson, sem hefur haft mikil áhrif með sínum sjónarmiðum og rannsóknum. Sérstakt úrlausnarefni er vandi útigangsfólks. Því verður að búa mannsæmandi aðstæður, eins og unnið er að, en það verður að gerast hraðar. Að ekki sé minnst á það erfiða viðfangsefni að brýna fyrir ungu fólki skikkanlegri umgengni þegar það skemmtir sér í miðbænum. Það er gaman að fara í bæinn um helgar. Aðstæður einstakar til að hitta vini og kunningja, um það get ég vitnað, en við getum skemmt okkur án þess að ganga freklega á rétt þeirra sem búa eða reka fyrirtæki í miðbænum. Við sem þar skemmtum okkur berum einnig ábyrgð.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.*

**GULIR OG GLAÐLEGIR**
Útfararstjórar eru líklegastir til að kaupa sér gula bíla samkvæmt breskri könnun á því hvaða litir á bílum höfða mest til hinna ýmsu starfstétta.
BÍLAR 2



**FYRSTA ÁSTIN**
Í Hljóðfæraverslun Pálmars má fá lítil rafmagnspíanó í ýmsum litum sem henta byrjendum vel. Kókakóla-rauði liturinn hefur verið vinsælastur að sögn Pálmars.
BÖRN 4



# allt







FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON
Anna Jóna fór meðal annars í skoðunarferðir, á tangónámskeið og í tískubúðir í Buenos Aires.

# Borgarferð til Buenos Aires

***Anna Jóna Dungal, fyrsta árs nemi í MR, fór í spennandi ferðalag með bræðrum sínum til Buenos Aires í Argentínu***

„Ég fór til Buenos Aires um síðustu jól til að heimsækja pabba minn. Hann hefur búið þar í tæpt eitt og hálft ár og vildi endilega að við systkinin fengjum að kynnast þessu landi og menningu þess. Við bróðir minn flugum saman til New York, stoppuðum þar yfir nótt, flugum svo til Miami og hittum elsta bróður okkar og pabba í Buenos Aires.“ Anna Jóna segir að það sem hafi komið henni mest á óvart við borgina sé hversu evrópsk hún er. „Maður hefur alltaf einhverja staðlaða ímynd um að í Suður-Ameríku séu bara glæponar og fátækt og þrátt fyrir að það sé eflaust líka til staðar þá varð ég lítið vör við það. Borgin er afar græn og þar liggja endalausar flottar götur með fallegum byggingum. Það kom mér líka á óvart hversu mikið af æðislegum fötum eru eftir argentínska hönnuði.“

Að sögn Önnu Jónu voru tveir dagar eftirminnilegastir í ferðinni. „Annars vegar var það dagur þegar við fengum unga stelpu til þess að keyra okkur um alla borgina og veita okkur leiðsögn. Við þræddum borgina endilanga og fræddumst um sögu hennar og arkitektúr. Síðara skiptið var þegar við fórum saman fjölskyldan í jólamáltíð á Palacio Duhau - Park Hyatt Buenos Aires hótelið. Það er í gamalli höll sem er búið að gera upp og við fengum þar stærsta og ljúffengasta hádegisverð sem ég hef nokkurn tíma snætt.“

Anna Jóna mælir með því að ferðalangar kynni sér Palermo-hverfið, sem er fullt af smart búðum og veitingastöðum. „Mikið er af skemmtistöðum og klúbbum í Buenos Aires og þá mæli ég sérstaklega með El Living. Á hverjum laugardegi er 80‘-þema þar og þá er myndböndum varpað á veggina sem skapar skemmtilega stemningu. Svo er líka upplagt að fara á einhvern af hinum geggjuðu tangóstöðum í borginni, eða jafnvel prófa að fara í tangótíma sem ég gerði einmitt!“

Anna Jóna segist mæla eindregið með því að fólk kynni sér Argentínu sem sé afar spennandi áfangastaður. „Buenos Aires er æðisleg borg, bæði sögulega og menningarlega séð, og það er mjög gaman að versla þar. Argentína heillar mig mikið og næst þegar ég fer þangað langar mig að ferðast meira um landið og skoða til dæmis Iguazú-fossana og saltháslétturnar hjá Salta.“

*amb@frettabladid.is*








**Húsbíll** er heimili á hjólum og þægilegur ferðamáti fyrir þá sem vilja vera frjálsir ferða sinna. Fylltu tankinn og skelltu þér í hringferð.


VINNUVÉLANÁMSKEIÐ Á PÓLSKU

Næsta námskeið hefst 4. mars n.k.

Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414




Volvo hefur þegar framleitt bíla sem nýta etanól sem orkugjafa.

# Háþróuð farartæki

***Volvo stefnir að framleiðslu háþróaðra farartækja á næstu árum.***

Næsta kynslóð rafmagnstvíorkubíla er komin á teikniborðið hjá Volvo og stefnt er að því að fjölga slíkum bílum verulega á vegum Svíþjóðar. Þá er átt við bíla sem nýta annars vegar E85 sem er etanól og rafmagn úr geymum sem hlaða má með húsarafmagni. Volvo hefur því gert samstarfssamning við raforkufyrirtækið Vattenfall í Svíþjóð, bílaframleiðandann Saab, Battery and FuelCells Sweden AB (ETC) og sænsk yfirvöld um þróunina.

Volvo framleiðir nú þegar bíla sem nýta Etanol sem orkugjafa en betur má ef duga skal og endanlegt markmið er að hanna sjálfbærar bifreiðar er haft eftir Fredrik Arp, forstjóra Volvo Car Corporation. Hann vill taka forystu í heiminum í innleiðingu umhverfisvæna farartækja. *-gun*

## Litir valdir eftir starfi

ÓLÍKAR STARFSTÉTTIR VELJA ÓLÍKA LITI Á EINKABÍLANA.

Í flestum heimshlutum eru lögreglubílar í bláum tónum og í nýlegri könnun á Bretlandi kemur fram að lögreglumenn eru hrifnastir af bláum bílum til einkanota líka, enda stundum kallaðir „blástakkar“ meðal gárunga.

Í könnuninni kom fram annar sannleikur og nokkuð ólíklegri, en þar dreymir útfararstjóra einna helst um skærgulan fararkost. Þykir sú niðurstaða sálrænt merki um undirliggjandi þrá til að komast sem lengst frá svörtum líkbílum sem annars lita daga þeirra drunga.

Í samanburði kom fram að lögreglumenn eru sjö prósentum líklegri til að aka bláum bíl utan vakta á lögreglustöðinni en útfararstjórar eru 115 prósent líklegri til að velja sér gular bifreiðar í sunnudagsbíltúrinn. *- þlg*




Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar



Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

PRENTSNIÐ EHF.



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is




Um tólf þúsund leigubílar eru í New York-borg og nú er von á endunýjun í bílaflotanum.

## Lúxus leigubíll

GULI LEIGUBÍLLINN ER ÓRJÚFANLEGUR HLUTI AF NEW YORKBORG EN NÚ KEMUR NÝR BÍLL Í FLOTANN.

Ford kynnti á dögunum nýja gerð leigubíla. Að því er kemur fram á vef FÍB er hann ólíkur þeim leigubílum sem Bandaríkjamenn eiga að venjast.

Í New York-borg eru um tólf þúsund leigubílar, stórir um sig en plásslitlir. Nýi bíllinn tekur þrjá farþega og er með rennihurðum. Farþegar geta horft á sjónvarp í bílnum sem er að auki búinn þráðlausri net- og símatengingu. *- rat*


bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) - 200 KÓPAVOGI - SÍMI: 567 7360



Aukin ökuréttind - Meirapróf

Nýlegir kennslubílar







ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Næsta námskeið hefst
9.apríl

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300



STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000


## Tvinnbílar í Formúlu 1

RÓTTÆKAR BREYTINGAR VERÐA Á FORMÚLU 1 Á NÆSTA ÁRI.

Max Mosley, forseti FIA, heildarsamtaka bifreiðaeigendafélaga og bílasportsins, vill stuðla að orkusparnaði í Formúlu 1. Fyrsta skrefið í þá átt verður stigið árið 2009 þegar tvinnkerfi (hybrid) verður innleitt í Formúlu 1.

„Ekki er lengur lögð áhersla á að þróa sjálfar vélarnar heldur verður meira vélarafl eingöngu framkallað með betri nýtingu eldsneytis,“ sagði Mosley á bílasýningu í Genf í byrjun mánaðarins. - ve





**Engiferrót** má vel rækta heima hjá sér en nú er rétti tíminn til að sá fræjum í potta. Engifer er hollt og gott en ráð er að nota ferskar kryddjurtir í matinn til þess að losna við aukaefnin.



Húsasmiðjan býður upp á stílhreinar bílskúrshurðir frá Þýskalandi.



Bílskúrshurð sem stöðvar og fer til baka þegar eitthvað verður í vegi fyrir henni.

# Allar stærðir og gerðir

***Margar útgáfur eru til af bílskúrshurðum og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.***

Bæði er hægt að láta smíða fyrir sig hurðir úr timbri og einnig panta sléttar hurðir úr stáli eða plasti. Sléttu hurðirnar eru málaðar í fimm lögum og því er einangrunargildið mikið og mjög gott fyrir íslenskar aðstæður.

Þessar tegundir bílskúrshurða eru þær vinsælustu hér á landi og er ástæðan sú að úrvalið er mikið og góður möguleiki á að finna bílskúrshurð sem passar. Sléttu hurðirnar fást hjá Húsasmiðjunni og Glófaxa og eru þær frá þýska framleiðandum Hörmann, sem er þekkt merki.

Látið ímyndunaraflið ráða og finnið þá hurð sem hentar best.

*mikael@frettabladid.is*



Sléttar bílskúrshurðir njóta mestu vinsældanna hér á landi.



Hægt er að finna þá bílskúrhurð sem hentar hverjum og einum.


MOSFELL

KERTO LÍMTRÉ

YFIR 25 ÁRA REYNSLA Á ÍSLANDI MEÐ KERTO LÍMTRÉ

Notaðu KERTO LÍMTRÉ í burðarvirkið
KERTO LÍMTRÉ í milligólfið
KERTO LÍMTRÉ það sem fagmenn velja
Sagað eftir þínum málum

KERTO LÍMTRÉ fyrir þá sem vilja gæði og hagkvæmni.

SKRIFSTOFA: HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606
VERKSMIÐJA: NORÐURGARÐUR 8 • MOSFELL@MOSFELL.IS



Visthús KLH® ehf

*frístundahús og fjölbýli*

**Byggjum allar gerðir mannvirkja með KLH**

*Vistvænar, gegnheilar og sérsniðnar krosslímtréplötur frá Austurríki*




**Upp á einum degi með KLH**

Verðdæmi 80 m²: 2.850.000 kr upp komið

Allt KLH efni upp komið, útveggir, milliveggir og þak, miðað við aðkomu að tilbúnum undirstöðum. Viðmiðunargengi EUR 116 kr Flatarmál húss 80 m² Þakplata 100 m² Hæð 2,7 m. Gluggar og hurðir ekki í verði. Þá er húsið fokhellt og tilbúið til innréttinga.



Gegnheilt krosslímtré
í þaki og veggjum
Lagnastokkar í veggjum
Enginn burðarbiti í þaki





Þú getur hannað og breytt teikningum að vild með KLH og sent okkur þín hugmynd – lengd og breidd grunnflatar, hæð veggja og lögun á þaki.



Dæmi um ytri frágang: Allar klæðningar mögulegar. Þess vegna múrhúðun



**Upp á einum degi með KLH**

Verðdæmi 93,5 m² : 4.199.000 kr Allt KLH efni upp komið, útveggir, milliveggir og þak. Viðmið EUR 116 og bestun í flutningi. Arkitektúr og hönnun: Kollgáta

Dæmi um frístundahús: 135 m²: 4.999.000 kr .



Erum að vinna kostnaðarmat á parhúsi frá Zeppelin arkitektum - 285 m2 hvort hús.

**Hvað er hægt að byggja hátt með KLH ?**



Hæsta KLH bygging í Evrópu verður 8 hæða skrifstofu - og íbúðarmannvirki í London 2008. Segir meira en 1000 orð um stýfingu, styrk og álagsþol KLH byggingarefnis.




**Stuttur afgreiðslutími** 6-8 vikur fyrir einbýli

ERGO: fjármagnskostnaður mjög hagfelldur.

**Stuttur byggingatími**

ERGO: byggingakostnaður - mjög hagfelldur

**Mikil framleiðslugeta**

ERGO: Þú getum byggt nútímalega, veglega og vistvæna byggð með öllum húsagerðum á hagfelldan hátt. Er þetta nýjung ?

Íslenskir arkitektar, verkfræðingar, verktakar og iðnaðarmenn eru í öndvegi.

Visthús KLH ehf
S.533 3314 & 896 7080
visthus@visthus.is
www.visthus.is
Skeifan 19 108 Rvk

VOTTUN ETA - 06/0138 … PEFC /06-34-110 VOTTUN



**Leikfangavagn** er skemmtilegt að fara með út þegar fer að vora; stuttar ferðir með bangsann sem farþega eða að keyra nesti í vagninum í ævintýraferð um hverfið.

# Fallegt fyrsta hljóðfæri

***Þegar börnin byrja í tónlistarnámi þarf að vanda valið á fyrsta hljóðfærinu.***

„Fyrstu skrefin“ og „Fyrsta ástin“ heita lítil rafmagnspíanó hjá Hljóðfæraverslun Pálmars sem henta byrjendum vel.

„Það sem gerir þau sérstök er að í þeim er hamraverk sem er óvanalegt í rafmagnspíanóum og þau líkjast því venjulegum píanóum í áslætti,“ segir Pálmar Árni Sigurbergsson hljóðfærasmiður og eigandi Hljóðfæraverslunar Pálmars. Hann segir litlu rafmagnspíanóin því henta vel krökkum sem eru að læra á píanó og einnig sem fyrsta hljóðfæri því verðið sé gott. En oft er líka misjafnt hversu lengi krakkar endast í tónlistarnáminu.

„Þau eru líka ágæt sem annað hljóðfæri þar sem píanó er fyrir því oft er truflun af þeim sem þarf að æfa sig mikið. Það er auðveldlega hægt að stinga píanóinu inn í herbergi og æfa sig þar því þau eru bæði lítil og létt.“

Píanóin er auðvelt að taka í sundur og skella þeim í bílinn en Pálmar segir algengt að fólk taki þau með í sumarbústaðinn. Þau eru framleidd í Kína og fást í nokkrum litum en rauði liturinn er vinsælastur að sögn Pálmars. „Þetta er kókakóla-rauður eins og þeir kalla hann.“

Pálmar er lærður píanósmiður og hefur sjálfur spilað á hljóðfæri síðan hann man eftir sér og lærði á píanó í mörg ár. Í gamla daga spilaði hann í hljómsveit en lærði svo hljóðfærasmíðina eins og afi hans og langafi.

„Ég spilaði lengi í öllum mögulegum hljómsveitum í gamla daga, aðallega til að vinna fyrir mér. Ég hætti 1962 því afi minn sagði að annað hvort yrði ég hljóðfærasmiður eða héldi áfram að spila í hljómsveit og yrði heyrnarlaus,“ segir Pálmar, sem hefur á næsta ári verið fimmtíu ár í faginu. *heida@frettabladid.is*



Pálmar Árni er hljóðfærasmiður og lærði sjálfur á píanó í mörg ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





Í píanóunum er hamraverk svo þau líkjast venjulegum píanóum í áslætti.

## Burstavinir

PERLUHVÍTAR TENNUR SMÁBARNA ER MIKILVÆGT AÐ HIRÐA MEÐ TANNBURSTUN UM LEIÐ OG FYRSTA TÖNNIN KEMUR UPP.

Nöldri barn og mótmæli í hvert sinn sem bursta á tennur er gott ráð að kaupa tannbursta með eftirlætis teiknimyndahetjunni, en reynsla margra sýnir að börn verða ginnkeypt fyrir tannburstun með slíkan félaga sér við hlið. Einnig er sniðugt að eiga tannbursta í mismunandi litum og leyfa barninu að velja sér lit eftir skapsmunum hverju sinni.

Dálítið flúor í tannkremi gerir tönnum barna gott, en steinefnið kemur í veg fyrir tannskemmdir með styrkingu glerungs og mótstöðu gagnvart sýru og skaðlegum bakteríum. - *þlg*



Sensitive ungbarnalína

Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna

**Ungbarna andlitskrem** – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
**Bossakrem** – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
**Bossablautklútar** – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna baðsápa** – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa “sápulaus”. Innih. A&E vítamín.
**Ungbarna sjampó** – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
**Ungbarna húðmjólk** – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna olía** – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.

Dr Fischer



Fæst í apótekum um land allt



Ný sending
Full búð af spennandi vor-vörum
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
opið mánudag til föstudag 10-18
laugardag 10-16

Móðir og barn

**Ný fimm vikna námskeið hefjast 8.apríl**
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 9:15-10:15 og 10:30-11:30.

Áhersla er lögð á líkamsstöðu, grindarbotn, kviðvöðva, almenna styrktarþjálfun, liðkandi æfingar og fræðslu.

Boðinn er frjáls aðgangur að tækjasal Hreyfigreiningar meðan á námskeiðinu stendur.

Sandra Dögg Árnadóttir, sjúkraþjálfari B.Sc sér um námskeiðið.

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

medela
Harmony™
Handdæla



Níu af hverjum tíu mæðrum velja Medela fram yfir aðrar brjóstadælur!
Örvar fyrst og mjólkar svo
ÝM
www.ymus.is

allt tíska
Alla fimmtudaga

gling gló
Nýjar sumarvörur frá LEGO á gamla verðinu
LEGO WEAR
Gling-gló ehf
Laugavegur 39
101 Reykjavík
S. 552-7682
www.glingglo.is
glingglo@glingglo.is


**París** er borg kaffihúsahangs og rómantíkur. Í París búa meira en tvær milljónir manna svo auðvelt er að hverfa í fjöldann og slappa af við harmónikuspil og rauðvínsdrykkju.

# Í Marokkó yfir páskana

***Ingibjörg Guðjónsdóttir, leiðsögumaður hjá Íslenskum leiðsögumönnum, fór með hóp af Íslendingum til Marokkó í ferð sem fól meðal annars í sér stuttar fjallgöngur.***

Ferðin til Marokkó tók sex daga og var farin um nýliðna páska. Sautján manna hópur fór frá Íslandi ásamt Ingibjörgu, sem var að koma til Marokkó í fjórða sinn. Frá því hún heimsótti Marokkó í fyrsta skipti hefur landið og menningin heillað hana.

Þátttakendur í þessari ferð voru á öllum aldri, frá unglingsaldri og til fólks sem komið var yfir sextugt. „Við flugum til London og þaðan til Marrakech í Marokkó. Þar gistum við eina nótt á hóteli í góðu yfirlæti. Morguninn eftir vorum við keyrð upp í fjöllin og sú keyrsla tók nánast heilan dag. Á leiðinni stoppuðum við í einu þorpi og fengum þar ekta innlend-


Tindinum náð á Siroua-fjalli.


Falleg náttúra mætti hópnum í hverju skrefi.

an mat ásamt því sem við keyptum birgðir fyrir komandi göngur,“ segir Ingibjörg. Þegar komið var á upphafsreit göngunnar biðu þar múlasnar sem voru hlaðnir farangri hópsins og með þeim var gengið í tvo tíma þar til tjaldað var og gist yfir nótt.

Hópurinn gekk í fjóra daga og meðal annars á Siroua-tindinn, sem er 3.305 metra hár. Útsýnið á leiðinni á toppinn var stórkostlegt og miklir og stórir klettar og gljúfur hvarvetna. Hópurinn var mjög ánægður með ferðina í alla staði og margt að sjá sem hann hafði aldrei séð áður. Með í för var kokkur sem sá um að elda ofan í alla og hann kynntist um leið eldamennsku að hætti Marokkóbúa.

„Ég fór með hópinn í gegnum nokkur þorp og í einu af þessum þorpum keyptum við saffran. Það er eitt dýrasta krydd í heimi og má segja að verðmunur í Marokkó og á Íslandi hafi verið mikill. Þetta nýtti hópurinn sér og var vel keypt af saffrani en í leiðinni var öllum boðið að koma inn í hús innfæddra og það þótti fólki mikil upplifun.“

*mikael@frettabladid.is*


GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

**Barcelona**
3. eða 10. apríl
frá kr. 19.990



***Helgarferðir - Frábær sértilboð***
Heimsferðir bjóða ótrulegt tilboð á flugsætum í fjögurra nátta helgarferð til Barcelona 3. apríl og í þriggja nátta helgarferð 10. apríl. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu, afþreyingu og úrvali fjölbreyttra veitingastaða og verslana. Gríptu þetta frábæra tækifæri – takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði!

Verð kr. **19.990**
Netverð á mann, flugsæti báðar leiðir með sköttum, sértilboð, 3.-7. apríl eða 10.-13. apríl.

Gisting frá kr. **5.900**
Netverð á mann pr. nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Aragon *** á tímabilinu 10.-13. apríl.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

**Á FERÐ UM HEIMINN**
**Ógleymanleg ævintýri**


AUSTUR PÝRENEAFJÖLL
21. - 27. apríl
KILIMANJARO
7. - 22. júní
Mt. BLANC
21. - 29. júní
UMHVERFIS Mt. BLANC
1. - 9. júlí
SUÐUR GRÆNLAND
18. - 25. júlí
25. júlí - 1. ágúst *örfá sæti laus*
1. - 8. ágúst
MAROKKÓ
6. - 13. september
NEPAL
18. október - 10. nóvember
Spár - Ragnheiður Ágústsdóttir

www.fjallaleidsogumenn.is · sími: 587 9999




**Við stöndum upp úr**
Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára
Atvinna í boði... ...alla daga

allt matur
Alla föstudaga



**Stubbastandar**
Viltu losna við sóðaskapinn? Utanhúss öskubakkar, ýmsar gerðir í boði, bæði standar og á vegg. Standur ehf. Sími 842 2535. stubbastandur@gmail.com



**- Viðskiptatækifæri -**
**Sumarið nálgast. Hvert á land sem er.**
**2 hringekjur, parísarhjól, kaffibollar, hoppukastali og candyflos vél.**
**Ath skipti.**
**Uppl. í s. 893 0096.**

Hágæða Hanak innréttingar til sölu. Fást á mjög góðu verði. Málningarvinna fritt með. S. 697 4008.

Lítill skartgripalager til sölu fínt til að selja t.d í heimahúsi/kolaportinu. Uppl. í s. 865 3499.

## Gefins

Hinir og þessir munir fást gefins, tilvalið fyrir sölu í Kolap. eða t.d f. þá sem eru að byrja að búa. S. 661 8728.

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Tölvur




## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m2, mótatimbur 1x6 og 2x4, 135 kr og 195 kr/m, H-20 I-bitar 1.135 kr/m, allt verð með vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

## Verslun




**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn. Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur




5-7 kíló á 9 dögum. Komdu þér af stað með hreinsiprógrami frá Aloe Vera. S. 6978928

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Nudd

Ferðanuddbekkir, ólettubekkir, bómullarlök, gæði og gott verð. Uppl. í S: 8916447

Whole body massage Telepone 862 0283.

Nudd! Heilnudd, íþróttanudd. Nudd gegn vöðvabólgu. Ódýrt og gott Uppl. í síma 690 8876.

Whole body massage Telepone 862 0283.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

## Námskeið



Leirkrúsin. Ný námskeið í leirmótun Uppl. á www.leir.is - S. 564 0607 & 661 2179.

## Dýrahald



Stóru hundagerðin komin aftur. Lengd 340 Breidd 200 Hæð 175 cm verð 42,000 kr. www.liba.is



Labradorhvolpar til sölu, ættb.færðir hjá H.R.F.Í, tilb. til afh. um miðjan maí. S. 822 2118 & 822 0383, og www.labbapabbi.dyraland.is



Boxer hvolpar til sölu, afhendast ættbókfærðir frá Íshundum og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 456 1510 & 847 0606. skessa126@simnet.is myndir inná boxer.bloggar.is

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/dyr/66395/

Gullfallegir ljósir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 863 4028.

Japanskur Chin fæst gefins vegna breyttra heimilisaðstæðna. Hann er 2 1/2 árs líflegur og barngóður, yndislegur. Upplýsingar: email: gilsbakki@internet.is

Blendingshvolpar fást gefins, Border Collie & íslenskt kyn - tíkur. S. 435 0072 & 865 0072.

Senegali fulg til sölu með búri og mat. Selst á 60 þ. S. 866 4497.

## Ferðalög

2 flugfarmiðar í boði frá 5.apríl-6.maí. Má breyta komudegi. Vantar hjálparmann, 2 farmiðar í boði. Uppl. í S. 551 9801 & 860 9801.

Til sölu 2 flugmiðar til Köben, fram og til baka. gilda frá 8. apríl - 15. maí. V. 40 þús. S. 551 2168 & 690 2168.

## Gisting

Glæsileg heimagisting á Vestu Sjálandi með fitness og nuddaðstöðu. Sendið mail og fáið nánari uppl. á gudanm@hotmail.com S. 0045 40197519 & 0045 59208961.

## Hestamennska



Tökumúll kr. 1.889 kr. Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

**Ístölt**

Ístölt 2008 verður í Skautahöllinni 5. apríl. Bestu knaparnir og hestarnir mæta!!! En þú?

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2herb. íbúð í 101 til leigu fyrir reglusamt fólk. 70 fm+svalir. 110 þkr./mán. Laus strax. S. 551 3536.

Til leigu í grafarvoginum74fm. 3ja herb., sér inngangur, sér garður með sólpalli, 140 þús. á mánuði + 2 mánuðir fyrirfram. Nýuppgerð og snyrtileg íbúð. S. 898 6514 Helgi Axel.

16 fm herb. með aðgang að WC og sturtu í 109. Fyrirframgreiðslu krafist. 30 þ. á mán. Uppl. í s. 841 9744.

Til leigu lítið herb. á sv. 105 fyrir rólegan og reglus. einstakling. Með sameig. eldh. og baðh. Uppl. í s. 895 1441 e.kl.19.

Glæsileg 4 herb.106fm íb. í 112 til leigu, 160 þ. á mán. m/húsgj. og hita. Laus strax. S. 897 7783.

Mjög góð 3 herb. íbúð til leigu í Hfn. frá 1 apríl. Reglusemi. Uppl. í s. 565 1045 & 898 7725 & 865 4052.

2 herb. íbúð í 107 til leigu fyrir reglusamt fólk. 50 fm + svalir. 110 þ.kr. mán. Laus strax. S. 860 5786.

Lítið einbýlishús til leigu að Vatnsenda í Kópavogi. Uppl. í s. 557 3717 og 862 2078.

3ja herbergja í í Hf. til leigu. 120 þúsund á mán. Áhugasamir hringið í Söru s: 845-5619

## Húsnæði óskast

Lítið herbergi eða stúdíó íbúð óskast til leigu sem fyrst. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 698 3459.

Karlmaður og 26 ára dóttir óska eftir húsnæði helst á sv. 170, en allt kemur til greina. S. 844 1367.

Fyrirtæki óskar eftir 1 -2 herb. íb. á höfuðb.sv. S. 663 2130.

## Húsnæði til sölu

108 fm hús til sölu, má skipta uppí 3 - 36 fm einingar. Þarfnast lagfæringar. Auðvelt að flytja er á stálbitum. Uppl. í s. 847 1764.

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.



**Gestahús til sölu**
Til sölu 25 fm heilsárshús tvö herb./forst. /bað, mjög vandað og hentar vel íslenskum aðstæðum. Húsið er fullbúið að utan og tilbúið til afhendingar. Panilklætt að innan, með raflögnum en án gólfefna og baðinnréttingar. Tilvalið fyrir þann sem vill stækka sumarhúsið sitt. Húsið er til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði. Upplýsingar í síma 820 0051.



Til sölu Sumarhús í landi Brjánstaða Grímsnesi (Minni Borg) Húsið er á ræktaðri eignarlóð 1 hektari, húsið er byggt 2002 Grunnflötur 54m2 ásamt 20m2 svefnlofti. 7m2 útihúsi 60m2 verönd Ýmis skipti koma til greina. Uppl. í síma 869 9540 eða e mail á pallij@hive.is

## Atvinnuhúsnæði

Vantar þig lagerrými? Erum með lagerrými til leigu, 50-500fm. Upplýsingar í síma 695 7045 eða 570 7010.

3ja herb.íbúð 100 fm með bílskýli í Baugakór í Kópavogi til leigu. Laus frá 1.apríl. 170.000 kr. með öllu. Þrír mán.fyrirfram og bankatrygging. Sími: 6612007

Óska eftir að leigja 100-250 fm iðnaðarhúsnæði með góða lofthæð á höfuðborgarsvæðinu. S. 896 1634.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, statelight TV and internet. Call 824 4532.

# TIL LEIGU



**Terr Fjarskipti sjá um leigu á tetra talstöðvum á íslandi**

Terr Fjarskipti býður fyrirtækjum, hópum og einstaklingum leigu á tetra talstöðvum. Tetra talstöðvar eru langdrægar talstöðvar sem hafa dreifikerfi um land allt.

**Terr**
**Terr Fjarskipti**
Stefán L. s. 846 2608
Ólafur Garðar s. 867 9067
terr@terr.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óskum eftir íslenskumælandi smiðum og verkstjóra. Uppl. í s. 893 0174 & 864 7414.

**miðlun**

**Aukavinna við sölu um kvöld og helgar**
**Miðlun leitar að sölufólki á kvöldin og um helgar. Verkefnin felast í að hringja til almennings, kynna vörur, selja þjónustu, bóka söluheimsóknir o.fl. Fjölbreytt verkefni sem henta öllum sem hafa gaman af að selja. Við leitum að fólk sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum. Reynsla er kostur en ekki skilyrði. Lámarksaldur er 18 ár en við leitum ekki síður af fullorðnu fólki með fjölbreytta reynslu að baki. Nánari upplýsingar hjá andri@midlun.is (Reykjavík) og andrea@midlun.is (Akureyri).**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir starfskrafti í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Starfsmaðurinn þarf að eiga auðvelt með að vinna með öðrum, hafa góða þjónustulund og vera íslenskumælandi. Möguleiki á að byrja strax eða í lok sumars.**

---

**Einnig eru að losna kvöld- og helgarstörf, bæði bílstjórar og afgreiðslufólk.**
**Uppl. í síma 822 8870 eða á www.nings.is**

**Bónstöð - Smurstöð - Hjólbarðaþjónusta**
**Vanir menn óskast strax.**
**Upplýsingar í síma 562 6066.**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Gullnesti Grafavogi**
**Óskar eftir íslenskumælandi starfsmanni í fullt starf.**
**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.**

**N1**

**Smurstöð**
N1 óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni til starfa á smurstöð félagsins við Fellsmúla. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af smurþjónustu og bílaviðgerðum. Nánari upplýsingar veitir Sigmar Gíslason í síma 530 5710. Áhugasamir sæki um á www.n1.is

**Oddur Bakari**
**Oddur bakari óskar eftir starfsfólki virka daga í bakarí okkar í Hafnarfirði. Einnig vantar okkur helgarfólk á Grensásveg. Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677.**

**serrano**

**Serrano Hafnarfjörður - Mánaðarlaun 180-190.000**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í fullt starf og hluta starf á nýjan veitingarstað okkar, Serrano í Hafnarfirði. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavini Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 180-190.000 kr.**
**Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano í síma 899 8947.**

**-Starfsmaður á lager óskast-**
**Við leitum að duglegum og samviskusömum starfsmanni á lager okkar. Um er að ræða starf hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki. Starfið felst í móttöku vöru og afhendingu til viðskiptavina.**
**Hafið samband í síma 863 8228 eða 899 2541.**

**Smart starfsfólk**
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi og v/ Ánanaust**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**
**Yngri en 18 ára koma ekki til greina.**

Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa í verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 864 1593, Ella.

Duglegir og stundvísir verkamenn óskast til starfa í Mosfellsbæ. Sími 898 9313, Pálmi.

Óskum eftir tilboðum í uppsetningu gifsveggja í íbúðablokk. Sími 898 9313 Pálmi.

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 13-19. Einnig einn dag aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.**

**Mosfellsbakarí**
**Mosfellsbakarí Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Ástlaugí s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.**

**Óskum eftir vönum vélamönnum og bílstjóra á malarflutningabíl.**
**Upplýsingar í síma 660 8500.**

**Hellulist**
Óskum eftir vélamönnun, vörubílstjórum og verkamönnum til jarðvinnu framkvæmda. Umsóknir sendist á gisli@hellulist.is eða í s. 698 5222.

**Hjólagrafa**
Vélamaður óskast á hjólagröfu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

**Verkamenn**
Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Barngóðrar, duglegrar og viðkunnalegrar ömmu er leitað af hálfu 5 manna fjölskyldu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar í síma 553 8333.

**Kvikk Þjónustan**
Óskum eftir bifvélavirkja eða mann vanan viðgerðum, sem er vandvirkur fagmaður. Uppl. í síma 562 1075 & 895 2260.

**HENDUR.IS**
Fullt af spennandi störfum í boði.

**- Hlutastarf-**
Óskum eftir starfsmanni virka daga í móttöku í efnalaug, þæginleg vinna sem hentar fólki á öllum aldri. S. 896 8171.

**Hársnyrtinemi**
Óska eftir að ráða nemanda. Rakarastofan Klapparstíg. S. 551 3010 & 896 8544.

Óska eftir vönum manni í hellulagnir. Uppl. í s. 696 6580.

Íspólska ráðningarþjónustan finnur rétta starfsmanninn fyrir þitt fyrirtæki. Góð þjónusta gott verð. Símar 894 7799 og á pólsku frá 9 til 12 S. 841 9008.

Potrzebni doswiadczeni pracownicy do prac zwiazanych z betonem obróbka metali oraz konstrukcjami stalowymi. Tel. 868 2487.

Matráður óskast til starfa í eldhús okkar. Nánari upplýsingar í síma 864 1593, Ella.

**- Vélamaður -**
Vanur hjólaskóflum óskast. Stundvísi og sjálfstæði nauðsynlegt. Mikil og stöðug vinna framundan. Góð laun fyrir réttan mann. Uppl. í síma 824 1840.

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

## Atvinna óskast

Ég er 16 ára, hress og dugleg og er að leita mér að sumarstarfi. HVGstarf@gmail.com.

Sjálfstætt starfandi smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

20 ára smíðanemi óskar eftir að komast að hjá meistara. S. 690 8219.

Maður með með öll ökuréttindi óskar eftir aukavinnu við akstur á kvöldin og aðra hverja helgi. Helst á hópferðarbíl annað kemur til greina. Uppl. í s. 843 8915.

**HENDUR.IS**
Hagkvæmar og skilvirkar ráðningar á netinu.

**HENDUR.IS**
Þarftu að láta klippa trén, þrífa sameign, aðstoð með rafmagn eða eitthvað allt annað. Fáðu tilboð í verkið.

**Verktakar og vegavinnuflokkar ATH!**
Hjón óska eftir að taka að sér eldamennsku fyrir verktaka og vegavinnuflokka hvar sem er á landinu. Góð meðmæli ef óskað er. Einnig kemur til greina að vinna við þrif og matreiðslu á hótelum sem opin eru yfir sumartímann. Uppl. í s. 862 3831, Stefán.

## TIL LEIGU / ATVINNA

# Verslunarhúsnæði til leigu
til leigu er 57 fm húsnæði í verslunarmiðstöðinni Fjörður, Hafnarfirði.
**Uppl. í s. 898 5866.**

**Við lifum á jörðinni!**
háfell

# Gröfumenn og búkollubílstjórar

Vegna mikilla verkefna framundan getum við bætt við okkur gröfumönnum og búkollubílstjórum. Umsókn má fylla út á heimasíðu Háfells **hafell.is** eða á skrifstofu okkar að Skeifunni 11.

**Upplýsingar veitir Gunnar í síma 863 9994.**

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Kærleikssetrið

**Skyggnilýsing**
**Miðvikudaginn 2. apríl kl. 20 verður Skúli Lórenzson með skyggnilýsingu í kærleikssetrinu, Álfabakka 12. Með honum verður nemi sem ætlar að stíga sín fyrstu skref opinberlega sem skyggnilýsingamiðill.**
**Húsið opnar kl. 19:30**
**Upplýsingar í síma Kærleikssetrins 567 5088 og á www.kaerleikssetrid.is**

BÚSETI

# Aðalfundur Búseta hsf.

Verður haldinn fimmtudaginn 17. apríl kl. 16:30 á Grand Hótel Reykjavík.

***Aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.***

Frum

## TILKYNNINGAR

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Í Garðabæ velja foreldrar í hvaða grunnskóla þeir senda barn sitt. Komi til þess að aðsókn í tiltekinn skóla verði meiri en húsrými leyfir gilda eftirfarandi viðmið um forgang nemenda í þann skóla:

1. Lögheimili í Garðabæ.
2. Nálægð heimilis við skóla.
3. Ef systkini stunda nám í skólanum.
4. Sérþarfir nemenda sem metið er að viðkomandi skóli hafi betri forsendur til að sinna.
5. Aðrar persónulegar ástæður eða aðstæður fjölskyldu, sem mat er lagt á.

Skólastjórnendur grunnskóla í Garðabæ geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Garðabæ skólavist í grunnskóla Garðabæjar, enda sé nægjanlegt húsrými til staðar, ákvörðunin leiði ekki til viðbótarkostnaðar fyrir Garðabæ og að fyrir liggi samningur við hlutaðeigandi sveitarfélag um greiðslu námskostnaðar. Að öllu jöfnu ganga þeir nemendur fyrir sem eru innritaðir á auglýstum tíma.

# Innritun í 8. bekk grunnskóla í Garðabæ fyrir skólaárið 2008-2009

**Til foreldra barna sem fædd eru 1995**

Innritun 13 ára barna (fædd 1995) í Garðaskóla og Sjálandsskóla fer fram dagana 2.-4. apríl á skrifstofum skólanna kl. 9:00-15.

Sömu daga fer fram skráning vegna skólaskyldra barna í 8.-10. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla. Áríðandi er að foreldrar tilkynni óskir um flutning milli skóla fyrir 10. apríl. Eftir þann tíma er ekki öruggt að hægt sé að koma til móts við óskir um flutning milli skóla.

**Garðaskóli** sími 590 2500, www.gardaskoli.is
**Sjálandsskóli** sími 590 3100, www.sjalandsskoli.is

Athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í grunnskólum annnarra sveitarfélaga er til 10. apríl ár hvert og skulu umsóknir berast skólaskrifstofu á eyðublöðum sem þar fást. Athugið að endurnýja þarf umsóknir fyrir nemendur sem stunda nám utan Garðabæjar á hverju ári. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á www.gardabaer.is.

**Deildarstjóri skóladeildar**

**Fræðslu- og menningarsvið**

## Tapað - Fundið



Kerru þessari var stolið 25. mars frá Smiðjuvegi 11. Þeir sem hafa orðið hennar varir vinsamlegast hafið samband við lögregluna í síma 444 1130 eða sendið tölvupóst á hannes@innark.is eða hafið samband í síma 894 3820.

# Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## FASTEIGNIR

# Arnarneshæð
www.arnarnes.is



# Sjáðu húsin á Hæðinni

## Opið hús í Árakri frá kl. 17–19 miðvikudaginn 2. apríl

Frábær staðsetning – einstök þægindi



Húsakaup | Sími 530 1500 | Suðurlandsbraut 52 | Guðrún Árnad. löggiltur fasteignasali

**BANDARÍSKI LEIKARINN DANA CARVEY ER 53 ÁRA Í DAG.**

*„Þetta er algjör skutla. Hún vekur hjá mér skrýtnar tilfinningar. Svona eins og þegar maður klifraði í köðlunum í leikfimi sem barn.“*

***Carvey er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Garth Algar í kvikmyndinni Wayne´s World frá árinu 1992.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. APRÍL 1902

## *Sýningar hófust í fyrsta bíóinu*

Þennan dag árið 1902 hófust sýningar í fyrsta kvikmyndahúsinu í Los Angeles í Bandaríkjunum. Það nefndist Electric Theatre, eða Rafmagnsleikhúsið, og var í sirkustjaldi. Meðal fyrstu mynda var Kafaldsbylur í New York.

Evrópskir og bandarískir uppfinningamenn höfðu unnið að kvikmyndatökum frá því á níunda áratug 19. aldar og fyrir aldamótin gátu áhorfendur farið á kvikmyndasýningar. Til dæmis hóf Thomas Alva Edison að sýna myndir á fjölleikasýningum milli þess sem trúðar og loftfimleikamenn tróðu upp. Stuttar kvikmyndasýningar urðu í framhaldinu algengar í fjölleikahúsum og voru yfirleitt í lok dagskrárinnar. Árið 1901 fóru bandarískir fjöllistamenn í verkfall og urðu kvikmyndir þá meginuppistaða skemmtidagskrár fjölleikahúsa. Í upphafi gátu fjölleikahúsaeigendur ekki leigt einstakar myndir af framleiðslufyrirtækjunum heldur þurftu að kaupa þær. Því gat verið dýrt að skipta reglulega um myndir í sýningu.

Fyrsta kvikmyndahúsið var opnað árið 1902 og fyrr en varði spruttu bíóin upp eins og gorkúlur og þess var skammt að bíða að kvikmyndasýningar yrðu ein vinsælasta afþreying almennings.



George Eastman og Thomas Edison taka kvikmynd upp á litfilmu í fyrsta sinn við heimili þess fyrrnefnda árið 1928.

### MERKISATBURÐIR

**1801** Breski flotinn, undir stjórn Nelsons flotaforingja, gjörsigrar danska flotann við Kaupmannahöfn.

**1908** Tólf menn farast, en einn bjargast, er bátur ferst í lendingu við Stokkseyri.

**1928** Jóhanna Magnúsdóttir fær lyfsöluleyfi, fyrst íslenskra kvenna.

**1930** Haile Selassie er lýstur keisari Eþíópíu.

**1948** Frystihúsið Frosti í Keflavík brennur.

**1982** Argentína gerir innrás á Falklandseyjar og hefur þannig Falklandseyjastríðið.

**2004** Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Rúmenía, Slóvakía og Slóvenía verða fullgildir meðlimir Nató.

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásgeir Kristinsson frá Höfða**

Stórasvæði 4, Grenivík,

sem lést þann 20. mars sl. verður jarðsunginn laugardaginn 5. apríl klukkan 14.00 frá Grenivíkurkirkju.

**Elísa Friðrika Ingólfsdóttir**
**Heimir Ásgeirsson** **Ólöf Bryndís Hjartardóttir**
**Ingólfur Kristinn Ásgeirsson** **Álfheiður Karlsdóttir**
**Afa- og langafabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Jóhannes Sævar Jóhannesson**

frá Vestmannaeyjum, Suðurtúni 19, Álftanesi,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 3. apríl kl. 13.00.

**Ágústa G.M. Ágústsdóttir**
**Svava Jóhannesdóttir**
**Alda Lára Jóhannesdóttir** **Halldór Klemenzson**
**Jóhanna María, Þórunn Ágústa, Ella og Anna Lillý**
**Þórunn Alda Björnsdóttir**
**og systkini hins látna.**

---



*Faðir minn, tengdafaðir og afi,*

**Valdimar Guðlaugsson**

Sandbrekku, Fáskrúðsfirði,

lést þann 26. mars sl.
Útförin fer fram frá Fáskrúðsfjarðarkirkju föstudaginn 4. apríl kl. 14.00.

**Elín Agnes Kristján Helgi**
**og synir.**

---



*Ástkær bróðir okkar, fósturbróðir og mágur,*

**Þorsteinn Sævar Jónsson**

Hátúni 12R, Sjálfsbjargarheimilinu,

lést á heimili sínu að morgni páskadags 23. mars.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigrún Jónsdóttir** **Pétur Ingason**
**Ólafía K. Jónsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Pétur Einarsson** **Ragnheiður Jónsdóttir**

---

ALÞJÓÐLEGI BARNABÓKADAGURINN: FJÖLBREYTT DAGSKRÁ Í KRINGLUNNI

# Hundrað snjallir krakkar fá bækur sem verðlaun í ratleik

„Þetta er hátíð fyrir íslensk börn og líklega hefur aldrei verið haldið jafn hraustlega upp á daginn hér á landi eins og núna því dagskráin teygir sig fram á næstu helgi,“ segir Bryndís Loftsdóttir þegar hún er spurð um alþjóðlega barnabókadaginn sem er í dag.

Bryndís er vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum Eymundsson og því er henni útgáfa þriggja klassískra ævintýrabóka ofarlega í huga. Þetta eru Alfinnur álfakóngur, Dísa ljósálfur og Dvergurinn Rauðgrani. „Þessar bækur hafa ekki verið fáanlegar í mörg ár en kostuðu þá 1.300. Nú tökum við höndum saman við Forlagið sem gefur þær út og ætlum að selja þær á 499 krónur til þess að sem flest börn geti eignast þær. Það verð gildir í öllum bókabúðum meðan upplagið endist,“ lofar hún.

Það eru IBBY samtökin sem upphaflega gerðu þennan dag, fæðingardag H. C. Andersen, að alþjóðlegum barnabókadegi. Samtökin voru stofnuð í Sviss fyrir fimmtíu og fimm árum af fólki sem unni góðum barnabókum. Íslandsdeild þeirra hóf í fyrra að veita einum barnabókarithöfundi verðlaun sem kallast Sögusteinn fyrir höfundarverk sitt og Glitnir leggur til verðlaunaféð. Þau falla að þessu sinni Kristínu Steinsdóttur í skaut og verða afhent henni í dag af frú Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta. Sýning á myndum úr bókum Kristínar er í austurhluta Kringlunnar, undir Stjörnutorginu.

Ef frá er talin verðlaunaafhendingin verður Kringlan umgjörð dagskrár barnabókadagsins. Þar verður til dæmis ratleikur alla daga til 5. apríl fyrir snjalla krakka.

„Leikurinn er í léttari og skemmtilegri kantinum og hundrað krakkar fá bækur í verðlaun,“ segir Bryndís glaðlega og heldur áfram. „Svo erum við í samstarfi við Borgarbókasafnið í Kringlunni og í góðu skjóli utan við gamla Hard Rock innganginn verður rosalega flottur nýr bókabíll. Hann ferðast alla jafnan á milli leikskóla og flytur börnunum sögur en nú mun hann gleðja gesti Kringlunnar, myndskreyttur af Brian Pilkington.“ Reyndar kemur Brian meira við sögu því næsta laugardag mun hann verða í Pennanum/Eymundssyni í Norður-Kringlunni að teikna tröll. „Það er gaman að fylgjast með Brian vinna og fyrir hvern þann sem hefur haft unun af bókum hans og teikningum verður þetta frábær upplifun,“ segir Bryndís. „Ég hef alltaf sagt að Brian Pilkington ætti að vera fyrir löngu búinn að fá fálkaorðuna fyrir að gæða íslensku tröllin og aðrar þjóðsagnahetjur lífi.“ **gun@frettabladid.is**



**BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR.** „Alþjóðlegi barnabókadagurinn er að verða eins og dagur bókarinnar, 23. apríl, sem hefur breyst í viku bókarinnar.“
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





**BARNABÆKUR** Dísa ljósálfur, Alfinnur Álfakóngur og Dvergurinn Rauðgrani eru nú gefnar út að nýju en þær hafa ekki verið fáanlegar í nokkur ár.

---



*Systir mín, mágkona og frænka,*

**Erla Ágústsdóttir**

fyrrverandi flugfreyja,
Grænuhlíð 12,

sem andaðist 20. mars síðastliðinn, verður jarðsungin fimmtudaginn 3. apríl kl. 13.00 í Dómkirkjunni.

**Jóhann Ágústsson** **Svala Magnúsdóttir**
**Sigríður Magnúsdóttir**
**Magnús Valur Jóhannsson** **Bjarnveig Ingvarsdóttir**
**Guðmundur Örn Jóhannsson** **Íris Gunnarsdóttir**
**Sólveig Fríða Jóhannsdóttir** **Ingimar Bjarnason**
**Gunnar Ágúst Harðarson** **Guðbjörg E. Benjamínsdóttir**
**Steinunn Harðardóttir** **Magnús Ólafsson**
**Guðrún Harðardóttir** **Árni Svanur Daníelsson**
**Karin Cannaday**
**Donna Lefever** **Bruce Lefever**
**Jim Houhoulis** **Barbara Houhoulis**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, dóttir og systir,*

**Anna Jónsdóttir**

Vallargötu 18, Vestmannaeyjum,

verður jarðsungin frá Landakirkju föstudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Karl Björnsson**
**Björn Ívar Karlsson**
**Katla Snorradóttir** **Hreinn Pétursson**
**Berglind Karlsdóttir**
**Elfa Karlsdóttir**
**Jón S. Óskarsson** **Hrefna Sighvatsdóttir**
**Orri Jónsson** **Hulda Birgisdóttir**
**Már Jónsson** **Margrét Jónsdóttir**
**Jóhanna Magnúsdóttir** **Steingrímur Benediktsson**
**Guðmunda Magnúsdóttir** **Ólafur Bragason**
**Hrafnhildur Magnúsdóttir** **Guðmundur Hárlaugsson**



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: **585 8300 / 585 8330** eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

póst húsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is




# Framsækið samfélag með álver á Bakka

**Opinn borgarafundur um verkefnið Framsækið samfélag með álver á Bakka, verður haldinn fimmtudaginn 3. apríl, kl. 20:00-22:00 á Fosshótelinu, Ketilsbraut 22, Húsavík.**

Fulltrúar Norðurþings, Alcoa, HRV, Landsvirkjunar og Landsnets kynna á fundinum undirbúning og stöðu þessa mikilvæga verkefnis og svara fyrirspurnum íbúa.

***Dagskrá***

***Fundarsetning***
Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings

***Norðurþing, staða mála og næstu verkefni***
Tryggvi Finnsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga

***Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslu***
Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings

***Orkuflutningar***
Árni Jón Elíasson, sérfræðingur, Landsneti

***Orkuöflun***
Árni Gunnarsson, forstöðumaður jarðhita, Landsvirkjun Power

***Undirbúningsrannsóknir vegna álvers***
Arnór Þórir Sigfússon, HRV

***Grunnur að styrkingu atvinnulífs á Norðausturlandi – álver á Bakka***
Kristján Þ. Halldórsson, verkefnisstjóri samfélagsmála hjá Alcoa á Norðurlandi

***Spurningar og svör***

***Samantekt og fundarslit***
Bergur Elías Ágústsson

***Fundarstjóri:***
Erna Björnsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi Norðurþings

NORÐURÞING


# STUÐ MILLI STRÍÐA Hjartsláttur og hlaup

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ER EKKI SÉRLEGA HRIFIN AF FYRSTA APRÍL



Þegar þetta er skrifað hefur fólk enn sjö og hálfan tíma til þess að ljúga einhverjum andskotanum að mér. Hingað til hef ég sloppið nokkuð vel, og ekki einu sinni verið látin hringja í Rauða torgið eða Dominos þegar ég held að ég sé að hringja í alþingismann. Fyrir tilstilli illkvittinna vinnufélaga hefur það gerst. Það var að vísu ekki einu sinni á fyrsta apríl, sem undirstrikar bara punktinn með þessu: ég er svo auðtrúa að ég má ekki við þessum árans degi lyga og pretta.

Fyrir margt löngu, þegar ég var ekki enn búin að koma mér upp snefli af tortryggni, lét ástkær fjölskyldumeðlimur mig hlaupa upp og niður fjórar hæðir í blokk, til þess eins að hlæja að mér þegar ég kom móð og másandi upp stigann aftur og hafði ekki fundið garðskófluna eða grillpinnann sem ég átti að sækja. Fyrir það fyrsta er þetta náttúrulega mannvonska, sama hvað mánaðardag dagatalið sýnir. Í öðru lagi er þetta eitt af þessum hundleiðinlegu og hvað mig varðar gjörsamlega húmorslausu aprílgöbbum sem einkenna þennan dag því miður. Þau aprílgöbb sem eru aðeins flóknari verða hins vegar yfirleitt til þess að ég sé svart af einhverjum ástæðum öðrum en mæði. Fyrir nokkrum árum fékk ég til dæmis næstum því taugaáfall af hryllingi þegar ég fékk sms frá eiganda barsins sem ég vann á, sem var eitthvað á þessa leið: „Ég veit þú ert að stela af mér. Ég hef sannanir fyrir því. Láttu aldrei sjá þig hér framar.“ Eftir að hafa haft andarteppu í fimm mínútur og verið nærri bæði yfirliði og uppköstum tók ég símann upp skjálfandi höndum til að hrekja þessar hræðilegu ásakanir. Þegar símanum var svarað heyrðist bara hlátur. Ég var nær dauða en lífi.

Sjö tímar og korter eftir og ég er guðs lifandi fegin að þessi dagur er að verða búinn. Nenni hvorki að hlaupa á milli hæða eða fá andarteppur. Nú er ég farin að hitta vinkonu mína á toppi Hvannadalshnjúks, hún er víst að bíða eftir mér þar með pikknikkkörfu.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## NÝIR DISKAR




Út er kominn nýr geisladiskur saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar; Blátt ljós. Diskurinn er sjálfstætt framhald Blárra skugga sem komu út síðastliðið haust og hlutu frábærar viðtökur. Sami kvartett leikur hér, en hann skipa auk Sigurðar framverðir elstu starfandi kynslóðar íslenskra djasstónlistarmanna, þeir Þórir Baldursson á Hammond-orgel, Jón Páll Bjarnason á gítar og Pétur Östlund á trommur. Á nýja disknum eru níu lög, öll eftir Sigurð, en þau voru samin sérstaklega fyrir þessa hljómsveit og einstaklingana sem hana skipa. Tónlistin er blúskennd og byggir að nokkru leyti á gamalli hefð samruna djass- og blústónlistar. Diskurinn var tekinn upp í hljóðveri FÍH í júní og september 2007. Hljóðritun annaðist Hafþór Karlsson. Diskinn prýða ljósmyndir eftir Guðmund Albertsson og Nökkva Elíasson. Dimma gefur út.

## LEIÐRÉTTING



**LEIKHÚS** Pétur Eggerz

Eftirfarandi leiðrétting við leikdóm Páls Baldvins Baldvinssonar um leiksýningu Möguleikhússins á Aðventu hefur borist Fréttablaðinu frá Pétri Eggerz: „Í leikdómi um sýningu Möguleikhússins á Aðventu segir að bæði ríki og borg hafi látið af stuðningi til starfsemi leikhússins á yfirstandandi ári. Hér er ekki rétt farið með. Hið rétta er að við úthlutun Menntamálaráðuneytis á fé til sjálfstæðra leikhúsa sem fram fer samkvæmt tillögum Leiklistarráðs hlaut Möguleikhúsið í fyrsta sinn í fjórtán ár engan stuðning þaðan, hvorki í formi starfslauna né beins fjárstuðnings. Reykjavíkurborg styrkir Möguleikhúsið hins vegar um þrjár milljónir króna í ár og er það samkvæmt þriggja ára starfssamningi. Sá samningur var endurnýjaður fyrir rúmu ári og lækkaði þá um 25 prósent frá því sem áður var. Menntamálaráðuneytið hefur nú veitt Möguleikhúsinu 2 milljónir króna til reksturs leikhússins á yfirstandandi ári. Samtals hefur Möguleikhúsið því hlotið 5 milljónir króna til reksturs og uppsetninga leikverka í ár. Það er ljóst að þessi stuðningur dugir hvergi nærri fyrir óbreyttum áframhaldandi rekstri og stefnir því allt í að Möguleikhúsið flytji úr húsnæði því sem það hefur yfir að ráða við Hlemm síðar á árinu og dragi verulega úr allri starfsemi. Þá segir á öðrum stað í dómnum „Í inngangsorðum verksins er okkur sagt fyrirmunað að skilja fjárgæslu á vetrum. Okkar tímar skynji ekki þá miklu vá sem vofði yfir fjármönnum í vetrarveðrum.“ Þessar fullyrðingar er hvergi að finna í texta sýningarinnar og eru því alfarið túlkun gagnrýnandans á verkinu.“

Nýr vefur
GolfSpjall.is
opnar í dag
2. apríl kl. 16:07

# Glitnir styður óperu

Óperustúdíó Íslensku óperunnar er í fullum undirbúningi um þessar mundir og verður frumsýning á Così fan tutte (Allar eru þær eins!) eftir W.A. Mozart, tekin er fyrir að þessu sinni, sunnudaginn 6. apríl næstkomandi. Glitnir er aðalbakhjarl Óperustúdíós Íslensku óperunnar fjórða árið í röð og var samningur þess efnis undirritaður í liðinni viku. Lárus Welding, forstjóri Glitnis, og Sigrún Hjálmtýsdóttir, stjórnarmaður í Menningarsjóði Glitnis, undirrituðu samninginn fyrir hönd Glitnis ásamt Stefáni Baldurssyni, óperustjóra Íslensku óperunnar. „Við erum afskaplega ánægð með samstarfið við Íslensku óperuna í gegnum árin,“ sagði Lárus Welding við undirritunina. „Við erum sérstaklega stolt af því að styðja ungt og hæfileikaríkt tónlistarfólk og hvetja það til dáða.“

Óperustúdíóið var fyrst starfrækt vorið 2004 og er þetta því í fimmta sinn sem Íslenska óperan stendur fyrir verkefninu. Óperustúdíóið er vettvangur innan Íslensku óperunnar þar sem langt komnir og hæfileikaríkir söngnemendur syngja öll hlutverk og kór í óperuuppfærslu og tónlistarnemendur skipa ennfremur hljómsveitina. Listræn stjórn er hins vegar í höndum atvinnumanna og gefst nemendunum þannig kostur á að fá glögga innsýn í hið viðamikla verkefni sem uppsetning óperu er. Alls verða fjórar sýningar á óperunni, 6., 9., 11. og 13. apríl.

- pbb



**TÓNLIST** Stefán Baldursson óperustjóri, Sigrún Hjálmtýsdóttur og Lárus Welding við undirritun samningsins. MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN

GLÆSIDAGAR
TILBOÐSDAGAR
Í
GLÆSIBÆ
3 - 5. APRÍL

## > EINKAKLÚBBUR PARISAR

Paris Hilton er að láta byggja einkaklúbb í kjallaranum á nýja húsinu sínu í Hollywood Hills, sem hún keypti nýlega á sex milljónir dollara. Klúbburinn mun taka allt að tvö hundruð gesti. Það er þó ekki allt og sumt, því Paris ætlar líka að láta gera upptökustúdíó í húsinu, þar sem hún hyggst taka upp nýja plötu.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Spænskur stórsigur á Youtube

Horfa má á öll myndböndin við Eurovision-lögin 43 á Youtube. Gefinn hefur verið út listi yfir vinsælustu myndböndin og sigraði spænska framlagið með miklum yfirburðum, horft hefur verið á það 8.400.000 sinnum. Næstu lög koma langt á eftir: tyrkneska rokklagið er næst (1.300.000), svo írski kalkúninn (1.200.000), þá gríska gyðjan Kalomira (1.100.000). Aðeins er sagt frá röð tíu vinsælustu myndbandanna og er hið íslenska ekki þar á meðal. Reyndar er myndbandaframlag Íslands enn sem komið er bara upptaka frá úrslitakvöldi Laugardagslaganna, en á allra næstu dögum stendur til að búa til alvöru myndband við „This is my life“. Að sögn verður um frekar „óhefðbundið“ myndband að ræða.

Spænski keppandinn Rodolfo Chikilicuatre – „spænski Eiríkur Fjalar“ – og lagið „Baila El Chiki Chiki“ virðist vera á mikilli siglingu þessa dagana eins og vinsældir myndbandsins bera vitni um. Spánverjar eru taldir til hinna „stóru landa“ og fara því beint í úrslitaþáttinn, en þeir eyddu samt miklu púðri í forkeppnina í ár með átakinu „Björgum Eurovision“. Ef fram fer sem horfir er aldrei að vita nema Spánverjar vinni og yrði það þá í fyrsta skipti síðan 1969 þegar söngkonan Salomé sigraði með laginu „Vivo cantando“.



**SPÆNSKUR EIRÍKUR FJALAR** Mest horft á Rodolfo Chikilicuatre á Youtube.

EUROVISION **51 DAGUR TIL STEFNU**






# Tilboðunum rignir yfir Britney Spears

Atvinnutilboðunum heldur áfram að rigna yfir Britney Spears, en frammistaða hennar sem gestaleikkona í þáttaröðinni How I Met Your Mother hefur leitt til þess að henni hefur verið boðið hlutverk í leikritinu Sporvagninn Girnd á West End. Þá íhuga forsvarsmenn sjónvarpsstöðvarinnar ABC að búa til nýjan sjónvarpsþátt með hana í aðalhlutverki. Nýjasta tilboðið barst söngkonunni frá dýraverndunarsamtökunum PETA. Spears þótti svo stórkostleg í hlutverki móttökudömunnar í How I Met Your Mother, að framkvæmdastjóri PETA, Ingrid E. Newkirk, hefur boðið henni starf sem, einmitt, móttökudama.

Í opnu bréfi til söngkonunnar ítrekar Newkirk að ekki sé um aprílgabb að ræða, heldur standi Spears starfið til boða. Söngkonan átti ekki upp á pallborðið hjá samtökunum á árum áður, þar sem hún hefur oft klæðst loðfeldi og keypt sér gæludýr í dýrabúðum. „Þú gætir jafnvel bara unnið í klukkutíma og þá myndirðu sjá – innan frá – af hverju málefni eins og loðfeldir og heimilislausir hundar og kettir eru okkur svo hugleikin,“ skrifar Newkirk. „Sem þakklætisvott fyrir sýndan vilja þinn til að læra og hjálpa til, myndum við gefa eittþúsund dollara til góðgerðarmála fyrir börn,“ skrifar hún.



**Í MÓTTÖKU PETA?** Stjórn Peta hefur boðið Britney Spears starf sem móttökudama hjá þeim eftir að hafa séð söngkonuna í svipuðu hlutverki í þættinum How I Met Your Mother.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is



# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

## VORUM AÐ FÁ SKELJAR BEINT FRÁ KANADA, BYGGÐAR ÚR TREFJAGLERI.

ÓTRÚLEGT VERÐ AÐEINS
**kr. 190.000,-**

5-6 manna, með legubekk, stærð 212cm x 212 cm, hæð 100 cm. 1450 lítra.
4 hnakkapúðar fylgja með. Eigum 3 liti á lager, Bláar, hvítar og svartar.

**Ath:** Skeljarnar eru byggðar úr trefjagleri. Trefjagler upplitast ekki í sól eins og plastskeljar gera og eru 10 falt sterkari. Ekki þarf að byggja sérstakann stuðning undir sætin. Eigum lok sem passar, 2 litir.

Kanadískir
gæða pottar.
**Verð frá 490.000,-**



Canada's 50 Best Managed Companies

BEST OF CLASS
poolandspa.com

**Arctic Spas** er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á heitum pottum í heiminum í dag. 25 ára gamalt fyrirtæki í Kanada. Eitt af 50 best reknu fyrirtækjum í Kanada, Það segir meira en mörg orð.

Arctic Spas®

**OPIÐ Í DAG**
9.00 - 18.00

**Arctic Spas Faxafeni 9 Sími 554 7755**
**www.arcticspas.is ath. Aðkoma í kjallara, bakhús.**




**ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10:10D | 10 |
| LARS AND THE REAL GIRL | | kl. 8 - 10:10 | L |
| 10.000 BC | | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | DIGITAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON | M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN | M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | | kl. 5:50 - 8 | 7 |

**KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 6D - 8D - 8:30D - 10D - 10:30D | 10 |
| HANNA MONTANA | 3-D DIGITAL | kl. 6 (3D) | L |
| JUNO | | kl. 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN | M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

**SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 8 | 7 |
| 10.000 BC | kl. 10:20 | 12 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| 10.000 BC | kl. 8 | 12 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10 | 16 |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| THE EYE | kl. 8 - 10 | 16 |




**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| THE EYE - POWER | kl. 6, 8 og 10.15 | 16 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 og 8 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| VANTAGE POINT LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 8 - 10.10 | 12 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 — 550 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.30 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 | |

AUKAKRÓNUR 5%

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE EYE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 10 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10 | 16 |
| LOVEWRECKED | kl. 8 - 10 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

# Noise ferðast um Bretland

Rokksveitin Noise heldur í sína fyrstu tónleikaferð til Bretlands síðar í þessari viku. Til þess að hita upp fyrir túrinn heldur sveitin kveðjutónleika á Dillon í kvöld.

„Við erum búnir að stefna að þessu svolítið lengi en höfum ekkert verið að flýta okkur neitt að þessu," segir Einar Vilberg, söngvari og gítarleikari Noise. „Þetta á eftir að verða gaman."

Fyrstu tónleikar Noise verða í Wales á sunnudagskvöld og síðan liggur leiðin til ensku borganna Boston, Manchester, Mexborough og Blackpool. Líklega mun sveitin leyfa áheyrendum að fá forsmekkinn af þriðju plötunni, sem verður hljóðrituð að tónleikaförinni lokinni. „Við ætlum að reyna að nýta þennan túr eins og við getum. Við verðum með báðar plöturnar til sölu, boli og fleira dót," segir Einar og bætir því við að næsta plata Noise verði frábrugðin þeirri síðustu. „Við erum að fara svolítið í aðra átt. Hún verður þyngri en samt melódískari, blanda af poppi og metal."

Fyrsta breiðskífa Noise kom út árið 2003. Bar hún nafnið Pretty Ugly og innihélt tólf kraftmikil rokklög, þar var á meðal Paranoid Parasite sem hlaut mikla spilun á íslenskum útvarpsstöðvum. Önnur platan kom svo út í árslok 2006 og sú þriðja er væntanleg í október. **- fb**



**NOISE** Rokkararnir í Noise eru á leiðinni í sína fyrstu tónleikaferð til Bretlands.

# Grínarar fuku fyrir framvindu

**Einhverjir fremstu grínleikarar þjóðarinnar urðu eftir á klippiborðinu þegar Stóra planið var klippt. Sálfræðingur Jóns Gnarrs og vafasamur athafnamaður Steins Ármanns fuku fyrir lítið. Þá urðu húsvörður og frændi mun minni en efni stóðu til.**



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Segir þetta hafa verið blóðbað en hann er mikill aðdáandi þeirra sem urðu eftir á teikniborðinu.

„Ég hef sjaldan verið í betri félagsskap þarna á klippiborðinu. Við ættum að halda sérstakt frumsýningarpartý," segir Þorsteinn Guðmundsson leikari.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að nokkrir af fremstu gamanleikarum þjóðarinnar hafi orðið eftir á klippiborði Ólafs Jóhannessonar kvikmyndaleikstjóra þegar gengið var frá endanlegri útgáfu kvikmyndarinnar Stóra planið: Steinn Ármann Magnússon og Jón Gnarr fuku alveg og hlutverk Þorsteins sem og Sigurjóns Kjartanssonar og sjálfs Ladda voru skorin við trog. Sætir þetta nokkurri furðu.

„Ég skil ekkert í þessu. Var þarna reyndar í pínulitlu hlutverki. En mér skilst að ég hafi eitthvað sést í myndinni," segir Þorsteinn. Hann hafði hitt einn helsta leikara myndarinnar, Pétur Jóhann Sigfússon, sem sagðist sakna atriðis þar sem Þorsteinn í hlutverki húsvarðar prumpar. „Já, leikstjórinn klippti prumpið mitt út! Gæðaprump. Kunni ekki að meta gæðaprump gæðaleikara," segir Þorsteinn og veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið.

„Við ættum kannski að gera eins og vörubifreiðastjórar? Safnast saman við Steinn, á fjölförnum götuhornum og benda á þessa ósvinnu. Það væri kannski ráð?" spyr Jón Gnarr. Ólafur hafði reyndar hringt í Jón og látið hann vita. „Þetta var ekkert stóráfall fyrir mig. Ég var þarna í frekar litlu og ómerkilegu hlutverki. Einhver sálfræðingur sem var að taka hjónaviðtal við Ilmi [Kristjánsdóttur] og Pétur. Engin eftirsjá fyrir mig. Né heldur fór þjóðin á mis við neina snilld," segir Jón.

Sigurjón Kjartansson tekur í sama streng. Segir Ólaf hafa tekið miklu meira en ætlunin var upphaflega. Svo þegar farið var að skoða þetta var niðurstaðan sú að halda sig við upphaflega planið. „Að Pétur Jóhann hafi leikið okkur út og undir borð? Jú, jú, að sjálfsögðu. Hann er náttúrulega einn af aðalleikurum myndarinnar," segir Sigurjón. „Ég leik þarna einhvern frænda Péturs sem var að hjálpa honum að flytja."

Leikstjóri Stóra plansins segir klippivinnuna hafa einkennst af nokkurri sálarangist:

„Þessir menn eru í guðatölu hjá mér. Hver og einn. En er þetta ekki ákveðið þroskamerki þegar maður nær að líta yfir hetjurnar sínar og leggur áherslu á framvinduna?" spyr Ólafur. Og dregur hvergi úr að þetta hafi verið blóðbað en nauðsynlegt blóðbað.

Ekki náðist í Stein Ármann í gær en að sögn Ólafs fór hann með hlutverk Friðberts, vafasams athafnamanns sem vildi koma upp félagsmiðstöð fyrir útlendinga og var nýlega búinn að kaupa bobbborð. En honum var ekki trúað og talinn hafa eytt peningunum í spilakassa – og lá eftir á klippiborðinu.

**jakob@frettabladid.is**



**LÁGU EFTIR Á KLIPPIBORÐINU** Fórnarlömb framvindunnar teljast með bestu gamanleikurum þjóðarinnar.

# Morfís-stríðið heldur áfram

„Ég er búinn að senda þeim formlega afsökunarbeiðni enda er það alveg kristaltært að það má ekki ráðast á liðsmenn ræðuliðanna," segir Berglind Sunna Stefánsdóttir, forseti nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð. Nokkrir nemendur MH gerðu aðsúg að ræðuliði MR með vatnsbyssum en slíkt brýtur í bága við ríkjandi stríðssamkomulag. Forseti skólafélagsins Framtíðarinnar, Magnús Þorlákur Lúðvíksson, segir herdeild MR vera með í undirbúningi stórkostlega hefndaraðgerð sem fái hárin til að rísa hjá andstæðingunum. „Árásin á ræðuliðið var fyrir neðan allar hellur en við afvopnuðum umrædda aðila og leyfðum þeim að smakka á eigin meðali," segir Magnús. Hann bætir því við að engan bilbug sé að finna á stríðsmönnum MR. „Við verðum á varðbergi allan sólarhringinn," segir Magnús en næturvaktir hafa verið skipulagðar í báðum skólum.

Berglind reynir ekki að draga fjöður yfir það að árásin á MR-inga hafi verið illa ígrunduð. En segir það sínum mönnum til stuðnings að þeir hafi verið nýbúnir að fjárfesta í vatnsbyssunum fyrir næturvaktir sínar og á leið sinni úr miðbæ höfuðborgarinnar hafi þeir rekist á ræðulið höfuðandstæðinganna. Þeim hafi við það hlaupið kapp í kinn. Herráð skólans hafi hins vegar tekið á málinu og nú sé í undirbúningi stór aðgerð sem eigi að koma MR-ingum í opna skjöldu. Hvorki Magnús né Berglind vildu þó upplýsa hvenær og hvað yrði gert í stóru aðgerðunum en víst er að nemendur skólans verða við öllu búnir. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa skólarnir lýst yfir stríði sem lýkur á laugardaginn þegar liðin eigast við í úrslitum Morfís-keppninnar. **- fgg**



**BARIST MEÐ VATNI** Átök brutust út milli MR og MH þegar nemendur hins síðarnefnda veittust að ræðuliði MR með vatnsbyssum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjórar milljónir til Mugisons

**Tónlistarmaðurinn Mugison fékk fjögurra milljóna króna styrk hjá tónlistarsjóðnum Kraumi við hátíðlega athöfn í gær. Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari fékk eina og hálfa milljón og hljómsveitin Amiina 1,2 milljónir.**



**ELDAR ÁSTÞÓRSSON** Framkvæmdastjóri Kraums segir að mikil þörf sé fyrir þennan nýja tónlistarsjóð. Úthlutað var í fyrsta skipti úr Kraumi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hljómsveitirnar Celestine, FM Belfast, Dikta og Skakkamanage, ásamt Ólöfu Arnalds og Elfu Rún Kristinsdóttur, fengu einnig hálfa milljón hver í styrk.

„Við erum rosalega ánægð og stolt með þessa listamenn og þau góðu verk sem við erum að styðja þá til á árinu,“ segir Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Kraums. „Mugison er með mjög spennandi og metnaðarfulla áætlun í gangi í kringum útgáfu á plötunni sinni á erlendum vettvangi. Þessi styrkur miðast helst við að styðja við tónleikahald hans bæði í Bandaríkjunum og Evrópu því það er mjög dýrt sport. Það snýst ekki bara um ferðalögin heldur líka laun til hljómsveitarinnar.“

**Þriggja ára tilraun**

Kraumur er nýr sjálfstætt starfandi sjóður sem settur var á laggirnar af velgerðarsjóðnum Aurora, sem er í eigu Ingibjargar Kristjánsdóttur landslagsarkitekts, og Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samkaupa. Kraumur er þriggja ára tilraunaverkefni og samkvæmt núverandi áætlun lýkur því í lok árs 2010. „Við ætlum að sýna og sanna strax í ár að það er mikil þörf fyrir svona sjóð,“ segir Eldar. „Ég held að það sýni sig líka á þeim fjölda umsókna sem okkur barst. Ég finn það alls staðar í kringum mig að það er mjög lítill peningur í íslenskri tónlist eins og kannski gefur auga leið. Engu að síður er mikill metnaður í tónlistarfólki að koma sér á framfæri bæði hér heima og erlendis. Þess vegna er Kraumur ekki endilega hugsaður sem útrásarsjóður heldur til að styðja við innviðina hér heima þar sem gróskan er mest.“

**Tíu bestu plöturnar**

Alls fær íslenskt tónlistarfólk tíu milljónir króna úr sjóðnum í ár. Tíu milljónir til viðbótar verða lagðar í önnur verkefni á vegum Kraums, þar á meðal Kraumsverðlaunin sem verða veitt í fyrsta sinn í lok ársins. Þá verða valdar tíu bestu plötur ársins og verða hundrað eintök af hverri þeirra keypt af Kraumi og þau send til útlanda í kynningarskyni. „Þetta verður með öðru sniði en Íslensku tónlistarverðlaunin. Þetta verður mun óformlegra. Okkur langar að búa til plötuverðlaun með svipuðu sniði og Mercury-verðlaunin í Bretlandi og Shortlist Awards í Bandaríkjunum. Við viljum fyrst og fremst verðlauna það sem er spennandi og nýtt í tónlistinni,“ segir Eldar og tekur fram að bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum séu stærri verðlaun á borð við Brit Awards og Grammy, sem mætti líkja við Íslensku tónlistarverðlaunin hér heima.

freyr@frettabladid.is

# Sign hitar upp

Hljómsveitin Sign hitar upp fyrir rokksveitina Whitesnake í Laugardalshöll 10. júní næstkomandi. Var hún valin úr stórum hópi hljómsveita sem óskuðu eftir þessu góða tækifæri.



**SIGN** Rokksveitin Sign hitar upp fyrir Whitesnake 10. júní næstkomandi.

Ekki er langt síðan Sign hitaði upp fyrir aðra gamalkunna rokksveit, Skid Row, á tónleikaferð um Bretland með góðum árangri. Nær uppselt er í stúku á tónleikana í Höllinni. Um þrjú þúsund miðar eru seldir en enn er hægt að tryggja sér miða í stæði. Whitesnake spilaði síðast hér á landi á tvennum tónleikum í Reiðhöllinni árið 1990.

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmda-og eignasviðs Reykjavíkurborgar:

*Eldhústæki fyrir Höfðatorg*

Úboðsgögn fást afhent á geisladiski í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 14. apríl 2008 kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12121
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í Bílaland B&L og kynntu þér kostina



BMW 325i Coupe
Nýskr: 06/2007, 2500cc, 2 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 3000.
Verð: 6.750.000



L.R. RANGE ROVER Supercharged
Nýskr: 01/2006, 4200cc, 400 hestöfl, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 27.000.
Verð: 13.300.000



L.R RANGE ROVER SPORT Supercharged
Nýskr: 10/2005, 4200cc 400 Hestöfl, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 18.000
Verð: 9.200.000



BMW X5 diesel
Nýskr: 09/2004, 2900cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkblár, Ekinn 70.000
Verð: 5.390.000

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
575 1230

## > Guðjón Valur til Löwen í sumar




Samkomulag hefur náðst á milli þýsku félaganna Rhein-Neckar Löwen og Gummersbach um Guðjón Val Sigurðsson. Landsliðsmaðurinn samdi við Löwen frá og með sumrinu 2009 en Löwen reri að því öllum árum að fá Guðjón Val í sínar raðir strax í sumar. Forráðamenn Löwen sættu sig ekki við þann verðmiða sem Gummersbach setti á Guðjón Val og málið var í miklum hnút. Nú hefur loksins tekist að skera á hnútinn og Guðjón getur því flutt ásamt fjölskyldunni til Mannheim í sumar.

**sport**

sport@frettabladid.is

UNGVERJINN FERENC ANTAL BUDAY: HÆTTI SKYNDILEGA SEM ÞJÁLFARI HJÁ FRAM Í N1-DEILD KARLA Í HANDBOLTA

# Ekki sáttur en svona getur líf þjálfara verið



Stjórn handknattleiksdeildar Fram tilkynnti í fyrrakvöld að félagið hefði náð samkomulagi við Ferenc Antal Buday um að hann myndi hætta sem þjálfari mfl. karla frá og með deginum í gær. Magnús Jónsson, aðstoðarþjálfari Buday í vetur, mun stýra liðinu út leiktímabilið, þangað til Viggó Sigurðsson tekur við stjórnartaumunum. Buday gat ekki leynt vonbrigðum sínum með skyndilegt brotthvarf sitt frá Fram, eftir að hafa þjálfað Safamýrarliðið frá síðasta sumri, þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum í gær.

„Ég er náttúrulega ekki sáttur með tilhögunina en svona getur líf þjálfara stundum verið. Ég hefði eðlilega viljað fá tækifæri til þess að klára tímabilið með Fram en þar sem annar þjálfari er hvort sem er að taka við félaginu eftir tímabilið ákvað ég að sætta mig við það að hætta á þessum tímapunkti. Ég vonast jafnframt til þess að efnilegt lið Fram klári tímabilið af fullum krafti og nái öðru sæti á eftir Haukum. Magnús Jónsson er frábær náungi og hann þekkir íslenskan handbolta út í gegn og á vonandi eftir að klára tímabilið á jákvæðum nótum," sagði Buday, sem kvaðst hafa notið sín vel í starfi hjá félaginu og lært mikið.

„Ég vissi að þetta yrði krefjandi verkefni þegar ég tók við þjálfarastarfinu síðasta sumar, bæði hvað varðar tungumálaörðugleika og ólíka menningu og hugarfar leikmanna og annað. Ég lærði smátt og smátt inn á það en núna er það vitaskuld of seint," sagði Buday, sem útilokaði ekki að þjálfa aftur á Íslandi ef tækifæri byðist.

„Ég fer til að byrja með aftur til Ungverjalands þar sem ég mun hitta fjölskyldu mína og fara vel og vandlega yfir málin. Ég er ekki búinn að ákveða hvað ég geri í framhaldinu en ég mun klárlega skoða með opnum huga þau tilboð sem kunna að berast mér í hendur," sagði Buday að lokum.

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| **AS Roma-Man. Utd** | **0-2** |
| 0-1 Cristiano Ronaldo (39.), 0-2 Wayne Rooney (66.). | |
| **Schalke-Barcelona** | **0-1** |
| 0-1 Bojan Krkic (12.). | |

*Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| **KR-Keflavík** | **71-84** |

**Stig KR:** Candace Futrell 28 (12 frák,., 8 stoðs.), Sigrún Ámundadóttir 17 (17 frák.), Hildur Sigurðardóttir 11 (7 frák., 7 stoðs.), Guðrún Þorsteinsdóttir 11, Guðrún Ámundadóttir 2, Helga Einarsdóttir 2 (11 frák.).

**Stig Keflavíkur:** Takesha Watson 22 (9 frák., 6 stoð.), Pálína Gunnlaugsdóttir 21, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 15, Susanne Biemer 13 (6 frák.), Margrét Kara Sturludóttir 7 (15 frák., 5 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 5, Rannveig Randversd. 2.

Fannar Þorbjörnsson:

## Hættir hjá Fredericia

**HANDBOLTI** Línumaðurinn Fannar Þorbjörnsson hefur ákveðið að nýta sér klásúlu í samningi sínum við danska liðið Fredericia og hætta hjá félaginu í sumar. Hann er á sínu þriðja tímabili með liðinu.

Fannar segir við danska fjölmiðla að framtíðin sé óráðin. Hann viti ekki hvort hann verði áfram erlendis eða haldi aftur heim til Íslands.

Fannar er uppalinn hjá Val en lék með ÍR áður en hann hélt í víking. **- hbg**


**Nýr vefur**
**Golfsamfélag**
**fyrir *alla* kylfinga**
GolfSpjall.is





**GLEÐI OG SORG** Leikmenn Manchester United gleðjast eftir annað markið í Róm. NORDIC PHOTOS/AFP

# Rómverjum veitt rothögg

**Manchester United og Barcelona unnu góða útisigra í gærkvöld þegar átta liða úrslit Meistaradeildarinnar hófust. Ronaldo og Rooney sáu um slaka Rómverja.**

**FÓTBOLTI** Manchester United og Barcelona eru komin með annan fótinn í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu eftir góða útisigra í gærkvöld. United lagði Roma, 0-2, á Ítalíu og Barcelona lagði Schalke, 0-1, í Gelsenkirchen.

Fyrri hálfleikur hjá Man. Utd og Roma var tilþrifalítill. United setti aðeins meira púður í sóknarleikinn undir lok hálfleiksins og Ronaldo skallaði boltann af harðfylgi í markið sex mínútum fyrir hlé.

Allur vindur var úr Rómverjum þegar Rooney kom United í 2-0 með marki af stuttu færi eftir hrikaleg mistök markvarðar Roma. United stýrði umferðinni í kjölfarið og hefði hæglega getað bætt við þriðja markinu.

„Þetta var flott frammistaða í leik sem allir vissu að yrði erfiður. Roma spilaði vel en við sköpuðum okkur nokkur færi sem við nýttum. Ég tel að þessi sigur hafi verið verðskuldaður," sagði Cristiano Ronaldo eftir leikinn en hann lá óvígur eftir að hann skoraði.

Barcelona sótti góðan sigur til Þýskalands þar sem hinn 17 ára Bojan Krkic skoraði eina mark leiksins. Hann varð um leið yngsti leikmaðurinn sem skorar í útsláttarkeppni Meistaradeildarinnar frá upphafi. Eiður Smári Guðjohnsen hóf leik á bekknum hjá Barcelona og lauk honum þar einnig án þess að fá tækifæri. **henry@frettabladid.is**



**BOJAN KRKIC** Þessi 17 ára framherji fagnar hér sigurmarki sínu í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**ARSENE WENGER** Á leið í erfiða törn með sitt lið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Arsene Wenger:

## Tímabilið undir á tíu dögum

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, stjóri Arsenal, segir sína menn vel gera sér grein fyrir því að næstu tíu dagar muni skipta félagið öllu. Þá mun liðið spila þrisvar í röð við Liverpool og í kjölfarið fylgir leikur gegn Man. Utd á Old Trafford.

„Næstu tíu dagar skipta öllu fyrir tímabilið hjá okkur. Þessir dagar eru gríðarleg áskorun fyrir okkur," sagði Wenger. **- hbg**

Hneyksli hjá Porto?

## Hagræddi Porto úrslitum?

**FÓTBOLTI Porto hefur formlega verið sakað um að hafa hagrætt úrslitum tveggja knattspyrnuleikja leiktíðina 2003-04. Þá þjálfaði Jose Mourinho liðið en ásakanirnar eru ekki taldar snúa að honum persónulega.**

**Porto vann annan leikinn, 2-0, þar sem talið er að úrslitum hafi verið hagrætt en hinum lyktaði með markalausu jafntefli.**

**Félaginu hefur verið gefinn fimm daga frestur af portúgalska knattspyrnusambandinu til þess að svara ásökununum.**

**Verði Porto dæmt gæti félagið misst stig, fengið sekt eða hreinlega verið fellt um deild eða deildir.** **- hbg**


Samtök psoriasis og exemsjúklinga
SPOEX

**36. aðalfundur SPOEX 2008**

36. aðalfundur Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga verður haldinn í kvöld miðvikudaginn 2. apríl nk. að Grand Hótel, Reykjavík v/Sigtún og hefst fundurinn kl. 20.00.

**Dagskrá**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál
Kaffiveitingar

Mætið öll og fræðist um málefni samtakanna.

**Stjórnin**


Keflavík er einum sigri frá Íslandsmeistaratitlinum eftir sigur í Vesturbænum:

# Pálína vildi ekki vera aumingi aftur

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurkonur eru aðeins einum sigri frá Íslandsmeistaratitlinum eftir frábæran þréttán stiga sigur á KR, 71-84, í gær. Keflavík tók frumkvæðið strax í byrjun og var með góða forystu allan leikinn. Pálína Gunnlaugsdóttir skoraði 9 af fyrstu 18 stigum Keflavíkur og leiddi sitt lið áfram í vörn sem sókn.

„Þetta snýst bara um vörnina og ekkert annað. Mér fannst vera pínu aumingjaskapur hjá mér í síðasta leik og ég ætlaði alls ekki að láta það koma fyrir aftur þannig að ég gaf allt í botn," sagði maður leiksins, Pálína Gunnlaugsdóttir.

Pálína meiddist tvisvar í fyrsta leiknum og gat þá ekki klárað leikinn en það var allt annað upp á teningnum í gær.

„Ég hlakka mjög til föstudagsins og get ekki beðið að fara að spila leikinn," sagði Pálína sem getur orðið Íslandsmeistari þriðja árið í röð vinni Keflavík þriðja leikinn á föstudag.

Það var eins og fimm leikja serían gegn Grindavík sæti í KR-liðinu sem náði sér aldrei á strik. Liðið virtist ekki hafa orku í að loka á Keflavíkurliðið sem lék einn sinn besta leik í vetur. Auk Pálínu var Kesha Watson að spila vel, Susanne Biemer lék mun betur en í fyrsta leik og bæði fyrirliðinn Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir og Margrét Kara Sturludóttir áttu frábæra innkomu af bekknum.

„Þetta var frekar erfiður leikur og mér fannst við vera alltof seinar í vörninni. Það munaði svo litlu í síðasta leik þannig að mér fannst við hefðum átt að koma meira tilbúnar frá fyrstu mínútu.

Við klikkuðum líka á því í fyrsta leiknum í Keflavík og það er bara erfitt að elta allan leikinn á móti Keflavík," sagði Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR og bætti við. „Þetta er samt langt í frá að vera búið." **- óój**



**TAKESHA WATSON** Átti enn einn stórleikinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ALLT LAGT UNDIR** Arsenal og Liverpool mætast í þremur mikilvægum leikjum á næstu sjö dögum. NORDIC PHOTOS/AFP

Stríðið á milli Arsenal og Liverpool hefst í kvöld:

# Fyrsta orrustan af þremur

**FÓTBOLTI** Stórleikur kvöldsins í Meistaradeildinni verður á Emirates-leikvanginum þegar ensku liðin Arsenal og Liverpool mætast en Chelsea ferðast til Tyrklands og mætir Fenerbahçe.

Arsenal og Liverpool hafa marga hildina háð í gegnum tíðina en fyrir tilviljun munu liðin nú mætast þrisvar sinnum í röð á sjö dögum, tvisvar í Meistaradeildinni og einu sinni í ensku úrvalsdeildinni. Jafntefli var niðurstaðan í leik liðanna á Anfield í ensku úrvalsdeildinni fyrr í vetur en Arsenal vann þrjár af fjórum viðureignum liðanna í fyrra og sló Liverpool út úr báðum bikarkeppnunum á Englandi. Kolo Touré, varnarmaður Arsenal, telur í því samhengi að Liverpool óttist Arsenal.

„Þetta verða rosalegir leikir en ég held að leikmenn Liverpool séu minnugir þess hvernig fór á síðustu leiktíð og séu því smeykir við að mæta okkur. Lið okkar er líka mun sterkara núna,“ sagði Touré sigurviss í viðtali við Sky.

Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, blés á ummæli Tourés.

„Erum við hræddir við Arsenal? Nei, alls ekki. Við spilum alltaf með miklu sjálfstrausti í Meistaradeildinni og ég held að við munum vinna viðureignina ef við spilum af sömu ákefð og við höfum gert í Evrópu til þessa,“ sagði Benitez á blaðamannafundi í gær.

Chelsea er talið mun sigurstranglegra fyrir einvígið við Fenerbahçe en tyrkneska liðið kom mörgum í opna skjöldu með því að slá spænska liðið Sevilla út í sextán liða úrslitunum. Nicolas Anelka, framherji Chelsea sem lék áður með Fenerbahçe, varar þó liðsfélaga sína við fyrir leik liðanna í Istanbúl í kvöld.

„Það verður allt brjálað á leikvanginum og við verðum að spila okkar besta leik til þess að ná úrslitum þar sem Fenerbahçe er með mjög sterka leikmenn innanborðs. Það kemur mér alls ekki á óvart að tyrkneska liðið sé komið þetta langt í keppninni,“ sagði Anelka. - óþ





www.renault.is www.atvinnubilar.is

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L ATVINNUBÍLAR
GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS

RENAULT




BANDARÍKIN, BRASILÍA, KÝPUR, GRIKKLAND, ÍSLAND, ÍTALÍA, KARABÍSKAHAFIÐ, MAROKKÓ, PORTÚGAL, SLÓVAKÍA, SPÁNN, TÆLAND, TYRKLAND OFL.

Sýningin fer fram laugardaginn 12. og sunnudaginn 13. apríl í Vetrargarðinum í Smáralind.
Opið frá klukkan 11:00 til 18:00. Aðgangur ókeypis.



> **America Ferrera**

America Ferrera hefur verið mikið á milli tannanna á fólki vegna líkamsþyngdar sinnar en segist þó reyna að láta það sem minnst á sig fá. Hún segist frekar vilja halda heilsunni en að fá hlutverk í kvikmynd en vera óeðlilega grönn. Hún leikur í hinni vinsælu þáttaröð Ugly Betty sem er sýnd í Sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVINSSON UM SÁPUR Á MORGNANA OG KVÖLDIN

## *Upphafleg útgáfa af ófríðu systurinni Betty*

Þennan morgun hefjast sýningar á Stöð 2 af upphaflegu seríunni mexíkósku La Fea Más Bella sem varð að umskiptingnum ameríska, Ugly Betty. Sem er reyndar á dagskrá RÚV í kvöld. Því geta áhugasamir um þessa merkilegu seríu um kubbslegu aðstoðarkonuna með spangirnar glaðst, stillt tækin og teipað – gætu jafnvel lært einfalda spænsku í leiðinni.

Sápur eru merkilegt fyrirbæri. Fólk verður háð þeim. Á stærri svæðum eru þær grunnurinn í morgun- og eftirmiðdagsáhorfi og sækja áhorfendur í alla aldurshópa, unga sem aldna. Upphafið er blaðaframhaldssögurnar á nítjándu öldinni enda eru í þessum framhaldssögum nútímans flest brögð gamalkunn og margnotuð, þótt ýmis sígild brögð eins og gamalt skjal eða bréf sem finnst og breytir atburðarásinni verði nú á tímum að taka á sig nýtt líki SMS-skilaboða og tölvupósts. Nema tekið verði tillit til þess að þess háttar skilaboð eru of hversdagsleg ungum neytendum.

Sápusjúklingar hverfa inn í söguna, sem aðvífandi og ókunnugum er gjarnan erfið við fyrstu kynni. Ekki er möguleiki að átta sig á hinum miklu flækjum í Bold and the Beautiful sem enn lullar áfram á Stöð 2. Raunar má sjá sterk sápueinkenni í nýbyrjaðri seríu á RÚV: Dirty Sexy Money.

Gullmoli kvöldsins á sjónvarpsrásunum er upptaka með Ennio gamla Morricone þar sem hann stjórnar þýskri hljómsveit sem flytur helstu tónsmíðar hans fyrir kvikmyndir. Hún er á RÚV og byrjar á eftir Kiljunni, rétt upp úr 11.



HIN ÓFRÍÐA SYSTIR HÁRGREIÐSLUKONUNNAR, BETTY.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.30** Arsenal-Liverpool STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.05** The Weather Man STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Less Than Perfect SKJÁREINN



▶ **21.50** Nip/Tuck STÖÐ 2



▶ **23.10** Morricone stjórnar Morricone SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum**
**17.55 Alda og Bára**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Nýi skólinn keisarans**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
**20.55 Gatan** (2:6) (The Street II) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi. Fyrri syrpan úr þessum flokki hlaut bæði BAFTA- og alþjóðlegu Emmy-verðlaunin.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.
▶**23.10 Morricone stjórnar Morricone** Upptaka frá tónleikum í München í október 2004 þar sem Útvarpshljómsveitin í Berlín lék kvikmyndatónlist eftir Ennio Morricone undir stjórn tónskáldsins.
**00.50 Kastljós**
**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Weather Man**
**08.00 How to Kill Your Neighbor´s Dog**
**10.00 2001. A Space Travesty**
**12.00 De-Lovely**
**14.05 How to Kill Your Neighbor´s Dog**
**16.00 2001. A Space Travesty**
**18.00 De-Lovely**
▶**20.05 The Weather Man** Nicholas Cage fer á kostum í þessari gamansömu kvikmynd um metnaðarfullan veðurfræðing.
**22.00 Ice Harvest**
**00.00 Layer Cake**
**02.00 The Woodsman**
**04.00 Ice Harvest**

## STÖÐ 2

**07.00 Camp Lazlo**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.00 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Extreme Makeover. Home Edition** (8:32)
**11.15 60 minutes** (60 mínútur)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Sisters** (8:24)
**13.55 Phenomenon** (1:5)
**14.40 Tískulöggurnar** (6:6)
**15.30 ´Til Death** (19:22)
**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
**16.18 Batman**
**16.43 Könnuðurinn Dóra**
**17.08 Refurinn Pablo**
**17.18 Tracey McBean**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours** (Nágrannar)
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (10:24) (Vinir)
**20.20 Gossip Girl** (13:13)
**21.05 Medium** (2:16) (Miðillinn)
▶**21.50 Nip/Tuck** (11:14) Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem bíða þeirra ný andlit og ný vandamál.
**22.35 Oprah** (Adult Children Of Divorce Confront Their Parents)
**23.20 Grey´s Anatomy** (12:36)
**00.05 Kompás**
**00.40 Rome** (1:12)
**01.30 Rome** (2:12)
**02.20 Edge of Madness**
**03.55 Medium** (2:16)
**04.40 Gossip Girl (13:13)**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu** (Roma - Man. Utd.)
**08.40 Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu** (Schalke - Barcelona)
**13.05 Gillette World Sport**
**13.35 Spænsku mörkin**
**14.20 Meistaradeild Evrópu** (Roma - Man. Utd.)
**16.00 Meistaramörk**
**16.20 Meistaradeild Evrópu** (Schalke - Barcelona)
**18.00 Meistaradeildin** (Upphitun)
▶**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Arsenal - Liverpool) Bein útsending frá leik Arsenal og Liverpool í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Chelsea - Fenerbache
**20.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk) Sparkspekingar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni.
**21.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Chelsea og Fenerbache í Meistaradeild Evrópu.
**22.50 Inside Sport**
**23.15 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Arsenal og Liverpool í Meistaradeild Evrópu.
**00.55 Meistaradeildin** (Meistaramörk)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Birmingham - Man. City**
**18.30 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola-mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.30 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.30 4 4 2** Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, sem saman skoða allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
**21.50 Leikur vikunnar**
**23.30 Tottenham - Newcastle**

## SKJÁREINN

**07.00 Skólahreysti** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 All of Us**
**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 Skólahreysti** (e)
▶**20.10 Less Than Perfect** (3:13) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem sjálfselskukóngar og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Hún er orðin vön að fást við snobbaða samstarfsmenn sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við hana.
**20.30 Fyrstu skrefin** (9:12) Að þessu sinni er fjallað um heyrnarleysi. Hvernig er að alast upp hjá heyrnarlausu foreldri? Rætt er við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing og fjallað um talkennslu. Einnig verður fjallað um börn og myndlist. Börnum á Tjarnarborg er fylgt á myndlistarsýningu í Nýlistasafninu. Þá er íslenskuskólinn í París heimsóttur.
**21.00 America's Next Top Model** (6:13) Tyra kemur stúlkunum á óvart og kennir þeim ýmis brögð úr bransanum. Ein stúlkan fær tækifæri til að vinna með ljósmyndaranum Nigel Barker í nektarmyndatöku. Dramatíkin magnast í húsinu þegar ein stúlkan veit ekki hvernig hún á að slökkva á vekjaraklukkunni sinni.
**21.50 Lipstick Jungle - NÝTT** Glæný þáttaröð sem byggð er á metsölubók eftir Candace Bushnell, höfund Sex and the City.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 Boston Legal** (e)
**00.15 Life** (e)
**01.05 C.S.I.**
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Íþróttafréttakona/maður óskast

Stöð 2 Sport óskar eftir íþróttafréttamanni í sumarafleysingar. Í starfinu felast m.a. lýsingar á kappleikjum og vinna við almennar íþróttafréttir.

Umsækjandi þarf
- að hafa góða þekkingu og brennandi áhuga á íþróttum
- að hafa gott vald á íslensku og örugga framkomu
- að vera fær í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Reynsla af fréttamennsku er æskileg.

Sótt er um á vef 365 miðla - www.365midlar.is/Um-365/Storf-hja-365. Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.

2 | 2 SPORT | BYLGJAN 989 | FRÉTTABLAÐIÐ | VÍSIR.IS | 365

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### Medium



Allison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel. Það er sem fyrr leikkonan Patricia Arquette sem fer með hlutverk Dubois en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna 2006, 2007 og 2008 fyrir frammistöðu sína.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Lipstick Jungle

### Skjár einn kl. 21.50

Frá höfundi Sex and the City kemur jafnvel enn sprækari þáttaröð. Aðalsöguhetjurnar eru þrjár valdamiklar vinkonur í New York sem gengur allt í haginn í hinum harða viðskiptaheimi. Þetta er bráðskemmtileg þáttaröð um nútímakonur sem ganga saman í gegnum súrt og sætt í glamúrlífinu í New York.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Turgenjev og sögur hans
**23.00** Gárur

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoak**
**17.00 Special Unit 2** (15:19)
**17.45 X-Files** (17:24)
**18.30 The War at Home**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Special Unit 2** (15:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**20.45 X-Files** (17:24)
**21.30 The War at Home**
**22.00 Hell´s Kitchen** (2:11) Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa.
**22.45 Shark** (4:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á hressilegt spjall um konur á hreinskilnislegum nótum.
**21.00 Mörður** Umsjónarmaður er Mörður Árnason. Bergur Sigurðsson framkvæmdastjóri Landverndar ræðir um náttúruvernd.
**21.30 Hvernig er heilsan?** Guðjón Bergmann ræðir við gest sinn um heilsu, heilbrigði og lífsviðhorf.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**7.55** Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Frilandshagen **10.40** Brennpunkt **11.30** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **12.00** Jan i naturen **12.15** Presidenten **13.00** Utfordringen **13.30** Fra 7-ende til 8-ende **14.05** H2O **14.30** Fabrikken **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Skispor fra fortiden **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Dyrestien 64 **16.25** Todds verden **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Antarktis - en eventyrlig reise **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.50** The Wire **22.45** Viten om **23.15** Kulturnytt **23.25** Du skal høre mye jukeboks **1.00** Dansefot jukeboks

## NRK 1

**10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Trolden kommer **11.50** Ha' det godt **12.20** Med andre øjne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **14.30** Pucca **14.35** Svampebob Firkant **15.00** AMIGO **15.30** Shanes verden **15.55** Tjulahop - Silas **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Diagnose søges **18.30** Og det var Danmark.. **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Seinfeld **22.15** Godt arbejde **22.45** Kom igen - der er mere at lære

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Så ska det låta **11.35** Plats på toppen **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Naturnollorna **15.30** Krokodill **16.00** Lilla prinsessan **16.10** Röda öron **16.30** Hjärnkontoret **16.55** Tyst dumsnut och kyss mig! **17.00** Rebellen **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Barnmorskorna **19.30** Morgonsoffan **20.00** The Tudors **20.50** Om kärlek **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Häxdansen **22.10** Tillsammans med dig




## GAMLA MYNDIN



*„Ég hef verið í takt við tísku þessa tíma, með þessa barta. Væntanlega sit ég þarna í forstjórastól hjá Sölu varnarliðseigna.“*

Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi borgarfulltrúi.

Myndin er tekin í janúar 1978.

# Landhelgisgæslan í stóru hlutverki í Brim

Varðskipið Týr og TF-Líf, þyrla Landhelgisgæslunnar, léku stórt hlutverk í tökum kvikmyndarinnar Brim sem fram fóru rétt fyrir utan Reykjavíkurhöfn í gærmorgun. Auk varðskipsins og þyrlunnar var tökuliðið um borð í annarri þyrlu sem sveimaði yfir öllu.

Tökur á Brim hafa nú staðið yfir í níu daga og bjóst Árni Ólafur Ásgeirsson leikstjóri við að tuttugu dagar væru til viðbótar. Gærdagurinn væri þó án nokkurs vafa stærsti dagurinn í tökuferlinu enda lokaatriði kvikmyndarinnar. „Ég vil ekkert gefa of mikið upp en fólk ætti að vera fært um að geta í eyðurnar,“ segir hann.

Óhætt er hægt að segja að aðstandendur kvikmyndarinnar leggi sig alla fram við að fanga þvottekta andrúmsloft hjá hetjum hafsins. Mikið efni hefur verið tekið úti á hafi og þurfti tökuliðið meðal annars að glíma við fimm metra ölduhæð. Sem leiddi af sér sjóveiki og önnur óþægindi hjá mörgum um borð. „Að stíga ölduna eitt og sér er full vinna; að taka síðan upp kvikmynd í ofanálag er annað og það er eiginlega merkilegt hvað okkur hefur gengið vel,“ segir Árni en hann hefur notið leiðsagnar Indriða Björnssonar skipstjóra og fleiri manna. „Við lærum eitthvað nýtt í hverri viku og hvert gullkornið hefur hrotið af vörum þeirra.“ Nánar verður fjallað um tökur á Brim í Fréttablaðinu á morgun.

- fgg



**Í STJÓRNKLEFANUM** Magni Ágústsson tökumaður, og Árni Ólafur, leikstjóri Brim, gefa skipanir í gegnum talstöðvar um borð í þyrlu.



**LÁRÉTT**
**2.** flagg **6.** klaki **8.** laug **9.** metaskál **11.** tveir eins **12.** graftrarbólga **14.** rými **16.** ætíð **17.** gagn **18.** hrópa **20.** ekki heldur **21.** svall.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ávöxtur **3.** í röð **4.** þarfsemd **5.** svelg **7.** dragpípa **10.** hlaup **13.** þjófnaður **15.** bakhluti **16.** haf **19.** járnstein.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fáni, **6.** ís, **8.** bað, **9.** vog, **11.** uu, **12.** ígerð, **14.** pláss, **16.** sí, **17.** nyt, **18.** æpa, **20.** né, **21.** rall.
**LÓÐRÉTT: 1.** kíví, **3.** áb, **4.** nauðsyn, **5.** iðu, **7.** sogpípa, **10.** gel, **13.** rán, **15.** stél, **16.** sær, **19.** al.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

### ÞÓRHALLUR GUNNARSSON: SAMSÆRISKENNINGIN ER TÓM ÞVÆLA

# Sigurreifir verkfræðinemar telja lítið gert úr sigri sínum

„Ég skil vel að þeir séu skúffaðir í HÍ. Að við skyldum koma þarna í heimsókn og rassskella þá,“ segir Kristján Finnur Sæmundsson, nemandi hjá Háskóla Reykjavíkur.

Nýverið fór fram hin árlega hönnunarkeppni verkfræðinema við Háskóla Íslands en það var lið frá HR sem kom, sá og sigraði. Samkvæmt reglum verður í það minnsta einn liðsmanna að vera skráður í HÍ en þeir hjá HR áttu ráð við því.

„Kærastan mín var skráð fyrir liðinu en hún er í félagsráðgjöf hjá HÍ. Við gerðum þetta mjög augljóst með því að skíra liðið Dóra og aðstoðarmennirnir,“ segir Kristján Finnur en ásamt honum voru í liðinu þeir: Stefán Þór Bjarnason, Kristján Arnþór Grétarsson, Valdimar Ómarsson og Hjörtur Már Gestsson.

Rík hefð er fyrir því að keppnin sé sýnd hjá RÚV og er þetta í 16. skipti sem það stendur til. Þátturinn er jafnan, með undantekningartilvikum, á dagskrá að vori samkvæmt óskum Háskóla Íslands ef vera má að hann laði að nema við verkfræðideildina. Nú telja HR-ingar sig hafa fyrir því heimildir að sýningu þáttarins verði frestað til hausts og segja samsæriskenningasmiðir það vera til að vekja síður athygli á ágæti tækninnáms HR. Jóhann Hlíðar Harðarson markaðsstjóri HR segist vissulega hafa heyrt af þessu án þess að hann hafi nokkuð fyrir sér. „En mér þætti forvitnilegt að vita af hverju er búið að fresta sýningu þáttarins. En því verða þeir hjá RÚV og HÍ að svara. Mér kemur reyndar á óvart að HÍ hafi eitthvað um það að segja hvenær þátturinn er sýndur,“ segir Jóhann Hlíðar.

Umsjá með þættinum hefur Sigurður H. Richter og hann hefur ekki heyrt af frestun: „Þetta eru fréttir fyrir mig. Við erum að klippa þáttinn núna,“ segir Sigurður og þátturinn hefur verið á dagskrá frá árinu 1994. Fyrsta keppnin var haldin 1993. Í langflestum tilvikum hefur verið sýnt frá keppninni að vori, „ég held að HÍ vilji sýna hann þá skömmu áður en nemendur innritast,“ utan í fyrra en þá voru kosningar til að draga vinnslu þáttarins. „Hræddur er ég um að þessi samsæriskenning sé langsótt,“ segir Sigurður og kímir. En ætlar að spyrjast fyrir um málið. Fréttablaðið heyrði einnig í sjálfum dagskrárstjóranum til að kanna þetta dularfulla mál og Þórhallur Gunnarsson var afdráttarlaus að vanda:

„Alltaf gaman að góðum samsæriskenningum en oftast standast þær ekki. Og þessi er tóm þvæla.“ Þórhallur segir þáttinn einfaldlega ekki tilbúinn, sjálfur eigi hann eftir að sjá þáttinn og svo mun hann taka afstöðu til þess hvar þættinum verður fundinn staður í dagskrá.

jakob@frettabladid.is



**HARÐSNÚIÐ LIÐ HR-INGA** Sá orðrómur er uppi að sýningu þáttar frá keppninni hafi verið frestað til að hlífa Háskóla Íslands. Kristján stendur við borðsendann.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hinn fágaði og vinsæli útvarpsmaður, **Heiðar Austmann**, lenti í óskemmtilegri lífsreynslu á dögunum. Hann var á heimleið eftir velheppnað frí á Kanaríeyjum. En þegar flugvélin átti að hefja sig til flugs vantaði tvo farþega. Reynt var að kalla þá upp en allt kom fyrir ekki. Og þegar loks átti að koma töskum þeirra úr farangursrýminu gáfu dauðadrukkin eldri hjón sig fram. Þau voru til almennra leiðinda og var ógeðsleg af þeim „áfengisfýlan“. Karlinn hafði, að sögn Heiðars, vit á því að láta lítið fyrir sér fara en hins vegar vildi „hundleiðinleg kerlingarálkan“ ekki hætta sínu djammi og angraði flugfreyjur og farþega á heimleið. Þannig að vafasamri framgöngu Íslendinga í sólarlandareisum sínum er ekki lokið.

Bílflautur eru í mismunandi tóntegundum, þótt algengast sé að flautað sé í fís. Þegar ýmsar tóntegundir renna saman í langvarandi baul, eins og gerðist við mótmæli bílstjóra í gær, verður til hræðilegur hávaði sem fer sínu verst í lagvisst og listrænt fólk. Því var engin furða að **Egill Helgason** hlypi í lyfjaskápinn og næði í íbúfen-glas, eins og lesa mátti um á bloggi hans í gær, enda er hann mikill músíkáhugamaður eins og oft má lesa um á sama bloggi.



-jbg/glh





## Starfsmaður með meirapróf

Múrbúðin er ört vaxandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á hágæða múrvörum málningu og byggingavörum.

Múrbúðin óskar að ráða meiraprófsbílstjóra í sumar til afleysinga.

Umsóknir sendist á tölvupóstfangið baldur@murbudin.is

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

# Þjóðþekkt fólk auglýsir vatn

Einar Bárðarson, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, Bjarni Ármannsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson eru meðal þeirra íslensku stjarna sem koma fram í nýrri auglýsingaherferð Unicef. Snýst hún um að vekja fólk til meðvitundar um hversu heppin íslenska þjóðin er með hreina vatnið. Íslenska auglýsingastofan hefur veg og vanda af gerð auglýsingarinnar en það er Styrmir Sigurðsson sem leikstýrir henni.

Að sögn Flóka Guðmundssonar hjá Unicef hefst svokölluð vatnsvika á föstudag en hún er samstarfsverkefni Unicef og Orkuveitu Reykjavíkur. „Fjórtán veitingastaðir á höfuðborginni og einn staður úti á landi ætla að bjóða gestum sínum að kaupa kranavatnið með matnum, sem hingað til hefur verið ókeypis, gegn vægu verði,“ segir Flóki, en peningurinn mun renna til þeirra barna sem eiga hvað erfiðast með að komast yfir heilsusamlegt vatn. Að sögn Flóka er talið að yfir sex þúsund börn deyi daglega vegna skorts á hreinu vatni.

Verkefnið verður formlega kynnt á morgun og segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi, að samfara því verði hleypt af stokkunum heimasíðu, vatnsvika.is, þar sem áhugasamir geti kynnt sér allt um verkefnið og látið sitt af hendi rakna.

- fgg



**SAMAN Í AUGLÝSINGU** Þau Þorvaldur Bjarni, Bjarni Ármannsson og Ilmur Kristjánsdóttir koma fram í nýrri auglýsingu Unicef.



# Komdu og upplifðu veröld hvíldar



Fermingartilboð
**Chiro Standard**
120 x 200 cm
82.900 kr.
*Dýna, leðurklæddur botn og lappir*



Rúmumgjörð
**Super Z TM-Line**
180 x 200 cm
152.800 kr.
*Gafl og rammi í svörtum ask*



Stillanlegt rúm
**Gravity Zero PT**
2 x 90 x 200 cm
693.910 kr.
*Aukahlutir á mynd: náttborð og heilsukoddar*



Svefnsófatilboð
**Senseo - svefnsófi**
Dýna: 140 x 200 cm
179.900 kr.
*Mikið úrval*

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## *Æðst allra dyggða*

Nú hafa stórkaupmenn sent út kaldrifjaða orðsendingu um hroðalegar verðhækkanir sem augsjáanlega koma okkur illa. Margir munu bíta á jaxlinn og aðlagast eins og áður en ekki allir hafa svigrúm til þess. Í þessu spili erum við eins og átthagabundnir leiguliðar í þjónustu óðalsbónda sem ákveður álögurnar eftir eigin hentugleikum. Tortryggni stéttaskiptingarinnar er svo auðvakin að umsvifalaust fara af stað sögur um gráðuga kaupmenn sem nýta sér ástandið til að hækka verð umfram þörf. Ekki hvarflar samt að galeiðuþrælunum að leggja árar í bát, til þess erum við of tamin.

**FYRIR** rúmum tveimur áratugum stóð þjóðin líka frammi fyrir ógnvekjandi verðbólgubylgju. Þá var einmitt fundin upp þjóðarsáttin sem reyndist haldgott verkfæri í ölduganginum og greidd með kjaraskerðingum launafólks sem var mjög handhægt. Þessarar gömlu þjóðarsáttar er samt minnst með nokkurri hlýju því hún var yfirlýst, hafði göfugt markmið og bar bæði fallegt nafn og árangur. Nú væri upplagt að blása til nýrrar þjóðarsáttar. Að þessu sinni yrði hún í boði banka og fjármálastofnana, olíufélaga, niðurgreiddrar matvælaframleiðslu ríkisins og stórkaupmanna sem tækju á sig kjaraskerðingu í nafni réttlætisins. Einmitt.

**EF** til vill höfum við alþýðan haft samviskubit í laumi yfir aukinni velsæld undanfarinna ára, okkur finnst við ekki alveg hafa átt þetta skilið. Einhvern veginn trúðum við alltaf innst inni að gæðin yrðu frá okkur tekin fyrir rest. Alveg eins og við vissum alveg að lækkun matarskattsins yrði hirt. Kannski var uppreisnareðli forfeðranna barið niður í móðuharðindunum því síðan þá höfum við í mesta lagi kunnað að tuða. Engum dettur í hug að fjölmenna niður á torg með kröfuspjöld, hertaka útvarpsstöðvarnar og brenna íslenska fánann fyrir framan stjórnarráðið.

**EN** hey, eitt getum við gert! Rifjað upp vannýtta auðlind, hófsemina sem er æðst allra dyggða. Getum búið til nýtt trend sem felst í því að skera niður efnislegan óþarfa; upplifað unað skortsins og velt okkur upp úr rómantíkinni. Með samtakamætti gætum við sjálf skapað nýja þjóðarsátt án lögboða frá yfirvaldi. Það er stundum gott að láta sig vanta. Einkum ef það er að eigin vali.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 2. apríl, 93. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.41 | 13.31 | 20.23 |
| Akureyri | 6.22 | 13.16 | 20.12 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




## Upplifðu Avensis í dag

Það getur verið erfitt að einbeita sér að hversdagslegum hlutum þegar maður hefur kynnst **Avensis**. Hugurinn er alltaf fullur af tilhlökkun fyrir næstu ökuferð. Þetta er skemmtilegt vandamál. Ennþá skemmtilegra er að njóta reynslunnar og upplifa útlit bílsins, auk allra þeirra þæginda sem einkenna **Avensis** meira en nokkru sinni fyrr.

**Avensis** verður ekki lýst með orðum.
Komdu og reynsluaktu **Avensis** í dag.

Ps. Ekki gleyma að þú komst á öðrum bíl í reynsluaksturinn.

Verð frá 3.345.000 kr.*

*Verð miðast við Avensis Wagon Sol - 5 dyra.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |